

Ráðstefna

um mótun framtíðarstefnu

í vímuefnavörnum

29. – 30. nóvember 1991

undir heitinu



*Rit heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins
nr. 5/1992*

Efnisyfirlit

Aðfararorð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, Sighvats Björgvinssonar	3
Framsöguerindi og fyrirlestrar	4 - 24
Setning formanns undirbúningsnefndar, Ingimars Sigurðssonar	4
Ávarp ráðstefnustjóra, Guðrúnar Agnarsdóttur, læknis	4
Erindi heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra	5
Ávarp Ástþórs Jóhannssonar frá auglýsingastofunni Góðu fólki	7
Erindi Ara Edwald, aðstoðarmanns dómsmálaráðherra	8
Erindi Ólafs Hauks Árnasonar, áfengisvarnaráðunauts	10
Erindi Hermanns Guðmundssonar, lögfræðings hjá Ríkistollstjóraembættinu	13
Erindi Böðvars Bragasonar, lögreglustjóra í Reykjavík	15
Erindi Guðrúnar Ernu Hreiðarsdóttur, lögfræðings Barnaverndarráðs	17
Erindi dr. med. Tómasar Helgasonar, prófessors og yfirlæknis	19
Erindi dr. med. Óttars Guðmundssonar	21
Erindi Guðbjörns Björnssonar, læknis	23
Pallborðsumræður	25 - 30
Ávarp Árna Gunnarssonar, pallborðsstjóra	25
Niðurstöður hópa og umræður	31 - 41
Hópur 1	
Skípulag áfengis- og vímuefnavarna, framsögumaður Rannveig Guðmundsdóttir	31
Hópur 2	
Fræðsla um áfengi og vímuefnamál, framsögumaður Gylfi Pálsson	33
Hópur 3	
Meðferðarstofnanir, framsögumaður Óttar Guðmundsson	35
Hópur 4	
Sala, dreifing, einkasala, frjáls verslun, framsögumaður Pétur Heimisson	37
Hópur 5 og 8	
Innflutningur og dreifing, framkvæmd löggæslu og tollgæslu, framsögum. Ómar Smári Ármannsson..	38
Hópur 6	
Hlutverk félagsmálanefnda, framsögumaður Ólöf Thorarensen	40
Hópur 7	
Hlutverk fjölmiðla, framsögumaður Lára Halla Macck	41
Umræður um frumvarpið og niðurstöður hópa	42 - 50
Samantekt og niðurstöður	48 - 50
Sighvatur Björgvinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra	48
Ingimar Sigurðsson, formaður undirbúningsnefndar	49
Kristinn T. Haraldsson	50
Guðrún Agnarsdóttir	50
Ráðstefnuslit	50
Sighvatur Björgvinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra	51 - 73
Fylgiskjöl:	51
1. Dagskrá ráðstefnunnar	53
2. Undirbúningsnefnd, framsögumenn, hópstjórar, ráðstefnustjóri	54
3. Listi yfir þátttakendur	56
4. Frumvarp til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir (drög frá nóv. 1991)	60 - 73
5. Glætur í tengslum við fyrirlestra:	60 - 66
a) Fyrirlestur Ara Edwald	67 - 73
b) Fyrirlestur Tómasar Helgasonar	

Ritstjórn:
Ingimar Sigurðsson
Hrafn Pálsson
Kristinn T. Haraldsson
Hjalti Zóphóníasson

Umsjón með uppsetningu, prentun og frágangi: Leturval
Prentun og bókbönd: G. Ben. prentstofa hf.

Útgefandi:
Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
September 1992

Aðfararorð heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra

Á ráðstefnu um vímuefnavarnir, undir kjörorðinu „Verum vakandi“, sem haldin var 29. og 30. nóvember s.l., lét ég þess getið í lokaorðum mínum, að ræður málshefjenda, niðurstöður hópa, umræður og annað efni sem fram kom á ráðstefnunni yrði birt í sérstöku riti, ásamt frumvarpi til nýrra laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir, eins og frá því frumvarpi yrði gengið á vegum stjórnskipaðrar nefndar. Í riti heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, sem hér birtist, hefur þessum upplýsingum verið safnað saman en þeir Ingimar Sigurðsson, Hrafn Pálsson, Kristinn T. Haraldsson og Hjalti Zóphóniasson, sem allir áttu sæti í undirbúningsnefnd ráðstefnunnar, hafa annast ritstjórn þess en Leturval setningu og útlit, og umsjón með prentun og frágangi. Kann ég þeim bestu þakkir fyrir velunnin störf.

Í upphafi var ætlunin að prenta ritið í 200-300 eintökum til þess að afhenda þeim aðilum, sem sóttu ráðstefnuna, en fljótlega kom fram mikill áhugi á því að hafa upplagið stærra, þar sem um er að ræða mikinn og samþjappaðan fróðleik, sem varðar alla landsmenn. Var því ákveðið að gefa ritið út í 2500 eintökum og dreifa því þannig að það kæmi sem mest fyrir sjónir almennings svo sem á heilbrigðisstofnunum og í skólum.

Allt sem fram fór á ráðstefnunni var tekið upp á segulband og hefur ritstjórn unnið út frá þeim upptökum. Ritstjórninni var hins vegar vandi á höndum þar sem nokkrir málshefjendur studdu mál sitt glærum og varð að ráði að skírskota sérstaklega til þeirra og birta sem fylgiskjöl. Jafnan fylgja því erfiðleikar að draga saman efni af segulbandsspólum svo öllum líki og eru hlutaðeigendur beðnir velvirðingar á því, sem hugsanlega kann að hafa farið úrskaiðis. Að fenginni reynslu var talið óráðlegt að óska eftir framsöguerindum eftir á, þar sem þá vill oft verða um annan texta að ræða, en þann sem fluttur var.

Ráðstefna um vímuefnavarnir hafði að megin markmiði að fjalla um drög að frumvarpi til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir. Er því nauðsynlegt að rit þetta taki mið af frumvarpinu og er frumvarpið eins og það lá fyrir í nóvember birt hér sem fylgiskjal enda er víða vísað til þess bæði í framsöguerindum og ekki síður í niðurstöðum hópa og í umræðum. Allir þeir sem sóttu ráðstefnuna fá til viðbótar frumvarpið eins og nefndin gekk frá því og það var lagt fyrir Alþingi síðastliðið vor til kynningar ásamt fylgiskjöllum. Frumvarpið verður lagt fram að nýju á haustþingi og er það von mín að Alþingi taki afstöðu til þess á því löggjafarþingi. Mikilvægur þáttur í málinu er útgáfa þessa rits og að almenningur kynni sér sem best efni þess og fylgiskjala.

September 1992,

Sighvatur Björgvinsson,
heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.

Ráðstefna um mótun framtíðar- stefnu í vímuefna- vörnum

Forseti Íslands, biskup Íslands, heilbrigðisráðherra, góðir ráðstefnugestir.

Ég vil fyrir hönd undirbúningsnefndarinnar bjóða ykkur velkomin til þessarar ráðstefnu um mótun framtíðarstefnu í vímuefnavörnum, en um er að ræða fyrstu ráðstefnu, sem haldin er hér á landi, þar sem saman eru komnir flestir sem með einum eða öðrum hætti sinna áfengis- og vímuefnavörnum. Að sönnu hafa margar ráðstefnur verið haldnar um þessi vandamál en engin þar sem stefnt hefur verið saman öllum þessum aðilum.

Tilgangur ráðstefnunnar er að ræða stefnu- mótun í áfengisvörnum og vímu- vörnum í tengslum við drög að frum- varpi sem hér liggja frammi. Ætlunin er að gefa ráðstefnugestum tækifæri til þess að hafa áhrif á þá stefnu, sem mótuð verður í endanlegu frumvarpi og er á þann hátt um tímamótaráð- stefnu að ræða. Frumvarpsdrögin eru samin af stjórnskipaðri nefnd, sem starfað hefur að þessu verkefni í hálf tannað ár. Frumvarpið tekur til allra þeirra atriða er varða áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir og undir starfsemi heilbrigðisyfirvalda falla, ásamt nokkrum öðrum atriðum, sem nefndin telur nauðsynlegt að tekið verði á í frumvarpinu.

Ég sé ekki ástæðu til þess að fjalla um einstaka þætti frumvarpsins, enda mun ráðherra fara yfir þá hér á eftir. Ég vil hins vegar geta þess að á vegum nefndarinnar hafa drög að frumvarpi verið send tilteknum aðil- um til umsagnar.


Um 80% þeirra sendu athuga- semdir, sem nefndin hefur unnið úr og reynt að taka tillit til við gerð þeirra draga sem hér liggja frammi. Það var ekki síst þessi mikli áhugi sem færði okkur heim sanninn um nauðsyn þess að halda ráðstefnu um frumvarpið áður en endanleg ákvörðun yrði tekin um gerð þess, m.a. með það að leiðarljósi að fá breið- an stuðning við frumvarpið. Það er ósk okkar að á ráðstefnunni fari fram málefnaleg um- ræða um efnisatriði frumvarpsins og að okk- ur berist gagnlegar ábendingar, sem síðan verður unnið úr.

Þó margt megi segja um það mál sem hér er til umræðu er ljóst að það sem fyrst og fremst þarf að stefna að í framtíðinni er að vekja þjóðarmeðvitund, eða hafa áhrif á við- horf almennings til neyslu áfengis og annarra vímuefna. Í þessu felst að ekki verði litið á áfengi sem venjulega neyslu, hvað þá nauð- synjavöru, og að reynt verði eftir fremsta megni að útrýma öðrum vímuefnum.

Það hefur sýnt sig að hægt er að móta lífs- stíl, sem stuðlar að aukinni heilbrigði, og vísa ég þar sérstaklega til tóbaksvarnalaga, sem sett voru á árinu 1984, en árangur Íslendinga

Um leið og ég býð ykkur velkomin vona ég að skoðanaskipti og umræður á þessari ráðstefnu stuðli að farsælli stefnumótun, og ekki síður, árangursríkum aðgerðum í þeim brynu málum sem hér eru til umfjöllunar. Staðreyndin er sú, að í streitumfélögum nú- tímans eru þeir æ fleiri sem sækja sér huggun í alls kyns vímuefna, sjálfum sér og öðrum til tjóns.

Okkur er því nauðsyn að reyna að skilja rætur og eðli þess vanda sem við er að glíma, svo að við getum ratað á áhrifaríkar leiðir til þess að koma í veg fyrir hann og draga úr því



á því sviði hefur vakið heimsathygli.

Að þessum orðum mæltum set ég ráðstefnu- una og fel Guðrúnu Agnarsdóttur lækni, ráð- stefnustjórn.

Guðrún Agnarsdóttir


Virðulegi forseti, biskup Íslands, heilbrigðisráðherra, góðir fundargestir.

tjóni sem hann veldur. Það vona ég að okkur takist á þessari ráðstefnu.

Að svo mæltu vil ég gefa heilbrigðisráð- herra, Sighvati Björgvinssyni, orðið, en hann ætlar að kynna þau frumvarpsdrög sem hér liggja frammi um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir.

Sighvatur Björgvinsson

Ráðstefna sem markar tímamót



Virðulegi forseti Íslands, ágæti ráðstefnu-
stjóri, góðir ráðstefnugestir.

Neysla bæði löglegra og ólöglegra vímu-
efna er eitt mesta vandamál samtímans og þá
ekki síst í þróuðum ríkjum. Þessi neysla veldur
veikindum og slysum. Hún er undirrot af-
brota og ómældra mannlægra þjáninga. Augu
fólks eru að ljúkast upp fyrir þessum vanda í
sífelld vaxandi mæli. Hér er um að ræða fé-
lagslegt vandamál og heilbrigðisvandamál.
Hér er um að ræða vandamál sem fást verður
við í skólakerfinu. Þetta vandamál spannar
öll svið hins daglega lífs. En við höfum líka
séð að það er hægt að ná árangri í andstöð-
unni við vímuefnaneyslu og afleiðingar
hennar. Íslendingar hafa getið sér gott orð
fyrir það. Við sjáum árangurinn víða, sjáum
að við höfum náð árangri með gildandi lög-
um um tóbaksvarnir, svo að vakið hefur at-
hygli meðal annarra þjóða. Og við vitum að
við stöndum í fremstu röð þeirra sem eru að
berjast gegn vanda áfengisneyslunnar, vanda
óneyslu áfengis og okkur hefur tekist að ná
verulegum árangri þar og einnig í sambandi
við meðferð þeirra sjúklinga sem orðið hafa
neyslu annarra fíkniefna að bráð.

Það eru afskaplega margar aðilar í þjóðfé-
laginu sem vinna með þessi mál, stofnanir,
félög og einstaklingar. Eg hélt að ég þekkti
nokkuð vel til þeirra mála í mínu fyrra starfi,

sem formaður Fjárveitinganefndar, en eftir að
ég kom í Heilbrigðisráðuneytið hefur mér
satt að segja brugðið nokkuð við, þegar ég
hef gert mér ljóst, hversu margir vinna að
þessum málum. Það eru miklu fleiri að störf-
um í þessum málaflokki heldur en ég held að
fólk geri sér almennt grein fyrir.

Sú ráðstefna sem hér er haldin er tíma-
mótaráðstefna, því þetta er í fyrsta skipti sem
allir þessir aðilar eru tilkvaddir á einn stað.
Þetta er fyrsti sameiginlegi vettvangur allra
þeirra aðila, opinberra aðila, einkaaðila,
samtaða, einstaklinga og félaga, sem vinna
að áfengis- og vímuefnavörnum og meðferð
þeirra, sem hafa orðið þessum vágesti að
bráð. Það sýnir áhugann í samfélaginu fyrir
þessum málum, að hér eru nú staddir yfir
200 manns og af öllum þeim sem fengu boð
til þessarar ráðstefnu voru aðeins 4 sem ekki
gátu mætt og var þó boð sent víða um byggð-
ir landsins, þannig er hér síður en svo um
einhverja höfuðborgarráðstefnu að ræða,
heldur landsráðstefnu. Við þurfum að nýta
þetta tækifæri sem við fáum hér til þess að
ráða ráðum okkar og hlusta á sjónarmið
hvers annars og læra hvert af öðru og ganga
hédan út staðráðin í því að auka og efla það
samstarf sem þarf að vera á milli okkar sem
vinnum að þessum málum til þess að bestur
árangur náist.


Heilbrigðisráðuneytið vill líka nýta þetta
tækifæri til þess að kynna drög að nýju frum-
varpi um áfengisvarnir og aðrar vímuefna-
varnir áður en að endanleg ákvörðun er tek-
in um það í Heilbrigðisráðuneytinu hvernig
frá frumvarpinu verður gengið til framlagn-
ingar á Alþingi.

Þetta tækifæri viljum við nýta til þess að
allir þeir aðilar sem áhuga hafa á þessum
málum og hér eru staddir, geti fengið tæki-
færi til að fjalla um frumvarpið þannig að at-
hugasemdir komist til skila áður en endan-
lega er frá málinu gengið. Einnig þar höfum
við orðið varir við mikinn áhuga fólks, því ég
býst við að það sé dæmalaust sem hefur þó
gerst í sambandi við undirbúning frumvarps,
að 80% þeirra aðila sem beðnir voru um að
senda skriflegar umsagnir við frumvarpið
hafa svarað því.

Um frumvarpið er það að segja, að það er
í fullu samræmi við þær alþjóðlegu skuld-
bindingar sem við höfum undirgengist, s.s. á
vegum Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar
og í fullu samræmi við áætlanir um heil-
brigðismál sem Alþingi hefur samþykkt. Til-
gangur lagasetningar á þessu sviði á að vera
að draga úr neyslu áfengis og koma í veg fyrir
neyslu annarra vímuefna og þar með það
tjón sem slík neysla veldur heilsu manna,
fjölskyldulífi, samskiptum, eignum og at-
vinnu og til þess að hafa áhrif á
viðhorf almennings til neyslu
áfengis og annarra vímuefna,
ekki síst barna og unglinga.

Til þess að ná þessu markmiði,
er lagt til í frumvarpsdrögum eftir-
farandi:

1. Breyta stjórn áfengis- og vímuvarna, bæði á vegum ríkisvaldsins og í héraði.
2. Fortakslaust auglýsingabann á áfengi sem er eini löglegi vímu-
gjafinn.
3. Merkingar á umbúðir áfengis með hliðsjón af skaðsemi.
4. Ábyrgð hins opinbera hvað snertir fræðslu um skaðsemi vímuefnaneyslu í grunnskólum og framhaldsskólum.
5. Forvarnir og meðferð ölv-



aðra manna og íhlutun Félagsmálanefnda sveitarfélaga.

6. Meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga með hliðsjón af því að koma þeim á réttan kjöl.

7. Meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga til að móta stefnu í málaflokknum.

8. Að varið verði til áfengis- og vímuvarna tveimur hundraðshlutum af brúttósölu áfengis til þess að annast vímuvarnarstarf. Þannig er tillagan í rauninni sú að þeim mun meiri árangri sem menn geta náð, þeim mun minna fé þarf að verja til varnarstarfsins.

Það er tekið fram í greinargerð með frumvarpsdrögum, hver eru helstu efnisatriði þess að öðru leyti. Ég vildi gjarnan koma að nokkrum þeirra, sem vekja sérstaka athygli en þau eru:

Stefnuyfirlýsing um að lögum sé ætlað að draga úr neyslu áfengis og koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna. Hér er í fyrsta skipti á Íslandi tekið sérstaklega á öðrum vímuefnum en áfengi í löggjöf af þessu tagi.

Vandamál tengd áfengis- og vímuefnaneyslu eru skilgreind afdráttarlaust sem heilbrigðisvandamál.

Lagðar eru skyldur á félagsmálanefndir sveitarfélaganna að sinna áfengis- og vímuvörnum með skipulögðum hætti og aðstoða áfengis- og vímuefnasjúklinga og fjölskyldur þeirra. Er það í samræmi við nýsamþykkt lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Þá er í frumvarpsdrögum afdráttarlaust bann við áfengisauklýsingum, en nauðsynlegt er að lögfesta slíkt ákvæði. Þá eru ákvæði í frumvarpsdrögum um fræðslustarfsemi innan grunnskóla, í framhaldsskól-



Við þurfum að nýta þetta tækifæri sem við fáum hér til þess að ráða ráðum okkar, hlusta á sjónarmið hvers annars, læra hvert af öðru og ganga héðan út staðráðin í því að auka og efla það samstarf sem þarf að vera á milli okkar sem vinnum að þessum málum til þess að bestur árangur náist.

um og í sérskólum og lagt til að í Menntamálaráðuneytinu verði starfrækt sérstök námsstjórn í áfengis- og vímuefnavörnum. Áfengis- og vímuvarnaráð, í samvinnu við landlækni, standi fyrir almennum forvarna- og upplýsingastarfi.

Þá er lögð áhersla á, í samræmi við það að vandamál tengt neyslu þessara efna hefur verið skilgreint sem heilbrigðisvandamál, að hlutdeild heilsugæslustöðvanna í forvarnarstarfi sé ákveðin með lögum. Þá eru í lögum fjöldamörg nýmæli önnur, eins og ákvæði sem heimila að samið sé við meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga um að refsivist eða hluti hennar sé afplánaður á slíkum stofnunum.

Það eru í frumvarpsdrögum ákvæði þess efnis að reynt skuli að finna þau börn og unglinga sem eiga við vandamál að stríða vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna og koma þeim til hjálpar. Þá eru ákvæði um stuðning við aðstandendur þeirra sem ánetjast hafa áfengi og öðrum vímuefnum og ákvæði um fjármálalega ráðgjöf og aðstoð við þá einstaklinga sem orðið hafa sérstaklega illa úti.

Þetta eru mörg atriði í frumvarpinu sem heyrja til nýmæla og vakið hafa sérstaka athygli mína. Ef ég má strax í upphafi nota það tækifæri sem ég hef hér, til þess að koma ábendingu á framfæri, þá held ég að það væri rétt að frumvarpið hétu „Frumvarp um vímuefnavarnir“, en ekki frumvarp til laga um áfengis- og aðrar vímuefnavarnir, því áfengi er eitt vímuefnanna. Það hefur þá einu sérstöðu að það er eina „löglega“



vímuefnið á Íslandi. Að öðru leyti fellur það undir sama flokk og öll önnur vímuefni.

Það eru fjölmargir aðilar sem lagt hafa þessari ráðstefnu, sem markar tímamót í sögu áfengis- og vímuefnavarna á Íslandi, lið, og ég vil nota þetta tækifæri til þess að þakka þeim.

Í fyrsta lagi vil ég þakka forseta Íslands fyrir það í senn að heiðra okkur, sem hér erum og þá ráðstefnu sem hér er haldin og að lýsa stuðningi við það starf sem hér er lagður grundvöllur að með nærveru sinni við setningu þessarar ráðstefnu.


Í öðru lagi vil ég færa öllum viðstöddum þakki fyrir þann áhuga sem þeir hafa sýnt með því að koma hingað, sumir um langan veg til þess að taka þátt í því starfi sem hér á að fara fram. Ég vil einnig færa sérstakar þakki, bæði ráðstefnustjóranum okkar, riturum og þeim frummælendum sem hér munu tala og hópstjórum sem stjórna hér vinnu. En það er undirbúningsnefndin sem á mestar þakki skildar, því henni hefur tekist að halda þannig á málum að gera þessa ráðstefnu svo glæsilega sem raun ber vitni. Ég vil færa nefndinni þakki, en í henni eru: Ingimar Sigurðsson, Hrafn Pálsson, Kristinn J. Haraldsson, Hjalti Zóphóníasson og Bragi Guðbrandsson. Það eru margir aðrir sem lagt hafa okkur gott til og verið reiðubúnir til þess að veita okkur aðstoð og hjálpu. Það er sérstök ástæða til að nefna í því sambandi Samband íslenskra auglýsingastofa.

Auglýsingastofurnar höfðu óformlega samkeppni sín á milli um merki fyrir þessa ráðstefnu og það starf sem hér er verið að hrinda úr vör. Auglýsingastofan sem vann þessa óformlegu samkeppni gaf okkur merkið, þannig að við höfum ekkert þurft að greiða fyrir þá vinnu sem þessir aðilar lögðu fram, fyrst með óformlegri samkeppni og síðan við

**Það eru í frumvarps-
drögunum ákvæði þess
efnis að reynt skuli að finna
þau börn og unglinga sem
eiga við vandamál að stríða
vegna neyslu áfengis og
annarra vímuefna og koma
þeim til hjálpar.**

þá vinnu sem falist hefur í hönnun merkisins og þeim umbúnaði sem menn sjá hér.

Mig langar til þess að færa öllum þessum aðilum þakki og afhenda auglýsingastofunni sem vann hina óformlegu samkeppni, auglýsingastofunni „Gott fólk“, sérstaka viðurkenningu Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins, fyrir merkið, sem gefið hefur verið slagorðið „Verum vakandi“, og vil ég biðja fulltrúa auglýsingastofunnar að koma hingað og veita þessari viðurkenningu viðtöku.



Ástþór Jóhannsson frá auglýsingastofunni Góðu fólki:

Forvarnarstarf er ódyrasta leiðin þegar upp er staðið

Forseti Íslands, biskup Íslands, heilbrigðisráðherra, ágætu ráðstefnugestir.

Ég vil þakka þann heiður sem auglýsingastofunni Góðu fólki hefur hlotnast með því að hugmyndin „Verum vakandi“ var valin yfirskrift þessarar ráðstefnu.

Hugmyndin að baki þessum orðum felur í sér tvíþætta hvatningu, annars vegar gildi forvarnarstarfsins, að halda vöku sinni, vera stöðugt á vaktinni, og hins vegar að vera skýr í hugsun og athöfnum, vera vakandi. Eins og vel gerð bygging sem fólk tekur eftir og hrífst af, þarf kynningarherferð að byggjast á markvissri hugmynd settri fram á réttan hátt sem vekur eftirtekt og er líkleg til áhrifa. Í veröld óvissu, hraða og spennu þar sem einstaklingurinn er undir stöðugu áreiti, þarf vel skipulagt forvarnarstarf og áhrifaríka kynningu á þjóðfélagsmálum til að vekja fólk til umhugsunar. Forvarnarstarf er ódyrasta leiðin þegar upp er staðið. Sé það vel framsett minnka líkur á að vandamál skapist.

En leiðin getur orðið löng. Það tók tóbaksframléiðendur 70 ár að gera sigarettur vinsælar meðal almennings. Með réttum skilaboðum sem ná til fólks er von til að koma þeim út af markaðnum aftur á 15–20 árum. Eins er farið með önnur vandamál sem að okkur steðja.

Það getur verið erfitt að kveða þau niður, en með öflugum kynningarstarfi og réttum

áherslum má ná góðum árangri. En fyrst og fremst, verum vakandi!

Sighvatur Björgvinsson

Virðulegi forseti Íslands. Gamalt íslenskt máltæki hljómar eitthvað á þá lund að góður vilji enga gjörir stoð. Það fer nú eftir því hvernig á það er litið. Ég lít svo á að hin mikla þátttaka í þessari ráðstefnu sýni þann góða vilja fyrir þeim málstað sem við erum að berjast fyrir sem er meðal íslensku þjóðarinnar og það er verkefni þessarar ráðstefnu að virkja þann góða vilja.

Guðrún Agnarsdóttir


Ég þakka fyrir hönd okkar, Sighvati Björgvinssyni heilbrigðisráðherra og Ástþóri Jóhannssyni frá Góðu fólki fyrir þeirra góðu orð og að koma til okkar mikilvægum skilaboðum.

Tilhögun ráðstefnunnar verður á þann hátt að erindin verða flutt hvert á eftir öðru en við geymum okkur umræður, þar til eftir kaffihlé, en þá verða pallborðsumræður þar sem sitja fyrir svörum sú nefnd, sem samdi þessi frumvarpsdrög, og aðrir þeir sem hafa talað.

Næstur talar Ari Edwald, aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra, um ólögleg vímuefni Íslands.

Ari Edwald:

Fíkniefni eru alþjóðlegt vandamál



Forseti Íslands, biskup Íslands, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, góðir ráðstefnugestir.

Ég ætla að gera stutta grein fyrir þeim þætti fíkniefnavandamálsins sem er notkun ólöglegra fíkniefna á Íslandi. Ég tel afar brýnt þegar glímt er við vandamál, hvaða vandamál sem er, að gera sér glögga grein fyrir umfangi þess og eðli og mjög gott framtak í þessa veru er rannsókn Ómars H. Kristmundssonar, félagsfræðings, sem birtist í riti hans, „Ólögleg ávana- og fíkniefni á Íslandi.“ Þar er að finna m.a. niðurstöður um fjölda þeirra sem prófað hafa cannabis-efni og virðist það vera allt að þriðjungur í aldurshópnum 20–30 ára á þeim tíma sem könnunin er gerð, en í ritinu, sem er hið gleggsta, er að finna gott yfirlit um þessi mál og þar eru líka birtar niðurstöður úr öðrum könnunum.

Sá þáttur vandamálsins sem er hvað sýnilegastur eru tölur lögreglu um dómsáttir og ákæru frá Ávana- og fíkniefnadómstólnum og langar mig að sýna hér nokkrar glærur um það efni. Hasið er það ávana- og fíkniefni sem er hvað útbreiddast á Íslandi og virðist vera það sem er mest misnotað og hefur neysla þess breiðst til flestra ef ekki allra þétt-

býlisstaða á landinu. Framboð á því virðist vera stöðugt og verð svipað og í Noregi um 1500 kr. grammíð.

Ég er ekki að birta hér myndir af öðru s.s. plöntum, hassolíu og marijúana. Þau eru öll tekin í minna mæli, en eins og sjá má af tölunum um hass og kókaín sem sést hér á skjánum. Vegna þess hversu markaðurinn hér er góðu heilli lítill, er þetta mjög sveiflukennt og uppljóstrun einstakra mála getur breytt miklu um það efni sem lagt er hald á árlega. Sem betur fer hefur ekki verið lagt hald á mikið magn af heróíni hér á landi og eins hefur hið ægilega efni „krack“, sem kallad er svo, ekki borist hér svo vitað sé og er það Guðs mildi. Þess má geta í þessu samhengi að samkvæmt opinberum dánarskýrslum er einungis skráð eitt dauðsfall af völdum ofneyslu fíkniefna og var það í hitteðfyrri.

Því næst vík ég aðeins að fjölda þeirra einstaklinga sem hafa komið við sögu í einstökum málum. Eins og sést á línuriti eru dómsáttir um 180 árið 1979 en hafa farið hækkandi og eru síðustu fjögur árin stöðugar um 300. Hér gefur einnig að líta leitir, gæsluvarðhald og síðan 18 ákæru sem enda í dómum á síðasta ári. Einnig má geta þess að

á þessu ári, er mér tjáð hjá Fíkniefnadómstólnum, að sáttir séu þegar orðnar um 350 talsins og er búist við um 100 til viðbótar á árinu. Það ber að hafa í huga þegar litið er á tölur, að hér rétt eins og með þær tölur sem ég hef brugðið upp, um magn efna verða miklar sveiflur milli ára, þegar á annað borð upplýsast stærri mál.

Hér hef ég einnig upplýsingar um aldursdreifingu þeirra sem koma við sögu. Þær upplýsingar taka til áraanna 1977–1985. Flestir þeirra sem komast í kast við lögin eru í yngri aldurshópnum. Fíkniefnaneysla er sem betur fer ekki ýkja gamalt fyrirbæri hérlendis. Hennar verður fyrst vart upp úr 1970, en meðalaldur neytanda fer hækkandi, og þeir verða fleiri sem hafa langan misnotkunarferil að baki. Hér sést einnig hvernig kynskipting er í þessum málum. Er þetta eftir dómsáttum, 17% eru konur og 83% karlar.

Fíkniefnabrot eru refsiverð samkvæmt lögum um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974 og einnig samkvæmt sérstakri grein um refsiramma í almennum hegningarlögum 173A, sem kveður á um hæfni refsiramma í alvarlegum brotum. Á norrænni ráðstefnu á síðasta ári, þar sem dómaþar, verjendur og sak-



ÚR MYNDASAFNI DV

sóknarar báru saman bækur sínar um framkvæmd refsinga fyrir fíkniefnabrot, kom í ljós að refsingar í þeim málum, sem ákært er í, virðast vera á svipuðu róli hér á landi og í Danmörku. Meðallengd dóma á árunum 1977-1985 var 5,2 mánuðir og hefur ekki breyst síðan að ráði. Þyngstu dómarnir fyrir eitt brot hafa verið nokkrir fjögurra ára dómur. Refsingar virðast almennt vera þyngri í Finnlandi og Svíþjóð, en þyngstar í Noregi, þar sem refsiramminn er 20 ár samanborið við 10 ár hér á landi. Á undanföllum árum hefur verið reynt að efla vörnám við fíkniefnavandamálinu á dóms- og löggæslusviðinu og sé lítið á tillögu framkvæmdanefndar ríkisstjórnarinnar til að samhæfa aðgerðir í baráttunni gegn útbreiðslu og notkun ávana- og fíkniefna, voru þetta þær tillögur sem vörðuðu Dómsmálaráðuneytið beint og held ég að megi segja að þær hafa að verulegu leyti náðst fram nú þegar. Fíkniefnadeild lögreglunnar hefur verið eflað og starfa þar nú 14 menn og er stefnan sú að þeir séu hreyfanlegir milli almennrar löggæslu- og fíkniefnadeildar, til þess að reynsla af því að fást við þessi brot verði almennari.

Húsakostur deildarinnar hefur verið bættur og hafa verið settar sérstakar reglur, nr. 165/1990, um Fíkniefnadeild Reykjavíkurlögreglunnar, sem hefur forystu í fíkniefnamálum á landsvísi og hefur verið falið slíkt hlutverk. En það má örugglega gera enn betur. Í þessu sambandi má einnig nefna forvarnadeild lögreglunnar sem var stofnsett 1988, en þar starfa 8 menn. Þá er um að ræða deildarskiptingu í fangelsum landsins. Erfiðara er að fullyrða um að verulegur árangur hafi náðst í öðru sem nefnt er þar, s.s. félagslegri aðstoð.

Vegna þess að fíkniefnavandamálið er svo alþjóðlegt sem raun ber vitni, langar mig að víkja aðeins að alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði og mun ég fyrst nefna Sameinuðu þjóðirnar. Það eru ýmsar stofnanir Sameinuðu þjóðanna sem starfa að fíkniefnamálum og á sérstökum aukafundi 1990 samþykkti Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna sína eigin framkvæmdaáætlun í baráttunni gegn fíkniefnum um allan heim. Ísland hefur fullgilt tvo samninga um fíkniefni, frá 1961 og 1962, sem varða sjálf efnin. Þessir alþjóðlegu samningar sem Sameinuðu þjóðirnar hafa staðið að eru sókklarnir sem hið alþjóðlega eftirlitsstarf, sem haft er með fíkniefnum, hvílir á og samningarnir eru bindandi skv. þjóðarrétti fyrir löndin sem hafa fullgilt þá og landslög þurfa að samræmast þeim. Ísland hefur ekki enn fullgilt samning frá 1988, sem er þriðji samningur Sameinuðu þjóðanna um þessi efni og varðar aðallega ólöglega dreifingu og sölu, bæði fíkniefna og þeirra efna sem notuð eru við framleiðslu á fíkniefnum, en hann tekur líka til svokallaðs „peningaþvottar“. Hér er hlutur sem við þurfum að bæta. Við þurfum að breyta almennum hegningarlögum áður en til fullgildingar þessa samnings kemur, aðallega hvað varðar refsilögsögu, þ.e. að hægt sé að dæma fyrir brot hér á landi sem eru framin annars staðar og sama gildir um upptöku og hylmingu.

Það er Fjárhags- og félagsmálaráð Samein-

Sem betur fer hefur ekki verið lagt hald á mikið magn af heróíni hér á landi og eins hefur hið ægilega efni „krack“, sem kallað er svo, ekki borist hér svo vitað sé og er það Guðs mildi. Þess má geta í þessu samhengi að samkvæmt opinberum dánarskýrslum er einungis skráð eitt dauðsfall af völdum ofneyslu fíkniefna og var það í hitteðfyrri.

uðu þjóðanna sem mótar stefnuna í þessum málum, en fíkniefnanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur fengið margvísleg verkefni samkvæmt alþjóðlegum samningum og hún hefur vald til að taka ákvörðun um hvaða efni eigi að flokka þar undir. Í Alþjóðlega eftirlitsráðinu eru 13 sérfræðingar á ýmsum sviðum fíkniefnavandans og það fylgist grannt með þróun fíkniefnamála og með því að eftirlitsákvæði samninga séu haldin.

Fíkniefnadeildin gegnir hlutverki sem skrifstofa fyrir fíkniefnanefnd og er ábyrg fyrir ráðgjöf og leiðbeiningum til aðildarríkja og annarra stofnana varðandi beitingu á ákvæðum samninganna. Deildin ber ennfrémur ábyrgð á skýrslugerð og leiðbeiningum.

Svo er það Fíkniefnasjóðurinn sem hefur það hlutverk að berjast gegn fíkniefnadreifingu og misnotkun fíkniefna með því að veita þróunarlöndum styrki til ákveðinna verkefna. Megininntakið hefur verið fólgið í því að koma af stað landbúnaðarverkefnum, þar sem stefnt er að því að hætta ræktun fíkniefna á ólöglegan markað og rækta þess í stað nytjajurtir. Þessi sjóður er fjármagnaður með frjálsum framlögum og hefur Ísland ekki styrkt þar sérstök verkefni.

Verkefni Fíkniefnadeildar, Eftirlitsráðs og Fíkniefnasjóðs hafa skarast töluvert og til þess að styrkja samhæfingu hafa Sameinuðu þjóðirnar ákveðið að steypa þessum þremur stofnunum undir eina stjórn. Fyrir utan þessar sérstöku fíkniefnastofnanir eru aðrar stofnanir sem leggja þessari baráttu lið á vegum Sameinuðu þjóðanna. Má þar nefna Alþjóðaheilbrigðismálastofnunina og Alþjóðavinnu- málastofnunina.

Ég ætla að nefna hér aðeins alþjóðlega samvinnu um eftirlitsúræði. Er þar fyrst að nefna Interpol sem eru alþjóðasamtök sakamálaLögreglu. Interpol hefur það verkefni að

treysta og efla samstarf milli rannsóknarlögreglu í aðildarríkjum og markmið þessa samstarfs er auðvitað að koma upp um fíkniefnabrot og miðla upplýsingum sem geta stuðlað að því að upplýsa afbrotastarfsemi á þessu sviði sem teygir anga sína til fleiri landa. Það er sérstök deild í Interpol sem starfar að fíkniefnamálum og norrænnir lögreglumenn, þó ekki íslenskir, hafa gegnt mikilvægum störfum í deildinni um árabíl. Þessi undirdeild lagði m.a. umtalsvert af mörkum á sínum tíma við uppbyggingu og skipulag Fíkniefnalögreglunnar hér á landi.

Alþjóða tollasamvinnuráðið er samtök 107 ríkja, þ.á m. Íslands og meðal verkefna sem ráðið hefur með höndum er baráttu gegn smygli fíkniefna og það er forgangsverkefni. Á grundvelli þessa samstarfs í Tollasamvinnuráðinu hefur Ísland gert nokkra tvíhliða samninga, m.a. við Pýskaland, og hafa þeir reynst afar gagnlegir við uppljóstrun smygilmála.

Frá 1. janúar 1991 var Norræna tengiliðanefndin um fíkniefnamál gerð að fastri nefnd undir Norrænu ráðherranefndinni, en hún hafði áður umboð frá hlutaðeigandi ráðherrum. Haldnir hafa verið þrjú ráðherrafundur sl. áratug, en nefndin kemur reglulega saman tvisvar á ári. Hún veitir auk þess styrki til starfsmannaskipta innan Norðurlandanna, þar sem starfsmönnum er veittur fjárstuðningur til að heimsækja meðferðarstofnanir, forvarnaraðila, endurhæfingastöðvar o.s.frv. á öðrum Norðurlöndum. Það hefur verið samþykkt sérstök framkvæmdaáætlun fyrir þessa tengiliðanefnd.

Norræna löggæslu- og tollgæslusamstarfsnefndin. Slík formleg samvinna var sett á stofn 1984 skv. ákvörðun norrænna dómsmálaráðherra og á nefndin samstarf við tengiliðanefndina um hvernig best sé að samhæfa eftirlitsgerðir stjórnvalda og skipa forvarnir háan sess. Norðurlöndin hin hafa sent lögreglumenn og tollverði til starfa víða um heim, þar sem fíkniefni eru framleidd eða flutt um og hafa gefið út almenn starfsfyrirmæli sem hvert land getur bætt við, en Ísland er eina norræna landið sem ekki hefur sent lögreglu eða tollþjón til starfa í öðru landi.

Að síðustu langar mig að nefna Norrænu áfengis- og fíkniefnarannsóknanefndina sem hefur það hlutverk að hvetja til rannsókna og að samhæfa rannsóknir.

Ég ætla ekki að hafa þetta yfirlit lengra en nota tækifærið að lokum, vegna þess hve samræmdar og víðtækar aðgerðir eru nauðsynlegar á þessu sviði, að þakka sérstaklega hinum fjölmörgu, félaga- og áhugamanna-samtökum sem hafa lagt hönd á plóg í þessu máli og gera áfram.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Ara Edwald fyrir hans orð og forseta Íslands fyrir komuna á ráðstefnuna.

Nú koma ýmsir aðilar og ræða framkvæmd gildandi laga, er varða áfengi og önnur vímuefni og er þar fyrstur Ólafur Haukur Árnason áfengisvarnaráðunautur sem talar um áfengisvarnalög.

Ólafur Haukur Arnason:

Goðsögnin um áfengið

Hr. biskup Íslands, hæstvirtur ráðherra, fundarstjóri, kæru ráðstefnugestir.

Ég get ekki látið hjá líða að byrja á því að þakka ráðherra fyrir að efna til þessarar ráðstefnu. Við höfum reyndar fundið það frá því hann tók við, Áfengisvarnaráðsmenn, að þessi málefni eigi haúk í horni sem hann er. Við höfum fundið frá honum þessa mánuði, hlýju, styrk og hvatningu.

Vont er að svíkja vini sína í tryggðum, en verst að hljóta þeirra sálarró sem lúta sínum lognu dyggðum, látast vaka en sofa þó.

Mig langar til, eins og ýmissa gamalla skólakennara er siður, að hefja mál mitt á því að segja ykkur sögu. Hún hefur þann kost að vera stutt, en þó er albest að hún er sönn. Þessi saga gerðist á árum síðari heimsstyrjaldarinnar, norður í landi. All fjölmennur flokkur vegavinnumanna var við störf á fjallvegi nokkrum, þó eigi allfjarri byggðum. Á þessum árum voru helgarfrí styttri en nú, sunnudagurinn einn verkamönnum til frjálsra nota. Ekki fer sögum af öðrum í spjalli þessu en tveim unglingspiltum, rosknium lausamanni úr sveitinni og ráðskonu. Seint á laugardagskvöldi héldu piltar til skemmtisamkomu í nálægu þorpi og þótti ekki tíðundum sæta. Lausamaður var í tjöldunum helgina alla og vissu þeir það. Þeim gamla þótti með aþbrigðum gott í staupinu. Hann var bæði skemmtinn og söngvinn og manna fjörugastur er gleði var haldið hátt á loft. Það var ungu mönnum kunnugt og á leiðinni til baka, fram á heiðina, ákveða þeir að stríða gamlingjanum dálítið. Áfengi hófðu þeir ekki bragðað, en hófðu í fórum sínum sítrónflösku, hálffulla. Þegar í tjöldin kemur eru þeir hinir reifustu, slá mjög um sig og hampa sítrónflöskunni eins og í henni sé mikið dýrmæti, jafnvel sjálf uppspretta gleðinnar. Setjast þeir inn í skúr hjá ráðskonu og hafa hátt. Lausamaður heyrir fyrirganginn, rennur á hljóðið og hneykslast ákaflega á framferði þeirra. Átelur þá fyrir að koma ölvaða seint að kvöldi og bendir þeim í fullri vinsemd á, að þeir verði væntanlega ekki miklir bógar til vinnu að morgni. Þeir skeyta lít um aðfinnslur hans og umvandanir, en bjóða honum að

*Einu áhrifin sem þetta
töfraefni hefur,
þegar grannt er skoðað
er að það sljóvgar
og deyfir.
Þann eiginleika þess
kannast þeir við sem að
slysavörnum vinna.*



súpa á sítrónflöskunni. Þó sjaldan hefði sá gleðimaður flötinu neitað, gerðist hann nú siðamaður piltanna og kvaðst eigi geta þegið veitingarnar, en renndi þó hýru auga til flöskunnar sem piltarnir láta ganga ósleitilega á milli sín og lækkar þó lítið í henni. Þar kemur þó að karl stenst ekki mátið og fær sér sofa. Kvaðst myndu drekka við hóf. Ekki hafði hann lengi að sumblinu setið þegar hann var orðinn allra manna glaðastur. Upphófst nú söngur og gleðskapur. Lausamaður sagði tvíraðar sögur og strauk ráðskonunni, en slíka tilburði hafði hann ekki í frammi ódrukkinn. Stóð svo lengi og það var ekki fyrr en á mörkum miðnættis og óttu, að karl hætti að kveða og hélt til tjalds. Piltar hófðu gaman af viðbrögðum hans við sítróninu, en hitt þótti þeim þó öllu kátlegra, að daginn eftir var hann ekki einasta framlágur og rotinþúrulegur, heldur var hann á sífelldum þönum milli vegar og lækjar.

Því segi ég þessa sögu hér, að hún lýsir í hnotskurn þeim vanda sem þeir standa frammi fyrir sem að áfengisvörnum vinna. Slíkt hrúgald af hleypidómum og goðsögnum hefur hlaðist upp kringum neyslu þessa vímuefnis í aldanna rás, að slíks munu ekki dæmi um neitt annað efni. Gamlinginn í sögunni söng og kvað, af því að hann hafði fengið þau skilaboð frá blautu barnsbeini, að menn yrðu kátir og fjögurir ef þeir neyttu áfengis. Hann sagði tvíraðar sögur og gerðist djarfari en venjulega í skiptum við konur, af því hann vissi að áfengið er skálkaskjól. Ef honum hefði verið illa við verkstjóran, hefði hann jafnvel gengið á fund hans og lesið honum pistilinn. Ölvuðum leyfist honum sem sé að gera það sem hann hefði aldrei aðhafst ódrukkinn. „Nemo saltat sobrius“ sagði Cicero forðum, svo þetta skálkaskjól hefur verið kunnugt í meira en tvö þúsund ár. Nú vitum við heilmiklu meira um goðsagnirnar og hleypidómama en fyrir nokkrum áratugum. Samanburður á hegðun þjóða, tilraunir þar sem blekkingunni er beitt, jafnvel rannsóknir á nánasta umhverfi sýna, að þetta efnasamband hefur nánast ekkert af þeim eiginleikum sem goðsagnir um það herma. Tökum dæmi: Maður drekkur nokkuð áfengi í veislu. Hann breytir hegðun sinni, gerist ræðinn og hávær. Skrifstofustjóri í næsta húsi

er að þukrast með viskíflösku í skjalaskápn-um. Í blóði hans eru nákvæmlega jafnmörg prómil af áfengi og í blóði samkvæmisljóns-ins, en hann fer sér öllu hægar. Hann talar á lágu nótonum lætur lítið á sér bera, er þrúð-ari en venjulega ef eitthvað er. Slík dæmi þekkjum við flest. En samstaðan um goð-sögnina rofnar ekki. Þetta efni á að vekja gleði, þetta efni á að gefa okkur tilefni til at-hafna, sem ekki teljast daglegar. Þetta efni skal vera skálkaskjól. Einu áhrifin sem þetta töfraefni hefur, þegar grannt er skoðað er að það sljóvgar og deyfir. Þann eiginleika þess kannast þeir við sem að slysaörnum vinna.

Tvískinnungurinn sem á bæði rætur í goð-sögnum og áróðri þeirra sem hagnast á fram-leiðslu og dreifingu áfengis, kemur líka greinilega fram í vörnum gegn tjóni af þess völdum. Til að draga úr tjóni af hassneyslu eða óþímreykingum, er reynt að stemma stígu við framboði þessara efna. Til að draga úr tjóni af völdum áfengis á fræðslan ein að duga. Í herferðinni gegn reykingum er nánast öll þjóðin samstíga, líka þeir sem reykja. Fyr-irmenn gerast fyrirmynd.

Áfengi er hins vegar notað í því skyni að bregða hátíðablæ yfir atburði jafnvel íþrótta-fólki er fagnað með þessu goðsöguumvafða vímuefni. Hugleiði menn síðan hvaða skila-boð börn fá um eiginleika þess efnis. Við þessar goðsagnir er að stríða, að viðbættum sífellum áróðri áfengisframleiðenda, sem lærðu af mistökum tóbakssöllumanna, er mættu of seint til orrustunnar um tóbakið og tóku því skakkan pól í hæðina.

Áfengisframleiðendur bregða hins vegar sauðagæru yfir úlfseyru. Þeir þykjast vilja vel, gervivísindi, gervistofnanir. Keyptar eru nið-urstöður að áfengi lúti einhverjum allt öðrum lögmálum en önnur slík efni. Slíkt er alkunna erlendis og væri betur að engin dæmi myndust þess hér á landi að áhrif þeirra manna hefðu áhrif á ummæli eða afstöðu. Þegar átökin um bjórinn voru nýlega um garð gengin fékk þekkt og vinsæl stofnun Hagvang til að

Ofbeldisverk og heimiliserjur sigla tíðum í kjölfar mikillar drykkju og oft á það fólk sem við sögu kemur stuttan drykkjuferil að baki.

kanna viðhorf almennings m.a. til starfsemi Áfengisvarnaráðs. Í ljós kom, og raunar alveg óvænt, að 73% voru jákvæð í garð ráðsins og meirihluti hinna 27% hlutlaus en 65% töldu að Áfengisvarnaráð ætti að taka meiri þátt í umræðum en gert væri. En hvað gerum við svo?

Í lögum eru ákvæði um hvað Áfengis-varnaráði ber að gera. Þetta ráð var sett á laggimar 1954 með nýjum áfengislögum. Því var ætlað að efla bindindisstarfsemi í land-inu, stuðla að bindindissemi og reyna í sam-ráði við ríkisstjórn, áfengisvarnanefndir og bindindissamtök að afstýra skaðlegum áhrif-um áfengisneyslu.

Í Áfengisvarnaráð kys Alþingi fulltrúa og nú eiga allir þingflokkar þar fulltrúa, annað-hvort sem aðalmenn eða varamenn. Sem dæmi um starfið hélt ráðið 17 bókaða fundi á árinu sem leið. Áfengisvarnanefndir í landinu er nú tæplega 200 og um 700 manns sitja í þeim. Erindreki ráðsins og jafnvel ráðsmenn sjálfir hafa setið nokkra fundi með nefndum og félögum þeirra. 46 skólar voru heimsóttir, eða leituðu til okkar um upplýsingar. Þar að auki 25 félög og ýmsar stofnanir. Ýmis fé-lagasamtök voru voru styrkt og kem ég nánar að því og Áfengisvarnaráð hefur samskipti við erlenda aðila sem að þessum málum vinna.

Við temjum okkur ekki auglýsinga-mennsku, við hrópum ekki um afrek og ágæti á strætum og gatnamótum. Oft leynist stuðningur okkar við þörf og góð verk bak við annað nafn og númer. Ég nefni stuðning við Íþróttahátíð 1990, Landsmót UMFÍ sama ár, Reykjavíkummaráþon í ár, Átak gegn


áfengi og er þá fátt eitt talið. Áfengisvarnaráð hefur stuðlað að rannsóknum á áfengismál-um og styrkt þær frá 1967. Háskóli Íslands hefur annast þær, Geðrannsóknarstofnun skólans, nú undir stjórn dr. Tómasar Helga-sonar prófessors. Án stuðnings heilbrigðis-ráðherra alla tíð, hefði þetta verið ókleift fyrir ráðið. Kannski var mér ætlað að minnast á framkvæmd áfengislaga yfirleitt, en ekki að-eins þess þáttar þeirra sem tekur til varna. Það er lífsseigur misskilningur að hér á Ís-landi skorti áfengismálastefnu. Lögin sýna hver hún er og hún gæti að flestu leyti orðið fyrirmynd öðrum ríkjum. Hins vegar er nokk-ur misbestur á að henni sé fylgt.




Algengustu kvartanir fólks sem hefur sam-band við okkur eru tvenns konar, annars vegar varðandi auglýsingabann. Það telur að því sé ekki hlýtt sem skyldi. Núverandi heilbrigð-isráðherra hefur tekið á þeim málum mynd-arlega nú í sumar. Þá er kvartað undan ýms-um brotum áfengisveitingamanna, s.s. sölu áfengis utan leyfilegs sölutíma og til fólks sem hefur áfengi á brott með sér frá stöðun-um. Það er rétt að benda á, að áfengismála-stefna okkar hefur stuðlað að því að hér er minna mælanlegt tjón af áfengisneyslu en í löndum þar sem meira er drukkið.

Tíðni skorpulífrar er talin nákvæmasta mælistika sem þekkt er á tjón af völdum áfengis, enda dauðsföll af hennar völdum í beinu sambandi við heildarneyslu áfengis. Í Frakklandi deyr 31 maður af hverjum 1000 úr þessum sjúkdómi, í Þýskalandi 28, í Sví-þjóð 4, en hér eru dauðsföllin afar fáttíð. Vandamál okkar eru sem sé ekki af völdum langvarandi drykkju heldur vegna ölvunar-ferlis. Sem dæmi má nefna, að skv.

upplýsingum: „Endurkröfunefndar“ eru yfir 90% endurkrafna á tjónvalda í umferð vegna ölvunaraksturs. Of-beldisverk og heimiliserjur sigla tíð-um í kjölfar mikillar drykkju og oft á það fólk sem við sögu kemur stuttan drykkjuferil að baki. Það skiptir nokkru að menn geri sér þetta ljóst. Það skiptir miklu að menn skilji að sú áfengismálastefna sem hér hefur í stórum dráttum verið fylgt í heila öld, þó að breytingar hafi að vísu átt sér stað og sumar í verri átt, hefur stuð-lað að því að hér hefur verið minna drukkið síðustu 80 árin en í öðrum þjóðlöndum Evrópu. Aðeins tvö síð-ustu árin hafa Norðmenn skotið okk-ur ref fyrir rass í þessum efnum. Því ber að fara að öllu með gát ef menn vilja breyta. Það er auðveldara að ana út í ófærana en að hafa sig upp úr henni aftur.

Fyrir mörgum árum, þegar ýmsir trúðu því að unnt reyndist að sigrast á áfengisvandanum, með því að koma





sem allra flestum drykkjumönnum í meðferð, lét þekktur áhugamaður, sem sjálfur hafði gíst undirdjúpin en komist á þurr, þau orð falla að meðferðarstofnanir og AA-samtök væru björgunarsveitir, Áfengisvarnanefnd væri hins vegar vitakerfi og tók þá líkingu sem Íslendingar þekkja vel. Miklu skiptir að vitakerfið sé í lagi og gefi ekki rangar upplýsingar.

Trygging fyrir því er að stjórnin sé Alþingis og ráðamanna. Þar fái engir þeir um ráðið, sem þurfa á fé að halda frá öðrum en opinberum aðilum og þurfti því ekki að skirrast við að hafa jafnan það er sannara reynist. Nú er það sem betur fer ekki svo, að við séum einir á verði. Nefna má ýmsa, ég hef þegar nefnt heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra og má nefna ráðuneytið hans allt.

Einnig mörg félagsamtök sem reynt hafa að byrgja brunninn og telja það heillavænlegra en að draga barnið upp úr honum. Margt bendir til að þau ár séu í vændum, að sú stefna fái byr víða um heimsbyggðina. Bandaríkjamenn ríða þar á vaðið, upptökin reyndar í Kaliforníu. Afleiðingar þeirrar stefnu eru til að mynda hækkun lögaldurs til áfengiskaupa í 21 ár og aðvaranir á áfengisumbúðum eins og tóbaksumbúðum hér. Á sama tíma og þetta gerist vestra eru ýmsir enn við það heygardshornið hér að lækka beri lögaldur til áfengiskaupa í nafni frelsis og gott ef ekki jafnréttis líka. Og enn aðrir vilja fjölga dreifingarstöðum þessa vímuefnis og gefa sem flestum kost á að hagnast á dreifingu þess. Breytt stefna Bandaríkjamanna grundvallast á rannsóknum, sem leitt hafa til hugmyndafræði sem kölluð hefur verið forvarnarverstaðan.

Í stuttu máli felst forvarnarverstaðan sem Bandaríkjamenn vinna nú eftir í því, að fáir drekka mjög mikið en margir fremur lítið. Tjónið sem af drykkjunni hlýst er síst meira í þeim hópum sem mest drekkur en í hinum. Það stafar af því að þeir eru svo miklu færri. Þess vegna þarf fræðsla og varnarstarf að beinast að öllum, eins og í tóbaksvörnum, en ekki aðeins að fámönnum sérhópum og mér skilst raunar að slíkt eigi við um alla heilbrigðisfræðslu. Þarna er enn ein goðsögnin í kringum áfengið lögð að velli og þær munu fleiri falla ef að líkum lætur á næstum árum. Spurningin er hvort Íslendingar fylgjast með tímanum, eða hvort þeir látast vaka en sofa þó. Halda enn um sinn í skálkaskjól samtryggingarinnar sem gefur mönnum kost á alls konar vafasamri hegðun.

Miklu skiptir að ráðstefna sú, er hér er haldin, taki mið af þessum nýju viðhorfum sem ryðja sér til rúms vestra og verða að líkindum aldamótaviðhorf annars staðar um heimsbyggðina. Miklu skiptir að hún staðni ekki eins og oft hefur borið við. Viðhorf hæstvirts heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra gefur tilefni til bjartsýni um það.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Ólafi Hauki hans orð. Næstur á mælendaskrá er Hermann Guðmundsson, lögfræðingur hjá Ríkisstollstjóraembættinu, sem ætlar að ræða ávana- og fíkniefnalög

Misnotkun vímuefna mesti vágestur nú tíma þjóðfélags



Biskup Íslands, heilbrigðisráðherra, ráðstefnustjóri og aðrir ráðstefnugestir.

Mér er ætlað að fjalla hér um fíkniefnamál út frá sjónarhóli Ríkistollstjóraembættisins. Ég er þakklátur fyrir þetta tækifæri til að ræða þessi mál, því að mér sýnist að fyrir hafi ekki verið unnt að ná milliliðalaust til eins margra af þeim aðilum sem mál þessi varða á einn eða annan hátt. Mun ég því leitast við að koma að þeim atriðum sem ég tel mest um vert að ræða við þetta tækifæri. Mér finnst nauðsynlegt að segja í upphafi frá því í stuttu máli hvernig skipulag tollheimtu og tollfirtirlits er í landinu.

Fjármálaráðherra fer með yfirstjórn tollmála. Landinu er skipt í tollumdæmi, þar sem tollstjórar, hver á sínum stað, fara með stjórn tollheimtu og tollfirtirlits. Tollstjórar eru sýslumenn og bæjarfógetar, auk þess sem sérstakur tollstjóri er í Reykjavík og lögreglustjóri á Keflavíkurflugvelli er tollstjóri þar.

Við gildistöku laga um aðskilnað dómsvalds og umboðsvalds í héraði þann 1. júlí á næsta ári, mun tollstjórn verða í höndum sýslumanna, auk þess sem áfram mun verða sérstakur tollstjóri í Reykjavík. Tollakerfinu er að stórum hluta til ætlað að annast innheimtu margvíslegra gjalda til þess að afla ríkissjóði tekna. Tollgæslu nefnum við eftirlitsaðila þessa innheimtukerfis og er henni ætlað að sjá til þess að rétt sé innheimt. Tollgæslunni er ekki eingöngu ætlað að halda utan um innheimtu fjármuna og gæta þess að keisaranum sé goldið það sem keisarans er, heldur er henni einnig og raunar ekki síður ætlað að vera almennur löggæsluadili á sviði innflutnings og útflutnings. Þar kemur til eftirlit af ýmsu tagi og varsla margvíslegra hagsmuna, t.d. vegna sóttvarna, öryggis- og heilsugæslu í víðri merkingu. Sérstakir tollverðir eru í Reykjavík, á Keflavíkurflugvelli, í Hafnarfirði, Keflavík, Vestmannaeyjum, Ísafirði og Seyðisfirði. Annars staðar á landinu er sú skipan að lögreglan sinnir jafnframt tollaftirliti. Því fyrirkomulagi var á sínum tíma komið á af hagkvæmnisástæðum á þeim stöðum þar sem tollgæslustörf eru ekki talin það viðamikil að þau þyki réttlæta sérstakan starfsmann eða starfsmenn til að sinna þeim.

Ríkistollstjóraembættið var stofnað með lögum sem tóku gildi 1. september 1987. Í

stuttu máli má lýsa hlutverki embættisins þannig, að því sé ætlað að vera Fjármálaráðuneytinu til aðstoðar í tollamálum, taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á því sviði, að svo miklu leyti sem slík þátttaka er ekki í höndum ráðuneytisins sjálfs, hafa eftirlit með störfum tollstjóraembættanna og gæta þess að samræmi sé í störfum þeirra og vera þeim almennt til aðstoðar við tollframkvæmdina. Þá á embættið enn fremur að annast rannsóknir tollalagabrota að því leyti sem þær eru ekki í höndum annarra rannsóknaraðila. Ríkistollstjóraembættinu er skipt í fjórar deildir eftir verkefnum og er ein þeirra tollgæslu- eða tollfirtirlitsdeild þar sem starfa tollverðir sem




annast bæði rannsóknir vegna tollalagabrota og ýmis sérstök tollfirtirlitsverkefni. Liðsmenn þessarar deildar geta starfað hvar sem er á landinu, en eru ekki háðir afmörkuðum tollumdæmum eins og annars gildir almennt um tollverði. Þeir geta veitt öðrum tollgæslumönnum í hinum ýmsu tollumdæmum landsins aðstoð með ýmsu móti við tollfirtirlit, að frumkvæði embættisins sjálfs eða samkvæmt ósk viðkomandi tollstjóra. Enn fremur geta þeir beinlínis tekið að sér tollgæsluverkefni hvar og hvenær sem er.

Varðandi rannsóknir tollalagabrota almennt vil ég að fram komi að á þeim vettvangi nýtur embættið mjög góðs liðsinnis Rannsóknarlögreglu ríkisins. Rannsóknarlögreglumenn veita oft mikilvæga aðstoð við rannsóknir tollalagabrota. Aðstoð Rannsóknarlögreglunnar er mikils metin og lög áhersla á nauðsyn þess að samstarf Ríkistollstjóraembættisins og Rannsóknarlögreglu ríkisins sé hverju sinni eins og best verður á kosið. Ríkistollstjóraembættið lítur svo á að það sé ein af frumskyldum tollgæslunnar að sporna við ólöglegum innflutningi fíkniefna, enda er misnotkun slíkra efna einn mesti vágestur nú tíma þjóðfélags. Landfræðilegar aðstæður valda því, að við ættum að vera að nokkru leyti betur sett til þess að sinna þessu eftirliti hér á landi, heldur en tollyfirvöld víða erlendis. Fíkniefni verða ekki flutt til landsins, nema annað hvort sjóleiðis eða loftleiðis og hér þarf ekki að sinna erfiðu landamæraeftirliti.

Á sviði fíkniefnamála er tollgæslu og lögreglu, að meginstefnu til, ætlað sitt hvort hlutverkið, en leggja verður áherslu á að þau hlutverkaskipti eru ekki skýr, því eðli máls samkvæmt samtvinnast verkefni. Hlutverk tollgæslunnar er að sporna við smygli fíkniefna, sem og öðrum ólöglegum innflutningi. En hlutverk lögreglunnar er fyrst og fremst að hafa eftirlit með fíkniefnalöggjöfni og annast rannsóknir fíkniefnabrota. Í eftirliti lögreglu felst auðvitað líka hlut gegn ólöglegum innflutningi fíkniefna. Hlutverkaskiptin eru því alls ekki skýr og ég legg því áherslu á nauðsyn góðs samstarfs lögreglu og tollgæslu á sviði fíkniefnamála. Afl hvors aðila um sig, tollgæslu og lögreglu, er takmörkunum háð en með sameiginlegu átaki má vænta meiri

DV-MYND



ÚR MYNDASAFNI DV

árangurs en ella.

Samstarf tollgæsludeildar ríkistollstjóra-embættisins og fíkniefnadeildar lögreglustjórans í Reykjavík er með ágætum. Þar til nýlega hafði tollgæslan aðgang að leitarhundum fíkniefnadeildar. Nú hefur orðið á sú þarfa og tímabæra breyting að Ríkistollstjóraembættinu hefur verið gert kleift að fá fíkniefnaleitarhund. Hefur tollverði í tollgæsludeild embættisins verið falið að sinna stjórnun hundsins eftir þjálfun hjá dönskum tollyfirvöldum.

Tollstjórar og starfsmenn þeirra geta hvernær sem er óskað eftir og fengið aðstoð embættisins ef þeir telja nauðsyn á að nota fíkniefnaleitarhund eða við eftirlit.

Ég vil koma að því hér að Lionsklúbburinn Freyr gaf embættinu hundinn og er það verðugt framtak sem við metum mikils og er þetta áþreifanlegt dæmi um mikilvægt starf sjálfbodaliða til hagsbóta fyrir land og lýð.

Þá er rétt að fram komi að lögreglustjóra-embættið á Keflavíkurflugvelli fékk nýlega tvo fíkniefnaleitarhunda til nota við eftirlit þar. Ætti það að geta stuðlað að auknum vörnum gegn smygli fíkniefna um Keflavíkurflugvöll, þar sem flestir ferðamenn sem koma til landsins fara um.

Gagnsemi fíkniefnaleitarhunda er tvíþætt: 1. Vel þjálfaðir hundar eru ómetanlegir vegna hæfni þeirra til að finna efni.

2. Ætla má að sú staðreynd að hundarnir eru til staðar sé vænleg til þess að vera fyrirbyggjandi á þessu sviði.

Fíkniefnasmygl og misnotkun fíkniefna er alþjóðlegt vandamál og hafa yfirvöld hinna ýmsu landa fyrir löngu gert sér grein fyrir því, að meiri árangurs er að vænta ef þeir taka höndum saman með margvíslegu samstarfi til að sporna gegn vandanum. Íslensk stjórn-

**Þá er rétt að fram komi
að lögreglustjóraembættið
á Keflavíkurflugvelli
fékk nýlega tvo
fíkniefnaleitarhunda
til nota við eftirlit þar.
Ætti það að geta stuðlað
að auknum vörnum gegn
smygli fíkniefna
um Keflavíkurflugvöll,
þar sem flestir ferðamenn
sem koma til landsins
fara um.**

völd hafa í síauknum mæli tekið þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði og hefur samvinna einkum verið nán við hin Norðurlöndin, England, Holland, Þýskaland og Bandaríkin.

Ríkistollstjóraembættið hefur tekið þátt í undirbúningi samnings milli EFTA-landanna og EB-landanna um frekara samstarf í tollamálum, m.a. á sviði fíkniefnamála og er ástæða til að ætla að sá samningur muni enn auka á möguleika tollyfirvalda hér til þess að berjast gegn fíkniefnasmygli.

Í yfirskrift þessarar ráðstefnu kemur fram, að henni er ætlað að fjalla um mótun framtíðarstefnu í vímuefnavörnum. Eitt sem kemur til skoðunar í því sambandi hlýtur að vera, hvernig löggæslu verður best hagað á því sviði og hvort ástæða sé til að breyta því fyrirkomulagi sem nú er, t.d. varðandi rannsóknarvald í fíkniefnamálum. Eins og kunnugt er starfar sérstök fíkniefnadeild við embætti lögreglustjórans í Reykjavík, sem auk þess að fara með rannsóknir á Stór-Reykjavíkursvæðinu er ætlað að veita aðstoð við rannsóknir slíkra brota hvar sem er á landinu, eftir því sem nauðsyn ber til hverju sinni. Enda þótt það sé ef til vill ekki til þess ætlast að ég fjalli hér sérstaklega um skipulag lögreglunnar á þessu sviði, ætla ég samt að láta koma hér fram þá skoðun mína að ég tel ýmis efnisleg rök mæla með því að rannsókn fíkniefnabrota verði falin Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Það má halda því fram að núverandi fyrirkomulag sé ekki eðlilegt stjórnsýslulega séð. Þá má benda á að Rannsóknarlögregla ríkisins annast að jafnaði rannsóknir alvarlegri afbrota og hún getur annast rannsóknir mála hvar sem er á landinu. Þrátt fyrir all öfluga toll- og löggæslu á sviði fíkniefnamála, ágætt samstarf þeirra aðila og þátttöku í alþjóðlegu samstarfi, getur eftirlitið og löggæslan aldrei orðið fullnægjandi. Vænlegasta leiðin til árangurs í baráttunni gegn fíkniefnavandanum er að reyna með öllum tiltækum ráðum að draga úr eftirspurn eftir efnunum. Ef eftirspurn er mikil munu alltaf finnast fjölmargar leiðir til að koma efnunum ólöglega inn í landið hversu öflugt sem eftirlitið kann að vera. Úr eftirspurninni er hægt að draga með margvíslegum aðgerðum, einkum fræðslu í skólum á meðal ungmenna um hætturnar sem fíkniefnaneyslu fylgja.

Ég vil leyfa mér að benda á að fíkniefnavandamálið er, að mínu mati, að stórum hluta til spurning um efnahagsmál. Rótleysi á meðal unglunga má vafalaust í mörgum tilvikum rekja til þess, að ekki er almenn þannig búið að fjölskyldunni í þessu landi að hún geti verið það athvarf sem svo miki nauðsyn er á í uppvexti barna okkar. Foreldrum er ókleift að annast börn sín eins og ver væri og hugur stendur til, einkum á meðar þau eru ung. Að megin stefnu til er hver fjölskylda nauðsyn á að tveir annist öflur tekna og það leiðir til þess að oft er engin heima til að annast börn og unglunga á við kvæmasta skeiði lífsins.

Að síðustu þakka ég það framtak að komi á ráðstefnu um mótun framtíðarstefnu vímuefnavörnum og læt í ljós þá ósk að hún veri þann árangur sem sóst er eftir. Verum þó minnug þess að það eru ekki fögur orð og há leit markmið sem mestu máli skipta á þess um vettvangi frekan en öðrum, heldur hvern ig til tekst með framkvæmdir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Við þökkum Hermanni fyrir. Næst ætla Böðvar Bragason lögreglustjóri að ræða ur lögræðislog og lög um ölvaða menn o drykkjusjúka.

Böðvar Bragason:

Lögreglustöðin, „stærsta hótél“ landsins



Ráðstefnustjóri, ágætu ráðstefnugestir.


Mér er ætlað að hafa hér nokkur orð undir liðnum framkvæmd gildandi laga er varða áfengi og önnur vímuefni og innan þess hef ég verið beðinn um að segja nokkur orð um framkvæmd lögræðisлага og laga um ölvaða menn og drykkjusjúka.

Lögræðislögin eru í eðli sínu nokkurs konar sjálfstæðisfirlýsing einstaklinga. Inntak og meginefni þeirra er þó umfjöllun um það, hvernig takmarka eigi eigin gjörðir manna við vissar aðstæður. Í lögnum er rætt um fimm megin tilfelli sem upp kunna að koma, þegar nauðsyn er á því að gripa inn í. Þar af vil ég nefna það sem gæti snúið að heilsu manna og þá í tengslum við fíkniefni og áfengi.

Það er rétt að byrja á því að segja að lögræði samanstendur af tveimur þáttum, annars vegar af sjálf-ræði manna og svo fjárræði. Þau tilvik sem snerta heilsu manna og geta komið þarna til eru þau að það má svipta mann lögræði, sjálf-ræði eða fjárræði, ef hann er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum vegna andlegs vanþroska, ellisljóleika eða geðsjúkdóms og síðan ef hann sökum ofdrykkju, notkunar ávana- og fíkniefna eða annarra lasta er ekki fær um að ráða persónulegum högum sínum eða fé, verður öðrum til byrði, vanrækir framfærsluskyldur eða raskar þráfallega opinberum hagsmunum.

Síðan kemur að þeirri erfiðu spurningu, hverjir eigi að eiga hlutdeild að því að svipta menn þessum mikilvægu réttindum. Þeir eru taldir upp í næstu grein laganna. Það eru aðallega vandamenn sem þar koma til, en opinberir hagsmunir eru rækilega varðir með því að tiltaka, að félagsmálastofnanir eða samsvarandi fulltrúar sveitastjórna geti jafnframt borið fram slíka kröfu og ennfrumur Dómsmálaráðuneytið sem þá kemur fram sem allsherjargæslumaður opinberra hagsmuna. Þessi mál ber að reka fyrir dómi og það er vel vegna þess að alvarlegir hlutir eru á ferð. Hér í Reykjavík er það Borgardómur sem tekur þessi mál til meðferðar og mér er sagt að fjöldi mála hafi á undanförunum árum verið um 20-23 á ári. Þar er um nokkuð fasta tölu að ræða.

Það sem snýr frekar að lögreglu, ef svo má segja, óbeint, er þriðji kafli laganna, en þar er um það talað, að sjálfráða menn verði ekki settir á sjúkrahús gegn vilja sínum. Þarna er almenna yfirlýsingin en síðan er tekið til við að tína og segja frá undantekningum. Þar segir, að hefta megi frelsi manns ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða of-neyslu áfengis eða ávana- og fíkniefna. Slík frelsisskerðing má eigi standa lengur en tvo sólarhringa, nema til komi samþykki Dómsmálaráðuneytis. Þessi frelsisskerðing fer fram á sjúkrastofnun og það getur komið til að þurfi atbeina lögreglu til þess að sjá um að



hægt sé að framkvæma þessa hluti. Það er möguleiki á því að það þurfi að vista mann lengur en tvo sólarhringa og að ekki sé talið heppilegt að snarlega reyna sjálf-ræðisviptingu, þannig að það er opin leið að bera mál undir Dómsmálaráðuneyti, sem tekur ákvörðun um innsetningu á heilbrigðisstofnun. Slík innsetning er framkvæmd eftir að ráðuneytið hefur kannað þau gögn sem þykja tilhlýðileg og þar geri ég ráð fyrir að beri hæst framburður lækna og vottorð af því tagi. Sá sem fyrir þessu verður, getur ef ákvörðun er tekin um innsetningu, borið mál sitt undir dómstóla á þessum 15 daga fresti.

Mér er sagt að það beri örsjaldan við, en eftir 15 daga verður að sleppa viðkomandi, ef ekki hefur verið höfðað mál til sjálf-ræðisviptingar.

Aðgerðir lögreglu eru hliðaraðgerðir í þessu efni. Lögreglan kemur fram almennt sem valdþingaraðili í þjóðfélaginu og fylgir þar settum reglum og er til stuðnings þeim lögum sem almennt eru sett. Yfirleitt er þá nánar kveðið á um hlutverk lögreglunnar, en þó þarf það ekki að vera.

Ég tel lögin um lögræði ákaflega mikilvæg. Þetta er þriðji lagabálkurinn á þessari öld, ef lagabálk skal kalla, um efnið. Fyrstu lögin eru frá 1917, önnur frá 1947 og svo lög frá 1987.

Ég ætla að fara nokkrum orðum um hinn þáttinn sem nefndur var við mig og það er um lögin um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, en þau lög eru frá 1964. Það sem ber þar hæst og snertir lögregluna er fyrsta grein laganna og ég tek það ráð að lesa fyrir ykkur megin kaflan úr þeim lögum, áður en ég held áfram. Þar segir:

„Þegar lögreglan tekur mann höndum sakir ölvunar, skal hún tilkynna nánustu vandamönnum hans aðgerðir sínar ef um mann undir 21 árs aldri er að ræða. Sé maður handtekinn vegna ölvunar tvisvar sinnum eða oftár með skömmu millibili, skal lögreglan tilkynna nafn hans til áfengisvararáðunauts eða Áfengisvaranefndar, sem heldur spjaldskrá í þessu skyni. Þegar um ítrekaðar handtökur er að ræða eða grunur leikur á að hinn handtekni sé haldinn drykkjusýki, eða yfirvofandi drykkjusýki, skal lögreglan að fengnu læknisvottorði, flytja hinn handtekna í sjúkrahús er veitt getur slíkum sjúklingi viðtöku.“

Svo mörg eru þau orð.

Ég verð að segja að framkvæmd lögreglunnar, a.m.k. í Reykjavík, á þessu ákvæði, er með nokkuð öðrum hætti en bókstafurinn gefur tilefni til. Það er í undantekningartilvikum sem haft er samband við heimili eða ættingja þess sem ekki hefur náð 21 árs aldri og lögreglan tilkynnir ekki til áfengisvararáðunauts um nöfn manna. Hins vegar heldur lögreglan sjálf mjög ítarlega skrá um þá sem

til hennar koma. Ég vil skýra vinnubrögð lögreglunnar þannig, að viðbrögð hennar hafi þróast með eðlilegum hætti, miðað við það hvernig þjóðfélagið hefur á sama tíma leitt þessi mál fram. Til þess að gera mál mitt ekki alltof langt, vil ég geta þess sem ég er stoltur af, fyrir hönd Lögreglunnar og ég veit að fleiri lögreglumenn eru það, en það eru viðbrögð okkar þegar kemur að því að taka menn úr okkar gistingu.

Við höfum frá því árið 1979 haft sérstakan mann, Guðfinn Sigurðsson, í því að sinna þeim sem frá okkur hafa komið og frá því á síðasta ári hefur hann, ásamt Axel Kvaran, sinnt þessum málefnum. Það er einfaldlega með þeim hætti, þegar þeir sem taldir eru aðstoðar þurfi, bæði að okkar álit, þeirra eigin eða skyldmenna þeirra, leita til okkar förum við af stað og reynum að „ræsa“ kerfið eins og það er kallað. Við gerum hlutaðeigandi aðilum í þjóðfélaginu viðvart, hvernig komið sé fyrir þessum einstaklingum og ég vil segja, til þess að menn sjái nú einhverja ljósa punkta í þessari stóru úmræðu, að lögreglan

**Neyslan á mann er komin á
5 lítra og hefur tekið
verulegt stökk upp á við frá
árinu á undan og þykir
mér þó lítt duga þótt við
séum bornir saman við
önnur lönd og sagt að við
séum skömminni skárrí
en margir aðrir.**

kvartar ekki undan því, hvernig við hennar erindum er tekið.

Þeim hópi manna sem hvergi eiga höfði sínu að halla hefur fækkað mjög í Reykjavík. Þeir ganga sinn víthring, nokkurn vegin öruggir um að halda lífi frá degi til dags. En til þess að hnykkja á því sem ég segi um for-

varnadeild ætla ég að hafa yfir ykkur nokkrar tölur sem segja eftirfarandi:

Á árinu 1988 átti forvarnafulltrúi 2327 viðtöl við neytendur áfengis- og vímuefna svo og geðsjúka, aðstandendur þeirra og lækna. Það ár var 632 einstaklingum komið á sjúkrahússtofnanir og hæli til meðferðar fyrir milligöngu forvarnafulltrúa.

Árið 1989 átti forvarnafulltrúi 2320 viðtöl við neytendur, aðstandendur og lækna og 640 manns var komið í meðferð fyrir hans tilstilli. Við erum ekki með tölur fyrir árið 1990 en það bendir allt til þess að þær séu mjög svipaðar. Það lá frammi þegar ráðstefnugestir komu, smálegt blað, þar sem er yfirlit yfir þá sem í fangageymslur lögreglunnar hafa komið á síðustu 8 árum. Það kann að vera að þeim sem á þetta blað líta þyki þar sumt forvitnilegt. Gistinætur, svo að notuð séu orð úr ferðamannaíðnaðinum, eru árið 1990, 5500, og það er tiltölulega lítil breyting, það er heldur fækkan frá því að hæst var árið 1985, 6700. Það sem veldur hins vegar áhyggjum er að fjöldi einstaklinga hefur stórlega aukist síðustu 3 árin. Ég kalla stórlega frá því að vera 1950 árið 1989 upp í það að vera 2468 árið 1990. Af þessum hópi í öftustu röðinni sjáið þið hverjir það eru sem koma og biðja um gistingu og þarf ekki að hafa mörg orð um það. Ég ætla að fara nokkrum orðum um töluna 5526 sem þið sjáið efst í vinstra horninu í þessari röð.

Karlarnir eru 5100 og konurnar eru ríflega 400 sem koma á þessum tíma. Í 3000 tilfella koma menn vegna ölvunar þ.e.a.s. karlmennirnir og í 250 tilvikum konurnar. Segja má að komur kvenna séu 8-10%. Ég bið fólk að líta á þessar tölur í ljósi þess að verið er að fjalla um þetta vandamál allt saman hér og líka í ljósi þeirrar tölu sem birtast í fylgigögnum sem við fengum. Neyslan á mann er komin á 5 lítra og hefur tekið verulegt stökk upp á við frá árinu á undan og þykir mér lítt duga þótt við séum bornir saman við önnur lönd og sagt að við séum skömminni skárrí en margir aðrir.

Mér þykir það athyglisvert að aukning á milli ára sem virðist hafa verið nokkuð jöfn síðustu árin skuli allt í einu á einu ári samsvara 3-4ra ára venjulegri aukningu, og þá geta menn sagt, hvernig stendur á því að þetta kemur ekki fram í gistinóttum hjá stærsta hóteli landsins í þessum efnum sem er hér við Hverfisgötu og Snorrabraut. Ég hef spurt sjálfan mig að þessu og ekki fengið viðhlítandi svar. Sumir segja að það stafi af því að bjórmeysla unglinga hafi færst verulega í vöxt. Við fáum ekki meira af unglingum til okkar nú en áður var en a.m.k út í þjóðfélagið fer þetta og skilar sér fyrr eða síðar, þótt ekki verði fyrr en í fjárlögum íslenska ríkisins, því þar sjáum við þessar tölur að lokum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Böðvari Bragasyni fyrir og síðasta erindið í þessum þætti dagskrárinnar sem fjallar um framkvæmd gildandi laga ætla Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur Barnaverndarráðs, að flytja og það er um lög um vernd barna og ungmenna.



Guðrún Erna Hreiðarsdóttir:

Vímuefnaneysla foreldra, alvarlegur ógnvaldur lífi barna og heilsu



Ráðherra, ráðstefnustjóri og ráðstefnugestir.

Í lögum um vernd barna og ungmenna frá 1966 eru skilgreindar þær aðstæður og annmarkar foreldra og annarra forsjármanna barna sem kalla á íhlutun barnaverndaryfirvalda.

Kveðið er m.a. á um það, að barnaverndarnefnd skuli gera viðeigandi ráðstafanir þegar uppeldi barns eða ungmennis, aðbúnaði eða atlæti er ábótavant vegna drykkjuskapar, eiturlyfjanautnar eða ofnotkunar deyfilyfja. Mælt er fyrir um það til hvaða úrræða skuli gripið til þess að bæta hag viðkomandi barns eða barna. Beiting úrræða við meðferð

barnaverndarmála er ætíð háð mati viðkomandi nefndar en meginregla laganna er þó sú, að láta reyna á það hvort stuðningur við fjölskyldu dugi til þess að bæta ástandið áður en gripið er til einhvers konar þvingunarúrræða eða jafnvel forsjársviptingar. Svipting forsjár er róttækasta úrræðið sem barnaverndaryfirvöld hafa yfir að ráða og er því ekki beitt nema fullreynt sé að foreldrar séu vanhæfir til að sinna foreldraskyldum sínum.

Ákvörðunum barnaverndarnefnda má skjóta til fullnaðarúrskurðar Barnaverndarráðs og árlega eru kveðnir upp hjá ráðinu 10–12 úrskurðir vegna 15–20 barna. Barnaverndarnefndir hafa hins vegar förmlega af-

skipti af miklu fleiri börnum eða 500–600 börnum árlega.

Mér vitanlega hefur ekki verið gerð vísindaleg könnun á því hvert vægi áfengis- eða vímuefnaneyslu hefur verið við meðferð alvarlegra barnaverndarmála. Ég get þó fullyrt að í meirihluta þeirra mála sem koma til kasta Barnaverndarráðs er áfengis- eða vímuefnanotkun foreldra a.m.k. meðvirkandi ástæða fyrir afskiptum.

Í lauslegri könnun sem ég gerði á úrskurðum Barnaverndarráðs síðastliðin 3 ár hefur áfengis- eða vímuefnaneysla foreldra í u.þ.b. 70% tilfella verið ráðandi þáttur varðandi forsjársviptingu. Það er velþekkt staðreynd



meðal þeirra sem vinna að því að bæta aðstæður barna og fjölskyldna þeirra, að notkun foreldra á vímuefnum rýrir ekki aðeins um stundasakir hæfni þeirra til að ala upp börn sín, heldur gengur þessi löstur gjarnan í lið með öðrum annmörkum sem foreldramir kunna að hafa og magna þá upp.

Þegar um vímuefnaneyslu er að ræða þrífast gjarnan samskiptaerfiðleikar hvers konar, afneitun, skortur á hæfni til að njóta leiðsagnar, aflá sér þekkingar jafnvel ofsóknarkennd eða geðrænin kvillar sem undir kunna að leynast en fá útrás við neyslu vímuefna.

Að sjálfsgöðu er erfitt að meta hvað er orsök og hvað er afleiðing í þessum efnum. Einnig ber að hafa í huga að vímuefnaneysla foreldra hefur gjarnan í för með sér að þeir sækja sér félagsskap til manna sem eins er ástatt um. Þannig verður reynsluheimur barna þeirra og félagslegt umhverfi, þ.e.a.s. þangað sem börnin sækja fyrirmyndir sínar, heimur vímuefnaneyslu, heimur þar sem fullorðnum er ekki treystandi, veröld þar sem móðir og faðir breytast skyndilega og barnið verður meira eða minna að bjarga sér á eigin spýtur.

Þær manneskjur sem barnið verður að geta treyst á eru ekki þess umkomnar að vernda barnið og annast. Í mörgum tilvikum geta þessar mikilvægustu manneskjur í lífi barnsins meira að segja gerst alvarlegir ógnvaldar gegn lífi þess og heilsu. Þá er ótalinn sá andlegi skaði sem barn verður fyrir og aldrei sést og erfitt eða ómögulegt er að mæla. Ýmislegt bendir til þess, að börn sem búa við slíkan aðbúnað séu að mörgu leyti verr sett en börn foreldra sem virðast við fyrstu sýn eiga mun erfiðari ævi. Ástæðan fyrir því gæti verið sú, að foreldrar sem eru þrælur vímuefna eiga sínar góðu stundir með börnum sínum en án fyrirvara breytist allt.

Börn sem eiga foreldra sem þeir geta hvort eð er aldrei treyst vegna annmarka foreldra sækja sér oft fyrirmyndir annað, treysta ekki á foreldra sína og byggja ekki líf sitt upp með þá í huga. Það myndar sem sést í fjölskyldum þar sem vímuefna er neytt elur að sjálfsgöðu af sér fleiri en eina gerð einstaklinga. Börn eru mismunandi og mishörð af sér en óhætt er að fullyrða, að börnum alkóhólista er mun hættara að verða drykkjusýki að bráð. Það er einnig mikilvægt að gera sér grein fyrir því við meðferð barnaverndarmála þar sem um vímuefnavanda er að ræða að eitt eða tvö ár í lífi fullorðinna er ekki langur tími. Sami tími í lífi barns á viðkvæmu mótunarskeiði þess getur hins vegar ráðið úrslitum um framtíð þess. Við meðferð barnaverndarmála vakna því oft spurningar á borð við þær hversu mörg tækifæri eigi að gefa vímuefnaneytendum, hversu langt eigi að ganga á kostnað barnsins.

Í barnaverndarlögum er einnig kveðið á um skyldur barnaverndarnefnda og tiltæk úrræði þegar um er að ræða drykkjuskap barna og ungmenna. Í reglugerð um Unglingaheimili ríkisins er sett var árið 1989 með heimild í barnaverndarlögum segir með hvaða hætti Unglingaheimilinu beri að aðstoða unglunga á aldrinum 12–15 ára vegna ýmis konar erfiðleika þeirra þar á meðal



ÚR MYNDASAFNI DV

Börn eru mismunandi og mishörð af sér en óhætt er að fullyrða, að börnum alkóhólista er mun hættara að verða drykkjusýki að bráð.

Það er einnig mikilvægt að gera sér grein fyrir því við meðferð barnaverndarmála þar sem um vímuefnavanda er að ræða að eitt eða tvö ár í lífi fullorðinna er ekki langur tími. Sami tími í lífi barns á viðkvæmu mótunarskeiði þess getur hins vegar ráðið úrslitum um framtíð þess.

vímuefnaneyslu. Unglingaheimilinu er skipt í deildir og ein þeirra sérstaklega ætluð ungum vímuefnaneytendum. Þrátt fyrir tilvist Unglingaheimilisins er enn ekki til að dreifa fullnægjandi úrræðum fyrir unga vímuefnaneytendur sem þyrfti á stuðningi eða meðferð að halda, en unnið er að þeim málum.

Eins og ég sagði í upphafi eru barnaverndarlögin frá árinu 1966. Þau eru þannig komin til ára sinna og að sumu leyti úrelt. Á síðasta þingi var lagt fram frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna. Það varð þó ekki að lögum. Frumvarpið mun nú vera til athugunar í Menntamálaráðuneyti og Félagsmálaráðuneyti og verður vonandi lagt fram á Alþingi hið fyrsta. Verði frumvarpið að lögum er líklegt að barnaverndarvinna á landinu öllu verði vandaðri og öflugri, sérstaklega með tilkomu færri og stærri barnaverndarumdæma sem gert er ráð fyrir samkvæmt þessu frumvarpi. Í því eru skýrari ákvæði um skyldur barnaverndaryfirvalda gagnvart börnum og ungmennum en

eru í gildandi lögum. Kveðið er sérstaklega á um forvarna- og leitarstarf varðandi barnavernd. Með því að uppgötva vandann sem fyrst t.d. varðandi áfengis- og vímuefnaneyslu, hljóta að vera meiri líkur á því að hægt sé að hjálpa. Þá er aukin áhersla lögð á samstarf ýmissa stofnana og aðila sem hafa afskipti af málefnum barna og ungmenna. Ennfremur eru í frumvarpinu ýmis nýmæli sem ekki eru í gildandi lögum, t.d. má nefna að gert er ráð fyrir því að stofnanir á sviði félags- og heilbrigðismála s.s. áfengismeðferðarstofnanir og geðdeildir skipuleggi þjónustu sína við foreldra barna, þannig að tillit verði tekið til hagsmuna barnanna. Þetta er mjög merkt nýmæli að mínu mati. Í frumvarpinu er einnig gert ráð fyrir því að barnaverndarnefndir vinni gegn hvers konar vímuefnaneyslu barna og ungmenna hver í sínu umdæmi og ekki er ólíklegt að verkefni áfengisvarnarnefnda og barnaverndarnefnda komi til með að skarast hvað þetta varðar og kalla á aukna samvinnu þessarar aðila.

Ég vil að lokum leyfa mér að nota tækifærið og hvetja til þess að frumvarp til laga um vernd barna og ungmenna verði lagt fram hið fyrsta og fái skjóta meðferð Alþingis.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég vil þakka Guðrúnu Erlu fyrir hennar orð. Nú vikjum við að næsta þætti dagskrárinnar, en sá þáttur fjallar um meðferð og rannsóknir og ætla Tómas Helgason, yfirlæknir á Geðdeild Landspítalans, Öttar Guðmundsson læknir og Guðbjörn Björnsson, læknir frá SÁÁ að ræða þau mál.

Drykkja Íslendinga hefur alltaf verið með endemum



Fundarstjóri, góðir fundarmenn.

Á undanförunum 25–30 árum höfum við á Geðdeild Landspítalans, í tengslum við Geðrannsóknastofu Háskólans, unnið að rannsóknum á áfengisnotkun og áfengismisnotkun. Síðan 1967 hefur Áfengisvarnaráð stuðlað að þessum rannsóknum af þeim mætti sem það hefur getað. Það hefur því miður alltaf hlotið mjög stjúp módurlega meðferð af hálfu stjórnvalda og verið langt frá því að fá það fjármagn sem til þyrfti til þess að það gæti sinn verkefnum sínum. Engu að síður hefur það samt séð nauðsyn þess að stuðla að rannsóknum og veitt nokkurt fé til rannsóknarstarfseminnar á þessum árum.

Það verður að segja líka, að Áfengisvarnaráðið hefur gert þetta af mikilli víðsýni. Það hefur veitt fé til þeirra rannsóknaverkefna sem við, sem að rannsóknunum höfum unnið, höfum talið þurfa að gera á hverjum tíma eða talið fært að gera, og þar með ætla ég að setja upp þetta fyrsta yfirlit svo þið getið séð hvaða rannsóknir við höfum verið að fást við. Fyrsta verkefnið sem við fengumst við sem var nú raunar áður en þessi stuðningur Áfengisvarnaráðs kom til var rannsókn á líkum Íslendinga til þess að verða áfengismisnotkun að bráð og hvaða afleiðingar þessi áfengismisnotkun gæti haft. Á þeim tíma var niðurstaða rannsókna sá, að 10% íslenskra karla mundu einhvern tímann á lífsleiðinni verða áfengis- eða lyfjamisnotkun að bráð og 1% íslenskra kvenna. Þetta þóttu þá mjög háar tölur og fólk gapti og reyndi að gera lítið úr þessu og spila þetta niður en reynslan hefur því miður farið í hina áttina og svipaðar tölur hafa menn síðan fundið í flestum löndum í kringum okkur og þessi 10% tala hefur nokkurn veginn festst í hugum manna jafnvel þó að líkurnar á að fara í meðferð hér á landi séu núna komnar yfir 20%.

Fyrsta verkefni sem við fórum í eftir að Áfengisvarnaráð leitaði til okkar var að rannsaka áhættuþætti, hverjir væru líklegir til að verða áfengismisnotkun að bráð og það var verkefni sem við Gylfi Ásmundsson unnum að og skoðuðum þá ýmsa hegðunarpætti hjá börnum og unglíngum, fjölskylduþætti og hvernig fólk vegnaði í skóla til þess að gera okkur grein fyrir hvernig þetta gengi. Næst tókum við fyrir könnun á dánartölum áfeng-

issjúkra. Það var rannsókn sem Alma Pórarinnsson lækni vann að og komst að þeirri niðurstöðu að dánartölur þeirra áfengissjúklinga sem leitað höfðu meðferðar voru rúmlega tvisvar sinnum hærri en almennt gerist. Síðan hófst rannsókn á áfengisneyslu og arfgengi áfengismisnotkunar en forsenda slíkrar athugunar var auðvitað að gera sér grein fyrir hver hefði verið þróun áfengissölu á landinu. Þetta er mynd sem ég hef sýnt mörgum tugum sinnum til þess að gera fólk grein fyrir hverjar hafa orðið afleiðingar af breytingum á áfengislögum í hvert sinn á síðustu 80 árum, og þið sjáið ef þið skoðið þessa mynd að áfengisneysla er lægst á árabílinu 1916–1920 þ.e.a.s. þegar bannið er á hluta tímabilsins í fullu gildi og síðan vex áfengiseyslan smám saman í hvert skipti sem áfengislögum er breytt og í hvert skipti sem afkoma okkar batnar þá vex neyslan smám saman. Þið sjá-


**Neysla unglínganna
hafði vaxið úr 80 cl á
sex mánuðum upp í
120 cl eða um nærri 50%
með tilkomu bjórsins.
Það var ekki bara bjórinn
sem bættist við
heldur var neysla
unglínganna meiri á
sterkum drykkjum heldur
en fyrir tilkomu bjórsins
og það var kannski
eitt af því sem menn
bjuggust ekki við að
mundi gerast.**

ið að á síðustu árunum vex hún meira og vegna þeirra breytinga sem gerðar voru á áfengislögum 1988 fer neyslan í þveröfuga átt við það sem var tilætlun Alþjóða heilbrigðismálastofnunarinnar.

Á milli árunna 1974 og 1984 fjölgaði áfengisneytendum, hlutfallslega, sérstaklega konum. Körlum fjölgaði úr því að vera 90% í það að vera 92% en konum fjölgaði úr 74% í 82%. Athugun sem Hildigunnur Ólafsdóttir gerði 1988 sýnir að þá var hlutfall kvenna sem neytti áfengis orðið ennþá hærra svo að heldur hefur hallað undan fæti hvað það snertir. Þið sjáið enn fremur á þessari mynd að hjá elsta fólkinu og sérstaklega elstu konunum er hlutfall þeirra sem neyta áfengis langsamlega lægst en aftur á móti langhæst í yngsta hópnum sem þýðir að áfengisneyslan fer vaxandi með tímanum.

Við höfum skilgreint þá misnotendur, sem hafa þrjú eða fleiri af þessum einkennum sem þarna eru sett upp og það þýðir að á árinu 1974 var algengi misnotenda 6%, en á árinu 1984 var það 3 1/2%. Ástæðan fyrir þessari lækkan er fyrst og fremst sú, að þátttakan í könnuninni árið 1984 var miklu lakari en í könnuninni árið 1974 en meðal þeirra sem ekki svara svona könnunum eru venjulega verulega fleiri misnotendur en meðal þeirra sem svara þeim. Á hinn bóginn sjáið þið að fjöldi þeirra sem eru fíknir í áfengi sem eru hinir eiginlegu áfengissjúklingar er nokkurn veginn svipaður á milli ára 1,8% og 1,4% en hins vegar hefur orðið nokkur þróun í þá átt að fjöldi stórdrykkjumannna, þ.e.a.s. þeirra sem drekka hálfá flösku eða meira í hvert skipti, hefur heldur lækkað frá árinu 1974 til ársins 1984.

Næsta glæra sem ég ætla að sýna ykkur er kannski viðmiðun sem við þurfum að hafa þegar við erum að meta hugsanlegan árangur af meðferð. Þið sjáið að á árinu 1974 voru taldir 97 misnotendur en þegar við höfðum samband við fólk á eftir 5 ár voru 48, sem ég setti „batnað“ við vegna þess að þá náðu þeir ekki skilgreiningunni sem við höfðum sett fyrir því hverjir væru misnotendur og aðeins lítil hluti eða 6 af þessum 48 sem hafði „batnað“ voru krónískir áfram þrátt fyrir meðferð. Þetta þýðir kannski ekkert annað en að þeir sem voru krónískir áfram




voru raunverulega meira veikir eða raunverulega verr farnir.

Drykkja Íslendinga hefur alltaf verið heldur með endemum, þ.e.a.s. ölvunartíðnin hefur verið mjög mikil. Það hefur yfirleitt verið regla hér að menn hafa drukkið þangað til að allt hefur verið búið eða þangað til þeir hafa ekki getað meir og þetta er úr norrænu áfengiskönnuninni sem Hildigunnur Ólafsdóttir vann fyrst og fremst að fyrir okkar hönd. Þar er borin saman ölvunartíðni á Norðurlöndunum og þá kemur í ljós að eftir því hversu mikils magns menn neyta á hverju ári eykst ölvunartíðnin. Á Íslandi er þetta mun meira í öllum tilvikum. Íslendingar drekka alltaf þannig að hlutfallslega fleiri verða ölvaðir af sama árlegu magni sem neytt er heldur en hinir Norðurlandabúarnir.

Þar með ætla ég að snúa mér meira að því sem lítur að meðferðarstöðunum. Þetta línurit sýnir ykkur hvernig nýgengi alkóhólísta hefur breyst á seinustu 40 árum miðað við að nýgengið er skilgreint þannig að menn eru að leita meðferðar í fyrsta sinn og þá sjáið þið að á árunum 1952 til 1954 var nýgengið mjög hátt. Þá kom nefnilega fram nýtskumæðferð sem varð mjög vinsæl „antabus“. Það voru allir sendir í antabusmeðferð og þar af leiðandi var nýgengi mjög hátt. Síðan smá lækkadi það eftir því sem menn urðu fyrir vonbrigðum með antabusmeðferðina. Síðan kom meðferðarheimili Bláa bandsins og hélt þessu uppi svoltínn tíma. Svo hætti það og hérna var eingöngu veitt meðferð á Kleppspítalanum og þá hélst nýgengið nokkuð stöðugt yfir 12 ára bil en svo jókst meðferðarstöðin á Kleppspítalanum og síðan bættist við SÁÁ, og þá rauk nýgengið upp eftir því sem að meðferðarplássunum fjölgaði og náði hámarki 1984 eftir að meðferðarstöðin á Vogu opnaði. Síðan hefur meðferðarplássunum ekki fjölgað og haldist nokkurn veginn stöðug og nýgengið miðað við meðferð hefur heldur farið lækkandi eins og þið sjáið hérna þó mest á árinu 1990.

Þegar við erum að skoða þennan fjölda sem hefur farið í meðferð er kannski rétt að skoða og bera saman þá sem eru að koma í meðferð í fyrsta sinn og allar innlagnir á hverju ári. Hér er meðferðarfjöldi miðaður við 100.000 manns á ári, 15 ára og eldri, og af þessu sjáið þið að þeir sem eru að koma í fyrsta sinn eru hérna frá og með 1980 og þó sérstaklega frá og með 1985 eru 1/4 af öllum þeim sem eru að koma í meðferð þ.e.a.s. að þrjár af hverjum fjórum sem koma í meðferð á hverju ári hafa verið í meðferð einhvern tím-ann áður.



Eftir breytinguna sem gerð var á áfengislög- unum á árinu 1988 kom náttúrulega í ljós það sem við mátti búast. Heildarsala áfengis jókst mjög verulega á milli áruna 1988 og 1989 eða um 23% og það var fyrst og fremst vegna þess að helmingurinn af bjórsölunni var hrein viðbót. Vínsala minnkaði dálítið og einnig salan á sterku áfengi.

Síðan kannaði Ása Guðmundsdóttir áfengisneyslu hjá ungmendum á aldrinum 13–19 ára og Hildigunnur Ólafsdóttir kannaði neyslu hjá þeim sem voru fullorðnir og þá kom í ljós að neysla hinna fullorðnu virtist ekki hafa breyst verulega á milli ára en neyslan hjá unglíngunum hafði vaxið mjög mikið eins og þið sjáið. Hún hafði vaxið úr 80 cl á sex mánuðum upp í 120 cl eða um nærri 50% með tilkomu bjórsins. Það var ekki bara

bjórinn sem bættist við heldur var neysla unglínganna meiri á sterkum drykkjum heldur en fyrir tilkomu bjórsins og það var kannski eitt af því sem menn bjuggust ekki við að mundi gerast.

Aðferðir til þess að hafa áhrif á neysluna eru t.d. aðgengi og kostnaðurinn. Ég ætla fyrst að sýna ykkur einfalda vísitölu sem menn hafa stundum stungið upp á þ.e.a.s. hvað flaskan af „Svarta dauða“ kostar miðað við laun verkamanns. Þetta hefur passað nokkurn veginn síðan 1936. Eins og þið sjáið þurfti verkamaður í Dagsbrún í III. flokki að vinna í 6 stundir fyrir flösku þá og 1990 þurfti hann að vinna í 6 stundir fyrir flösku, þannig að þarna eru mjög nán tengsl á milli. Annað sem skiptir máli í sambandi við framboð og aðgengi á áfengi er fjöldi útsölastaða og fjöldi veitingastaða og þarna sjáið þið að frá 1950 til 1990, á 40 ára bili, hefur fjöldi veitingastaða eða fjöldi vínveit- ingastaða hundraðfaldað en árið

1950 var aðeins einn vínveitingastaður, eitt hótél á landinu sem hafði leyfi til að veita vín, það var Hótél Borg. Árið 1990 eru þetta orðnir 216 staðir eða einn vínveitingastaður á hverju 1100 íbúa sem eru 15 ára og eldri. Þannig er óhemju pressa á að selja áfengi sem er mjög veigamikilið atriði þegar verið er að móta stefnu í áfengismálum. Halda þarf niðri, eða bremsa fjöldann á vínveitingastöðunum og auðvitað líka að halda niðri fjölda útsölastaðanna. Útsölastöðunum hefur ekki fjölgað nærri eins mikið. Árið 1950 var einn útsölastaður á 17.000 íbúa en árið 1990 einn útsölastaður á 10.000 íbúa.


Ég ætti kannski að enda á því sem skiptir verulegu máli þegar verið er að móta stefnu í áfengismálum þ.e.a.s. að hafa hemil á framboðinu því það er fyrst og fremst framboðið og aðgengið sem skiptir máli þegar litið er á heildarneysluna. Hérna hef ég sett upp 2 línur, annars vegar hver hin raunverulega heildarneysla var á hverju ári og hins vegar spá um hvernig hún hefði orðið ef hún hefði fylgt kaupmætti ráðstöfunartekna heimilanna nákvæmlega. Kaupmáttur ráðstöfunartekna er samkvæmt upplýsingum Hagstofu. Þar falla nokkurn veginn saman hin raunverulega sala og spáin þangað til 1989 en þá minnkar kaupmátturinn. Þegar bjórinn kemur á markaðinn 1989 rýkur heildarsalan upp þrátt fyrir að kaupmátturinn minnki.

Á árinu 1990 heldur kaupmáttur áfram að minnka og þá hefur heildarsalan aftur minnkað aðeins á milli ára. Þetta er kannski það veganesti sem ég held að menn ættu að hafa með sér þegar þeir fara að ræða um hvort eigi að breyta áfengislögum og hvort eigi að búa til sérstök áfengisvarnarlög. Ég vona að þetta geti orðið veganesti fram á morgundaginn.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Tómasi Helgasyni fyrir rösklega framsögu. Óttar Guðmundsson talar næstur.

Hvenær hættir alkóhólistinn að drekka?



Heilbrigðisráðherra, góðir fundargestir. Enginn er búmaður nema hann kunni að berja sér, segir einhvers staðar í gömlu mál-tæki og fáar þjóðir ef nokkrar þekki ég sem eru gagnrýnni á eigið þjóðskipulag, eigin lífskjör og stjórnvöld en einmitt Íslendingar. Og slíkar gagnrýnisráddir eru mjög vel þekktar meðal starfsmanna í heilbrigðiskerfinu sem sífellt eru að bera íslensk sjúkrahús og heilbrigðisstarfsmenn og heilbrigðisstofnanir saman við einhverjar heilbrigðishallir í Bandaríkjunum eða Svíþjóð á ákaflega neikvæðan hátt. Í slíkri umræðu er gott að geta þess sem vel er gert og sem Íslendingar gera að mínu mati betur en nokkrir aðrir.

Á sviði áfengismála hafa Íslendingar mótað sér algjöra sérstöðu meðal þjóða. Heildarneyslan hér er minni heldur en víðast hver annars staðar þótt hún hafi aukist á seinni árum eins og fram hefur komið hérna og meðferð á alkóhólistum er betur skipulögð hér á landi en annars staðar. Á Íslandi gefst öllum sem þess æskja kostur á að fara í meðferð sem rekin er samkvæmt því besta sem þekktist í þeim málum í heiminum í dag og margir íslenskir áfengisráðgjafar starfa á Norður-

löndum við góðan orðstír og sumar meðferðarstofnanir í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og víðar eru reknar fyrst og fremst af Íslendingum sem sýnir að við höfum ákveðna forystu, enda eru flestir á einu máli um að við höfum náð lengst allra Norðurlandþjóða á þessu sviði.

Ég er sjálfur þeirrar skoðunar að umfangsmikil starfsemi í þágu alkóhólista sé íslensku heilbrigðiskerfi til mikils sóma og hafi bjargað lífi fjölmargra sem þangað hafa leitað en þá er það spurning hverju sætir það, að hér skuli svona lítið drukkið en jafnframt vera svona mikið um meðferð og gott framboð af meðferðarúrræðum og ég tel að skýringin á þessu sé sú, að aldagamlar drykkjuvenjur þjóðarinnar hafi verið þannig. Íslendingar hafa ávallt drukkið sig ákaflega ölvaða þegar þeir drekka þó það sé sjaldan. Þannig hafa þeir drukkið meira en aðrir þegar þeir drukku, þó svo þeir drykkju sjaldan og slíkum drykkjuvenjum hafa fylgt mikil félagsleg vandamál sem hlotist hafa af endurtekinni ofurölvun og stjórnleysi.

Ég hef á síðustu misserum gert könnun á drykkjuskap íslenskrar þjóðar frá upphafi


vega og mér til mikillar furðu virðast drykkju-síðir lítið hafa breyst í gjaldanna rás.

19. aldar maðurinn Tómas Sæmundsson kvartar á svipaðan hátt undan drykkjulátum og stjórnleysi og 18. aldar maðurinn Jón Árnason biskup. Sverrir konungur kvartar í frægri bindindisræðu á 12. öld einmitt undan þessu sama og lífsviðhorf margra endurspeglast kannski í þessari vísu eftir Pál Ólafsson:

Finnst þér lífið fúlt og kalt
fullt er það með lýgi og róg
En brennivínið bæti allt
bara að það sé drukkið nóg.

Þannig hafa Íslendingar haft þessa jákvæðu afstöðu gagnvart áfengi og þeir ættu að drekka mikið þegar þeir drykkju. Samkvæmt norrænni goðafræði sátu einherjar í Valhöll og drukku sig dauðadrukka á síðkvöldum, vöknudu að morgni til að berjast og drekka sig aftur fulla um kvöldið, þannig að paradís norrænna manna var eitt stöðugt fyllerí og slagsmál. Á söguöld hittust menn mjög reglulega til blóta og annarra hátíðarhalda og drukku og skemmtu sér og sama er uppi á teningnum þegar seinni alda heimildum er fylgt, að bændur drukku sig mjög ölvaða í kaupstaðuferðum og lentu svo í miklum hrakningum á heimleiðinni. Íslenskir stúdentar drukku sig mjög ölvaða í Kaupmannahöfn og margir biðu þar einmitt beiskan bana í síkjum borgarinnar yfirkomnir af harmi og vand-ræðagangi.

Danskir kaupahéðnar kvörtuðu ákaflega mikið undan ásókn íslenskra viðskiptavina sem hengju fram á búðarborðin og mændu vonaragum á kaupmann og undirlyllur hans og báðu um brennivín en slíkar staupagjafir voru íslenskum þjóðernissinum ákaflega mikill þyrnir í augum enda var drykkjuskapur skaðlegur fyrir íslenska þjóðerniskennd og þjóðfrelsi. Þessi drykkjusíðir Íslendinga höfðu einn kost í för með sér. Menn drukku mikið þegar þeir drukku en svo rann af þeim á milli og þá gátu menn mótað einhverja stefnu



Alkóhólisma
læknar enginn maður endanlega
en sjúklingurinn getur haldið einkennum hans
í skefjum með því að drekka ekki,
hann þarfnast hjálpar en sjálfur ber hann
ábyrgð á bata sínum.
Þá er það spurningin hvort hefja eigi aftur
drykkjuskap og engan alkóhólista þekki ég
sem drekkur eins og áður
en flestir reyna á nýjan leik.

í áfengismálum og skorið upp herör en flutu ekki hálfsofandi og hálfdrukkniir að feigðarósi eins og margar nágranhöfjódör okkar hafa gert, þar sem menn hafa drukkið mun meira heldur en hér og þar sem dagleg neysla hefur verið mun algengari.

Menn hafa eiginlega á öllum tímum gert sér grein fyrir skaðsemi drykkjunnar og reynt að fara í mislög bindindi með hátíðlegum heilstrengingum og þessi vísa er eftir skáldið og prestinn Jón Þorláksson sem uppi var á 18. og 19. öld:

Vín ég sver og víf frá mér
svo vond af reiði
góður bið ég guð mig leiði
svo geti ég dugað þessum eiði.

Fyrsta bindindishreyfingin á Íslandi óx upp úr jarðvegi ættjarðarástar og þjóðernisstefnu og Fjölismenn urðu fyrstir til þess að stofna íslenskt hófsemdarfélag í Kaupmannahöfn á síðustu öld þó svo að nokkrum þeirra entist ekki ævi eða hlotnaðist sú gæfa að halda bindindisheitin sín, því miður. En síðan þá hefur íslensk bindindishreyfing í raun verið í stöðugri sókn og ákveðnum vexti þó svo að oft hafi hressilega gefið á bátinn. Bindindishreyfingu aldamótaáranna tókst að hafa mjög mikil áhrif á heildarneyslu áfengis sem snarminnkaði á bannárunum og þessari öld hefur alltaf verið rekin mjög öflug stefna í áfengisvörnum og meðferðarmálum hér á landi.

AA-samtökin bárust til Íslands um miðja öldina, Bláa bandið var stofnað og nú á síðustu tímum SÁÁ sem hefur haslað sér völl í meðferðarmálum. Það er ekki vanþörf á þessum aðgerðum vegna þess að mikið er drukkið í landinu ennþá og mynstrið er ennþá það sama, þessi stjórnlausu drykkja þegar drukkið er þannig að margir láta lífið og slasast alvarlega í drykkju og sumir vinna óhæfuverk, aðrir missa æru og aleigu sína vegna þessa stjórnleysis sem óheft drykkja hefur í för með sér. Meðferðin er í stöðugri sókn og er það mjög vel.

SÁÁ mun fljótlega taka í notkun nýtt meðferðarheimili, Vík. Að Tindum er tekið á vímuefnavanda unglunga og meðferðarstofn-

anir ríkisspítalanna eru í stöðugri mótun. Fjöldi þeirra sem farið hafa í meðferð er gífurlegur enda hafa um 5% þjóðarinnar 15 ára og eldri innritast á meðferðarstofnanir alkóhólisma og líkurnar fyrir því að íslenskur karlmaður fari í meðferð eru taldar um 25%. Það hafa margir orðið til að gagnrýna þessa umfangsmiklu meðferðarstefnu sem rekin er hérlandis, talið henni margt til foráttu og þá sérstaklega að hún sé alltof dýr.

Ég er búinn að vinna mjög lengi við meðferð og engan mann þekki ég sem fór í áfengis meðferð að gamni sínu og í langflestum tilvikum lágu gildar ástæður að baki ákvörðuninni að leita sér aðstoðar og beiðast innlagnar á einhverja meðferðarstofnun. Margir tóku þessa ákvörðun einir og óstuddir en aðrir komu inn vegna þrýstings frá aðstandendum, vinum, vinnufélögum eða vinnuveitendum. Yfirleitt höfðu einhver vandamál komið upp varðandi drykkju er gangskör var gerð að því að komast í meðferð. Meðalaldur þeirra sem leggjast inn á meðferðarstofnanir á Íslandi er liðlega 35 ár og þessir einstaklingar hafa að baki margra ára sögu um vandræði sem stafa af ofneyslu áfengis eða annarra vímuefna.

Flestum hefur þó tekist að afneita, réttlæta eða gera lítið úr drykkjunni um árabíl og töldu meðferð vandan kost en loks kom að því að þeim tókst ekki lengur að verjast ásókn aðstandenda og eigin samvisku og ákváðu því að gera eitthvað í þessum málum. Ég var einu sinni á ráðstefnu um áfengismál úti í Bandaríkjunum og hlustaði þar á prest og heimspeking halda erindi sem hann nefndi „Hvenær hættir alkóhólistinn að drekka?“ Hann komst að þeirri niðurstöðu eftir langan og illskiljanlegan fyrirlestur að alkóhólistinn hætti ekki fyrr en sársaukinn yrði of mikill og þetta held ég að séu orð að sönnu. Menn koma fyrst til meðferðar í einhverri alvöru þegar sársauki sem rekja má til endurtekinna ósigrar, niðurlægingar og vandræða er orðinn of mikill. Það er þessi sársauki, kvíði og vanlíðan sem endanlega rekur menn úr draumaheimi vímunnar inn í veröld raunveruleikans og þá taka menn þá ákvörðun að gera eitthvað til að ná tökum á eigin lífi.

Fæstir þeirra sem koma til meðferðar í

fyrsta skipti átta sig á samhengi milli eigin vanlíðunar og drykkju en langar til að breyta einhverju til hins betra og í meðferðinni lærir alkóhólistinn að árangur meðferðar er í höndum hans sjálfs. Í venjulegum lækningum ber sjúklingur tröllatru til læknisins og bíður eftir því að hann komi og lækni sig en alkóhólisti læknar enginn maður endanlega en sjúklingurinn getur haldið einkennum hans í skefjum með því að drekka ekki, hann þarfnast hjálpar en sjálfur ber hann ábyrgð á bata sínum. Þá er það spurningin hvort hefja eigi aftur drykkjuskap og engan alkóhólista þekki ég sem drekkur eins og áður en flestir reyna á nýjan leik.

Árangur meðferðar verður aldrei mældur einhliða í allsgáðum mánuðum eða árum heldur einungis í þeim breytingum sem verða á lífi einstaklingsins þann tíma sem honum tekst að halda sér frá áfengi hversu langur eða skammur sem hann er.

Mikill uppgangur AA-samtakanna á Íslandi ber órækt vitni um allan þann fjölda einstaklinga sem berst við að halda sér frá áfengi með aðstoð þeirra frá degi til dags. Fremur litlar breytingar á þessu ári á áfengissölu þrátt fyrir tilkomu bjórs og þrátt fyrir fjölgun útsölastaða benda einmitt til þess að fjöldi stórneytenda hefur hætt drykkju. Þeir sem farið hafa í meðferð eru yfirleitt mjög ánægðir með þá ákvörðun sína hvort sem þeim tekst að hætta að drekka eða ekki í þeirri lotu og kannski er það eini raunhæfi mælikvarðinn á gæði heilbrigðisþjónustu hvort viðskiptamennirnir, sjúklingarnir, séu ánægðir eða ekki og á því sviði tel ég að áfengis meðferð hafi algjörlega yfirburði yfir annað í heilbrigðisþjónustunni vegna þess að þar hittir maður langánægðustu sjúklingana.

En betur má ef duga skal og ég tel að samvinna meðferðarstofnana þurfi að verða betri en hún hefur verið og aðhald með þeim verði aukið. Það þarf að vera einhver heildarfyrirsýn fyrir hendi en núna starfa allar þessar stofnanir óháðar hver annari og hafa ákaflega litla samvinnu, því miður. Auk þess verða meðferðarstofnanir að gera reglulega grein fyrir þeim árangri sem þær ná og hvað þær eru að gera og að þessu held ég að við verðum að reyna að vinna á næstu árum.

Með þessu frumvarpi til áfengisvarnalaga er staðfest sú meðferðarstefna sem hér hefur verið rekin og er það vel, en allir drykkjumenn sem ég þekki, hvar svo sem þeir hafa farið í meðferð eða hvort sem þeir hafa farið í meðferð og hvaða meðferðaraðferðum, meðferðarstefnu hefur verið fylgt geta tekið undir með Páli Ólafssyni þegar hann segir:

Drukkið hef ég ár og ævi
og eignast svo margan hatt úr blýi
það vildi ég að guð mér gæfi
ég gæti hætt þessu svínarífi.

Guðrún Agnarsdóttir:

Þakka þér fyrir Óttar og þá er það Guðbjörn Björnsson.

Rúmlega 10.000 Íslendingar hafa notið meðferðar hjá SÁÁ



Ráðherra, fundarstjóri, góðir fundargestir. Mig langar að stikla í stuttu máli á markmiðum, meðferð, rannsóknnum og kynna að eins betur SÁÁ.

Pannig er að stofnanir SÁÁ hafa í rúman áratug meðhöndlað yfir 10.000 einstaklinga á Íslandi vegna áfengis- eða vímuefnavanda. Af þessum hópi hafa yfir 70% greinst með eingöngu áfengisvandamál þ.e.a.s. eru fíknir í áfengi og þá er greining gerð samkvæmt alþjóðlegum staðli og sömu greiningaraðferðum sem Tómas var hér með uppi á töflu áðan. Þau 30% sem eftir eru, er fólk sem hefur fengið aðrar neyslugreiningar, s.s. cannabisneytendur. Þeim hefur reyndar fækkað undanfarnin ár. Á síðasta ári voru cannabisneytendur úr þeim hópi sem komu u.þ.b. 14% en 5 árum áður voru þeir yfir 20%. Amfetamínneytendur voru á síðasta ári 8% af þeim 1550 einstaklingum sem lögðust inn hjá SÁÁ

en voru 5 árum áður 14,5% svo að þarna er talsverð lækkun. Síðan hefur komið inn stór hópur fólks sem hefur haft önnur vímuefnavandamál og þá helst tengd róandi lyfjum. Það er fólk sem hefur misnotað lögleg vímuefni en þá hefur yfirleitt verið um blandaða neyslu að ræða.

Ég ætla ekki að ræða mikið um meðferðina og í hverju hún er fólgin. Ég geri ráð fyrir að margir ef ekki flestir ráðstefnugestir þekki til þessarar meðferðar sem er að ryðja sér til rúms víðast hvar í kringum okkur, bæði í Bandaríkjunum og Evrópu.

Í stuttu máli er meðferðin fólgin í afvötnun, það er afeitrun, í u.þ.b. 10 daga og síðan er full eftirmeðferð á eftirmeðferðarstöðum eins og Sogni, en verður núna á Vík á Kjalarnesi og að Staðarfelli. Það er engin fjölgun á plássum sem verður við þessa breytingu heldur er flutt í nýtt húsnæði.

Eins og ég sagði þá komu um 1550 einstaklingar til okkar í meðferð 1990 og það eru tæplega 2000 innlagnir hjá SÁÁ á ári. Þeir sem fara í fulla meðferð á þessa tvo staði eru á milli 800 og 900.

Rannsóknir hafa verið alltof lítið stundaðar hjá SÁÁ. Það er óhætt að segja að það hafi verið vegna skorts á fjármagni og ekki síður vegna skorts á tíma og mannafla. Það fólk sem hefur unnið þarna hefur átt fullt í fangi með að sinna meðferðinni sem slíkri og það hefur gefist líttill tími til að sinna rannsóknum. Þó hefur ýmislegt verið gert og það er ljóst að árangur meðferðar SÁÁ er eins góður og bestur verður hjá sambærilegum stofnunum og er þá aðallega miðað við stofnanir í Bandaríkjunum.

Það hafa verið gerðar kannanir hjá SÁÁ, forkannanir, minni kannanir bæði 1983 og 1987 á árangri og má búast við að yfir 40% af þeim sem eru að koma í sína fyrstu meðferð hjá SÁÁ séu ennþá „edru“ og í bata eins og það er kallað eftir 2 ár. Eftir tvær meðferðir eða fleiri koma sumir eingöngu til okkar á göngudeild, sem er rekin hér í Síðumúlanum, og fer sú þjónusta stöðugt vaxandi og eins landsbyggðapjónustan.

Við þykjumst sjá bestan árangur á því hvernig gengið hefur síðasta áratug hjá endurkomumönnum í hópi eldri cannabisneytenda en þeim hefur fækkað mjög, en tala yngstu hópanna breytist mjög lítið. Það virðist eins og efnið cannabis, hassið, sé jafn aðgengilegt á Íslandi eins og fyrir nokkrum árum. Það virðist jafn auðvelt fyrir unga fólk að ná í þetta efni og áður en það virðist vera ljóst að eldri cannabisneytendum fækkar stöðugt hjá okkur og við getum ekki túlkað það á annan veg en að þetta fólk sé búið að ná bata, sé hætt neyslu, og sé í AA-samtökunum.

Þetta er mjög stórt stökk úr 20% fyrir 5 árum niður í 14%. Það er ljóst að einhver aukning varð á áfengisneyslu 1989 og það er óvíst hvort hún ætlar að ná jafnvægi aftur. Við teljum þó ástæðuna fyrir því að aukningin skuli ekki vera meiri, sennilega vera þá, að SÁÁ hefur tekið úr umferð síðastliðinn áratug þúsundir af þyngstu drykkjumönnum kannski 4–5000 en það var fólk sem drakk á ári á milli 100 og 200 áfengisflöskur og þar



ÚR MYNDASAFNI DV

SÁÁ hefur tekið úr umferð síðastliðinn áratug þúsundir af þyngstu drykkjumönnum kannski 4–5000 en það var fólk sem drakk á ári á milli 100 og 200 áfengisflöskur og þar yfir. Þetta er gífurlegt magn.

yfir. Þetta er gífurlegt magn ef einhver nennir að margfalda. Þannig er mjög sennilegt að þetta hefði annars litið öðruvísi út, og get ég til stuðnings máli mínu vitnað í skýrslu Lög- reglustjóraembættisins þar sem þeir tala um gistingar í fangageymslúm. Það er ljóst að einstaklingunum þar hefur fjölgað meira. Kannski eru fleiri neytendur sem nota þetta húsaskjól og áfengismagn dreifist á fleiri og kannski yngri hópa en þessa erf- idustu og þyngstu ofdrykkjumenn sem við teljum að margir séu „edru“ í dag, og fækkar hjá Lögreglu- stjóraembættinu í gistingu.

Við hjá SÁÁ sinnum milli 80– 90% af allri áfengis- og vímu- efnamedferð á Ís- landi. Við teljum okkur skylt að gera ítarlegar fag- legar rannsóknir á okkar starfi og meðferðarárangri og það verk er í undirbúningi. Það hefst í byrjun næsta árs og verður byggt á ýmsum tölum og niðurstö- um sem áður hafa verið lagð- ar fram. Þetta verður gert á í- tarlegan hátt og öðruvísi en áður, til þess að staðfesta það sem við höfum verið að tala um í langan tíma.

Það er ljóst samkvæmt frumrannsóknum okkar, en hér hafa menn verið að vitna í þær og það eru rannsóknir sem byggðar eru á tölulegum staðreyndum að 25% karla muni þurfa á áfengismedferð að halda einhvern tíma á æv- inni. Þetta voru tölur sem skutu mörglæknir SÁÁ talaði um þær á síðasta ári en virðist



hafa náð hljómgrunni nú og njóta stuðnings annarra lækna, deilda og stofnana.

Tómas Helgason hefur tölur og upplýsing- ar sem styðja þetta og það er ljóst að u.þ.b. 25% karla muni þurfa á áfengismedferð að halda einhvern tíma ævinnar og u.þ.b. 10% kvenna. Þrátt fyrir þessar tölur sem mörgum þykir erfitt að kyngja erum við reiðubúnir til

að axla okkar hlut í þessu máli og við mun- um halda ótrauð áfram.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Guðbirni og öllum öðrum fram- sögumönnum fyrir ágæt erindi sem verða okkur veganesti ásamt drögum að frum- varpinu í pallborðsumræðurnar.




UR MYNDASAFNI DV

Þá er næsti liður á dagskránni pallborðs- umræður sem Árni Gunnarsson, fram- kvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands, ætlar að stjórna og í pallborði munu verða þeir sem flutti erindi í dag og einnig þeir sem ætla að tala fyrir hönd nefndarinnar sem samdi frumvarpið sem hér liggur frammi.

Bæði efni erindanna og efni frumvarpsins, a.m.k. í stórum dráttum, eru hér til umræðu og eins annað sem menn vildu koma á fram- færi.

Nú fel ég pallborðsumræðurnar Árna Gunnarssyni.



Árni Gunnarsson:

Umræða um þennan þátt hins íslenska mannlífs hefur verið með endemum



Komið þið sæl, þá er komið að pallborðs-umræðum.

Í þeim er ætlunin að ráðstefnugestir geti spurt spurninga, komið fram með ábendingar og jafnvel athugasemdir, en tíminn er ákaflega knappur þannig að við verðum að takmarka okkur nokkuð, bæði í spurningum og svörum. Það hefur komið fram að hér munu sitja fyrir svörum þeir menn sem hafa samið þau frumvarpsdrög sem þið hafið undir höndum. Ég hygg hins vegar að þátttakendur hafi ekki lesið frumvarpið nægilega vel til þess að við getum farið í harða umræðu um frumvarpið, galla þess og kosti, en engu að síður eru nefndarmennirnir hér.

Góðir ráðstefnugestir, ég hygg að það hefðu þótt tíðindi fyrir örfáum árum ef hægt hefði verið að draga saman 200 manns til þess að ræða af alvöru um vímuefnamál og vandamál tengd þeim. Sannleikurinn er sá,

að um alltof langan tíma einkum og sér í lagi hjá stjórnvöldum og löggjafarsamkomunni hefur umræðan um þennan þátt hins íslenska mannlífs verið með nokkrum endemum. Ef við förum að ræða þetta frumvarp hér á eftir, þá hygg ég að það væri líka mjög fýsilegt að fjalla um það, hvaða von er í því að þetta frumvarp fái góðan framgang. Ég spyr þessarar spurningar vegna þess að ég veit hvernig þessi mál hafa gengið fyrir sig á Alþingi Íslendinga á undanförunum árum og áratugum.

Mér er mjög minnisstæð umræðan um bjórinn. Mér er líka minnisstæð umræðan um lækkun á prómillmagni í blóði manna sem aka bílum, en hún varð að hálfgerðu gríni eins og raunar bjórumræðan. Þegar þessi mál koma til umræðu á Alþingi hverfa allir úr sal og yfirleitt eru það örfáar konur sem sitja eftir. Þetta er líka eitt af mjúku málunum og umræðan verður harla lítil. Það var

líka tekin fyrir snemma á þessu ári tillaga til þingsályktunar um aýknar varnir gegn vímuefnum og þá held ég að það hafi verið 4 þingmenn í salnum.

Í erindunum hefur margt merkilegt komið fram og ég hygg að þið viljið fara að ræða þau þegar í stað.

Sighvatur Björgvínsson segir hér í erindi sínu. „Það er hægt að ná árangri“. Maður fer að hugsa eftir orð Tómasar Helgasonar hvort hægt sé að ná árangri.

Þetta þurfum við að ræða. Stundum finnst mér ný vandamál bætast við þegar tekið hefur verið á öðrum.

Ég ætla ekki að tefja þetta en það er ótalmargt sem ég hef hug á að komi hér fram og bæti því þá inn í ef hörgull verður á spurningum eða ábendingum.

Þá er orðið laust í þessari pallborðsumræðu.



Hildigunnur Ólafsdóttir:

Ég heiti Hildigunnur Ólafsdóttir og vinn á Geðdeild Landspítalans. Á meðan þessi nefnd hefur verið að störfum sem hér hefur kynnt störf sín hefur líka verið önnur nefnd að störfum á vegum Fjármálaráðuneytisins um möguleika á einkavæðingu áfengiseinkasölu og mig langar til að spyrja hvort þessar nefndir hafi eitthvað hist og hver sé afstaða nefndarinnar sem hér hefur kynnt verk sín. Hvaða afstöðu hún hafi til breytinga á einkasölu á áfengi, þ.e.a.s. einkavæðingar á áfengiseinkasölu?

Árni Gunnarsson:

Já ætli við leyfum ekki Ingimari að koma í hljóðnemann.

Ingimar Sigurðsson:

Því er til að svara að það hafa ekki verið nein sambönd á milli þessara tveggja nefnda. Hins vegar reiknuðum við með að fulltrúar Fjármálaráðuneytisins kæmu til þessa fundar og gerðu grein fyrir þessum málum en því var hafnað.

Það er ekkert launungarmál að þetta frumvarp sem við félagarnir höfum verið að vinna að tekur mið af óbreyttri stefnu í sölumálum á áfengi og verði henni breytt þá kollvarpast öll þau sjónarmið sem við leggjum til grundvallar. Fyrir vikið töldum við ákaflega brýnt að fá úr því skorið hvað Fjármálaráðuneytið væri að hugsa, einfaldlega vegna þess að Fjármálaráðuneytið mótast stefnuna í áfengisvarnamálum meira en önnur ráðuneyti.

Árni Gunnarsson:

Það hefði verið fróðlegt í framhaldi af þessu að spyrja Ingimar að því hvaða áhrif hugsanleg áðild Íslendinga að Evrópska efnahagssvæðinu hefði á þá auglýsingaklásúlu sem er í 10. grein frumvarpsins?

Ingimar Sigurðsson:

Í sambandi við þessi mál og reyndar einnig tóbaksvarnamál og annað þeim tengt og samning við EB, telja Norðurlöndin sig hafa gengið tryggilega frá því að við þessum atriðum verði ekki hróflað, hvorki einkasölu né banni við auglýsingum á áfengi.

Ég var á fundi í Strassburg í þessari viku í Evrópuráðinu þar sem m.a. var verið að ræða þessi mál. Staðreyndin er sú, að lönd Evrópuráðsins sem eru orðin 26 með Póllandi, sem kom inn í fyrradag, eru þeirrar skoðunar að það þurfi að taka upp „norrrænt kerfi“ í sambandi við áfengisvarnir í löndunum. Sú bábilja að það eigi að gefa allt frjálst virðist ekki ná út fyrir landsteinana hvað þetta snertir og ég get nefnt ykkur dæmi, að meðan við erum



að veita leyfi til áfengissölu við þjóðvegi landsins eru Frakkar að banna hana.

Við teljum að ekki sé verið að breyta neinu í sambandi við þessi mál í tengslum við samning um EES. Það sem gerist er að verið er að koma málum þannig fyrir að menn eigi sama rétt til búsetu og atvinnu hér á landi sem og í öðrum aðildarríkjum, en það hefur ekkert með löggjöf varðandi vímuefni að gera.

Árni Gunnarsson:

Já, þá bíðum við eftir fyrirspurnum eða ábendingum.

Tómas Helgason:

Mig langar að kasta tveim „kínverjum“ inn í umræðuna. Sá fyrri er hvort yfirhöfuð sé ástæða til að búa til sérstök áfengisvarnalög.

Við höfum ágætist áfengislög og í þeim er kafli um áfengisvarnir, þannig að mér fyndist að það mætti vel huga að því að í staðinn fyrir að búa til sérstök áfengisvarnalög gerðum við kannski þennan kafla sem er í gildandi lögum, sem heita áfengislög, svoltið ítarlegri.

Annað sem mig langar að kasta líka inn í umræðuna sem ég vona að fólk hugi að á morgun þegar verður farið að tala meira um þetta í hópum, varðar það sem um sölu og meðferð áfengis segir, en þar erum við Ingimar mjög sammála þó okkur greini á um margt annað.

Hér á ég við 2. kafla frumvarpsins, um áfengisauklýsingar. Ég vil breyta þessum kafla ef frumvarpið á að vera sjálfstætt. Þá vil ég breyta þessum kafla þannig, að í stað 10. gr. um áfengisauklýsingar, heiti kaflinn sala

og meðferð áfengis og 10. greinin verði svo-leiðis í fyrsta lagi til þess að stýra áfengissölu og taki mið af því að neysla verði í lágmarki. Verði ríkistjórninni einni heimilt að flytja inn, framleiða og dreifa áfengi þ.e.a.s. ég flyt áhersluna úr lögum um áfengiseinkasölu sem snýr að því að Fjármálaráðuneytið stýri áfengisversluninni til þess að hámarka gróðann fyrir sig yfir í það að nota áfengisverslunina fyrst og fremst sem stjórntæki til þess að draga úr neyslunni.

Í öðru lagi yrði 2. málsgrein 10. greinar þá, að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annist sölu- og dreifingu áfengis í landinu. Henni skal setja sérstaka stjórn sem sér um að markmið 1. gr. náist og í þriðja lagi, að stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skuli skipuð 5 mönnum. Formaður skal tilnefndur af áfengis- og vímuvarnaráði og síðan einn af hverjum eftirtalinnna ráðherra; heilbrigðisráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra og þar með ætti að vera sæmilega tryggt að markmið áfengissölu-unnar væri að draga úr heildarneyslunni. Í fjórða lagi vil ég taka það sem er í núgildandi lögum sem er stutt og laggott. Áfengisauglýsingar eru bannaðar og síðan yrði það útfært nánar í reglugerð sem væri svipað því sem er í frumvarpinu núna og í fimmta lagi að öðru leyti fer um sölu og veitingar áfengis eftir áfengislögum.

Árni Gunnarsson:

Þakka þér fyrir Tómas, það er kannski skynsamlegt að geyma lengri umræðuna til nefndarstarfa á morgun en reyna að raða þessu með tiltölulega stuttum spurningum og ábendingum.

Cecil Haraldsson:

Góðir ráðstefnugestir.

Samkvæmt lögum er trúfrelsi á Íslandi þó að trúfélagsfrelsi hafi verið ákaflega skert fram að þessu. Ég veit ekki hvort ég má nota orðið víma hér en ég hef verið í svolitilli gleðvímum í dag vegna þess að það hefur verið rutt úr vegi ákveðnum trúfélagshindrunum, en ég datt alveg kylliflatur þegar ég renndi aðeins yfir þessi frumvarpsdrög um afskipti af innri málum trúfélaga sem þarna koma fram í grein 12.2 og það breytir engu fyrir mig þó í athugasemdum komi fram að þetta sé komið inn vegna tilmæla æðsta manns stærsta trúfélags landsins, en þar segir: „Við fermingarundirbúning skal lögð áhersla á fræðslu um áfengis- og vímuefnafræðslu.“

Ég vil taka það fram að ég lít á þetta sem sjálfsagðan þátt en hvornig ég tek þetta inn í fermingarundirbúning og á hvern hátt vil ég fá að stýra sjálfur en ekki vera með lagaboð um það að á þessu skuli vera sérstök áhersla, því staðreyndin er sú að í fermingarundirbúningi þá eru það nú raunar önnur mál sem mér þykja mikilvægari. Mig langar til að spyrja

nefndina: Þessi afskipti af innri málum trúfélaga, standast þau lög um trúfrelsi og standast þau lög um félagafrelsi?

Árni Gunnarsson:

Já, hér er hart spurt, Ingimar vilt þú svara strax?

Ingimar Sigurðsson:

Eins og fram kom í máli ráðherra hér í upphafi ráðstefnunnar voru frumvarpsdrög send út til ákveðinna aðila, 60 aðila ef ég man rétt. Frumvarpið var m.a. lagt fyrir biskup. Biskup lagði áherslu á í sínum athugasemdum að þetta yrði tekið fram sérstaklega. Ég get ekki séð að það stangist á við lög að leggja skuli áherslu á ákveðna fræðslu. Það er enginn að skipa fyrir um það hvornig eigi að sinna henni í sjálfu sér, þannig að það er ekki beinlínis verið að skylda menn til þess. Þetta er frekar leiðbeinandi að þessu leyti og ég held að kirkjunnar menn hljóti að fagna því að þetta yrði tekið inn einfaldlega vegna þess að það er þá komin ákveðin áhersla á þetta mál í fermingarundirbúningsstarfi og ég lít svo á að það hafi verið það sem biskupi gekk til.

Þjéttur Þ. Maack:

Í pappírnum sem voru í möppunni minni, vantar fylgiskjöl og ég sakna mest að fá ekki fylgiskjal númer 3, „Kostnaður og tekjur þjóðfélagsins vegna áfengisneyslu 1985–1989“. Eitt af því sem keyrir mig áfram í vinnu við áfengissjúklinga og slíkt er að það er ein setning sem ég heyrdi einu sinni í útlöndum sem var þessi og það er þá um afstöðu mína til ríkisins sem rekur þetta tvöfalda siðgæði að græða annars vegar og líkna hins vegar. Þessi setning var þannig að það ætti að særa menn þar sem þá kenndi mest til og það væri hægt að særa ríkið þar sem það kenndi mest til og það er í ríkiskassanum þannig að mig langar dálítið til þess að sjá

eða ég sakna þess að þetta var ekki í gögnunum mínum. Vantar þetta hjá öllum, eða bara mér?

Ingimar Sigurðsson:

Þetta er ekki í gögnunum. Þessi könnun var unnin á vegum samtakanna Landssambandið gegn áfengisbölinu. Við fengum leyfi landssambandsins til þess að nota þetta en það voru ekki til nægjanlega mörg eintök.

Hins vegar stendur til að birta þetta með frumvarpinu á lokastigum þess og þessvegna er þetta tekið fram í efniyfirliti þannig að menn sjái þegar hvaða fylgiskjöl verða birt með. Ég veit ekki hvort okkur tekst að kippa þessu í liðinn fyrir morgundaginn en þessi skýrsla á að vera til og er ekkert leyndarmál.

Árni Gunnarsson:

Ég held að það væri fyllsta ástæða í þessu máli öllu saman að við gaumgæfum svolítið framsöguerindin. Það var eitt sem ég hjó eftir í máli Ara Edwald, en það var það sem hann sagði um dauðsföll af völdum vímuefna- notkunar. Ég kannaðist ekki alveg við það og vil fá nánari svör. Hann sagðist vita að það væri eitt dauðsfall af ofneyslu fíkniefna. Ég heyrdi, ekki fyrir löngu, tölu um að á síðustu 10 árum hefðu 80 unglingar látist, unglingar sem hefðu neytt fíkniefna. Það fylgir ekki sögunni að þeir hafi látist af ofnotkun þeirra en að þetta væru hinar réttu tölur. Kann einhver í salnum þessi svör?

Hjalti Zóphóniásson:

Ég hef það bæði frá réttarlækni, Gunnlaug Geirssyni prófessor, og Porkeli Jóhannessyni, prófessor, að það sé aðeins þetta einz tilvik þar sem banameinið eitt sér er ofneysla vímuefna eða ávana- og fíkniefna. Hinsvegar kunna að vera ögnur tilvik þar sem eru samverkandi áhrif sem valda því en þau eru þá ekki afgerandi um banann sem slíkan Þetta er eins og í sambandi við áfengissýkingu



og sjúklingana. Stundum er það lungnabólga sem telst aðalvaldurinn að bananum en það er bara eitt tilvik skráð hjá heilbrigðis- yfirvöldum sem mannlát af ofangreindum völdum.

Tómas Helgason:

Mig langar að bæta við það sem Hjalti var að segja um hina beinu orsök dauðans, en það á venjulega að skrá undirliggjandi orsök dauða, þannig að hún getur í mörgum tilvikum verið fíkniefnaneysla eða áfengi eða annað og það skiptir verulegu máli þegar maður er að skoða hversu hættuleg hvers cyns fíkniefnaneysla er, og þá legg ég áherslu á að hættulegast af öllu er áfengisneyslan, að á þer maður saman dánartölur eða dánartíðni þeirra saman neyta fíkniefnanna og mannfjöldans á sama aldri og þá er dánartíðni fíkniefnaneytendanna miklu meiri heldur en fólks almennt á sama aldri. Í þessu sambandi er rétt að minnast á að nú upp á síðkastið hefur verið mikið talað um sjálfsvíg meðal ungmenna sem er vöðalegt fyrirbæri en það hefur minna farið fyrir því að láta þess gætið að þau ungmenni sem hlut eiga að máli hafa mjög oft verið neytendur áfengis eða annarra vímuefna og að áfengið á verulegan hátt í þessum sjálfsmorðum. Stærsta ástæða sjálfsmorðstílauna hjá ungmönnum er vímuefnanotkun og þá fyrst og fremst áfengisnotkun.

Kristín Waage:

Ég sé að það er viðamikil fræðsla sem á að veita í sambandi við vímuefnaneyslu og áfengisneyslu. Það eru bæði félagsmála- nefndir og heilsugæslustöðvar sem eiga að geta sinnt þessum málum. Kennarar eiga að kenna á grunnskólastigi. Er þetta eitthvað unnið í samráði við Menntamálaráðuneyti og hvernig á að fylgja þessu eftir? Í grunnskólalögum segir að kenna skuli um áfengis- neyslu eða vanda henni samfara og ég veit ósköp vel að mikill misbrætur er á. Hvernig er þá hugmyndin að þessu sé fylgt eftir því þessir aðilar hafa ekki nægilega þekkingu?

Ingimar Sigurðsson:

Ég vil taka fram að þetta er unnið í samráði við Menntamálaráðuneytið. Menntamálaráðuneytið fékk frumvarpið til umsagnar eins og fleiri aðilar og það vildi svo til að þáverandi menntamálaráðherra skilaði sjálfur umsögn, persónulegri um- sögn. Reyndar skiluðu fleiri úr Menntamálaráðuneytinu umsögn.

Allir fræðslustjórar landsins hafa fjallað um frumvarpið þannig að það er unnið í samráði og farið að þeirra tillögum að langmestu leyti.

Áslaug Brynjólfsdóttir:

Mig langaði aðeins að segja að það hefur ekki verið jafn mikið og talað er um í 12. greininni tekið á

þessari kennslu. Ég vil geta þess þó, að í Reykjavík eru tveir tímar fyrir alla nemendur í 12 ára bekkjum, þar sem verið er að kenna nýtt námsefni sem einmitt tekur á þessum þáttum.

Reynt er að gera nemendur sjálfstæða og ábyrga í ákvörðun þeirra gagnvart neyslu áfengis og annarra vímuefna og það efni heitir „Tilvera“ og hefur verið unnið í samvinnu við Lionssamtökin og hver einasti nemandi fær fræðslu í þessu, tvo tíma í viku og kennarar hafa farið á námskeið.

Sveinn Rúnar Hauksson:

Mig langar til þess að spyrja um tvennt og þá sérstaklega læknana hér sem hafa reynslu af meðferð. Það er þetta ákvæði sem er að koma inn um að hægt sé að dæma fólk til meðferðar. Hvernig áhrif haldið þið að þetta hafi á meðferðina sjálfa og andrúmsloftið á stofnununum? Hin spurningin er til fleiri aðila og hún er sú hvort að þessi tala sem nú er að koma fram frá SÁÁ um að fjórðungur karlmanna sé alkóhólistar, komi ykkur á óvart. Véfengið þið þessa tölu?

Árni Gunnarsson:

Ætli það sé ekki rétt að annar hvor lögfræðingurinn í nefndinni svari lögfræðilegu hliðinni?

Ingimar Sigurðsson:

Ég vil geta þess að ákvæði um að heimilt sé að dæma menn er ekki í þessu frumvarpi. Hins vegar er gert ráð fyrir því að heimilt sé að taka út að öllu leyti eða að hluta refsingu á meðferðarstofnun. Þetta er stundað í dag og ég veit að fangelsisstjóri, Haraldur Johannes- sen, gæti frætt okkur um það. Hér er um að ræða tillögu um að tekið verði á þessu skýrum stöfum í lögum og ef þetta nær fram að ganga, að menn geti með traustum lagagrundvelli tekið á þessum málum.

Árni Gunnarsson:

Er þetta ekki mál sem á heima inni í nefnd á morgun frekar en að fara út í langa umræðu um það? Ég held að Guðbjörn ætli að svara um 25 prósentin.


Guðbjörn Björnsson:

Ég skal reyna að svara því. Það er talað um að 25% karla og 10% kvenna á Íslandi þurfi á meðferð að halda einhvern tímann á æv- inni. Það má skýra hvernig þetta er fundið. Við byrjum á því að fara yfir alla þá sem fæddir eru 1970 á Íslandi en það voru u.þ.b. 4500 manns og við skoðuðum skýrslur því að af þessum fjölda voru u.þ.b. 80 búnir að fara í áfengis- og vímuefnameðferð. Fengu þeir eðlilega greiningu. Síðan var haldið áfram koll af kalli með aldursflokkana og þetta er útkoman, um 18% ef maður blandar saman kynjunum. Þetta eru sömu tölur og Bandaríkjamenn eru að koma með í dag og kemur ekki á óvart.

Tómas Helgason:

Ég ætla fyrst að víkja að 25 prósentunum. Þessi útreikningur er náttúrulega byggður á reynslu undanfarinna ára um hve margir hafa raunverulega komið í meðferð. Þá gefur maður sér að allir sem koma í meðferð þurfi að koma í meðferð þannig að þetta þýðir í raun að það sé hægt að tala um líkur manna á að leita eftir meðferð og þetta er mjög svipað því sem ég reiknaði út fyrir 10 árum. Þá reiknaði ég þetta 22% þannig að það er ekki allur munur á og byggði það á þeim nýgengistölum sem ég sýndi ykkur á línuritinu. Hvað varðar það hvort dæma eigi menn í meðferð þá er ég afskaplega lítið hrifinn af því, ég held að það sé ekki vænlegt að rugla saman meðferðinni og refsivistinni. Ég held að þau verði að vera tvö aðskilin mál. Þegar menn eru búnir að ljúka sinni refsivist verður að meta í fyrsta lagi hvort þeir





þurfa meðferð og síðan verða mennirnir sjálfir að taka afstöðu hvort þeir vilja meðferð.

Ragnheiður Davíðsdóttir:

Ég er með tvær spurningar til nefndarinnar. Í fyrsta lagi þá er spurning hvort ekki var ástæða til þess að fjalla um annað löglegt fíkniefni sem hér er selt og um allan heim, reykstóbakið. Við vitum öll að tóbaksreykingar er kannski fyrsta reynsla ungmenna. Áfengi kemur svo og kannski fíkniefni síðast. Í öðru lagi langar mig til að spyrja Ólaf Hauk hvort honum hafi ekki þótt ástæða til að pressa á um eða koma því inn í þetta frumvarp, að ríkið, þ.e.a.s. ráðamenn þessarar þjóðar, færu á undan með góðu fordæmi og hættu að veita áfengi í veislum sínum.

Ingimar Sigurðsson:

Það vildi nú svo til að ég var einnig formaður nefndar sem samdi á sínum tíma lög um tóbaksvarnir, sem öðluðust gildi 1. janúar 1985. Við teljum að þar hafi tekist vel til og að ekki þurfi að hrófla við megintilgangi þeirra. Hinsvegar liggur fyrir í ráðuneytinu endurskoðað frumvarp til laga um tóbaksvarnir á vegum Tóbaksvarnarnefndar sem verður væntanlega lagt fram eftir jólaleyfi þingsins og þá vonandi í tengslum við þetta frumvarp. Þannig gæfist Alþingi færi á að fjalla um þessi frumvörp saman, því þetta mun eins og þið vitið fara til sömu nefndar í Alþingi. Ég held að ég geti ekki svarað þessu betur en vissulega væri ástæða til þess að draga þetta allt saman en það gilda kannski svolítið önnur sjónarmið um reykningar, líka vegna þess að það er farið að líta á

reykingar sem mengunarvandamál en svo er ekki komið fyrir áfenginu ennþá.

Ólafur Haukur Árnason:

Mig langar til að þakka sérstaklega fyrir þessa fyrirspurn. Hún er mjög tímabær og það stæði ekki á mér að samþykkja slíka tillögu en ég er kannski svolítið í vafa að hún eigi heima þarna. Alþingismenn hafa sjálfir, menn úr öllum eða a.m.k. flestum flokkum, hvað eftir annað komið fram með tillögum að Alþingi setji sér sjálft reglur um þessi atriði og verði þá jafnframt fordæmi öðrum opinberum aðilum. Það eru fleiri opinberir aðilar í landinu en Alþingi og ríkisstjórn og þetta kynni að verða dálítið erfitt. Hinsvegar segir hér í þessum tillögum að Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins sé óheimilt að afgreiða og

selja áfengi nema samkvæmt opinberri verðskrá. Það þýðir, að stjórnvöld geta ekki tekið út áfengi og haft áfengisveitingar með það að yfirsýni að þetta sé miklu ódýrara heldur en allar aðrar veitingar.

Það myndi væntanlega draga úr notkun áfengis hjá hinu opinbera Fordæmið skiptir að sjálfsögðu langmestu máli eins og Albert Sweitzer sagði á sinni tíð, en í sambandi við dauðsföllin langar mig að segja ykkur einn hlut. Í löndum Evrópuráðsins sem Ingimar var að minnast á áðan deya árlega helmingi fleiri menn er Íslendingar eru allir, af völdum áfengis eins. Það jafngildir því að áfengisdauðinn í löndum Evrópu sé eins og kastað væri tveimu atómsprengjum, á borð við það senn féll í Hiroshima, árlega á Evrópu. Hvað myndu menn gera ef ekki vært hagsmunir í veði þarna á bæ?

Þetta er líka hlutur fyrir okkur að hugsa um, því þarna er eir þverstæðan, og af hverju er ekki gert?

Árni Gunnarsson:

Nú eru nokkrir komnir á mælendaskrá.

Haraldur Johannessen:

Ég get upplýst að í lögum um fangelsi og fangavist sem eru nú í gildi er ákvæði um það að heimilt sé að setja refsifanga í áfengis meðferð. Fangelsismálastofnun ríkisins hefu stundað þetta með þeim hætti undanfarin 2 ár að heimila refsiföngum að fara áfengis meðferð hjá SÁÁ og það er eftir samkomulagi við Þórarín Tyríngsson yfirmann þeirrar stöðvar og við höfum náð þannig samkomulagi við yfirmanninn, að um 30 afbrotamenn hafa verið í áfengis meðferð síðastliðin 2 ár.



Venjulega er það í tengslum við reynslu- lausn úr afplánun þannig að seinustu 6 vikur afplánunar fara þar fram. Þetta er metið af fangelsislæknum, forstöðumönnum fangels- anna, sálfræðingi stofnunarinnar og félags- ráðgjöfum. Þannig hefur náðst góður árangur og ég held að það sé ekki út í bláinn að hafa ákvæði í lögum þess efnis að hægt sé að skylda menn í áfengis- eða vímuefnamedferð í stað refsivistar. Slíkt tíðkast á Norðurlönd- unum og víða annarsstaðar og ég sé ekkert því til fyrirstöðu að við Íslendingar ættum að reyna fyrir okkur á þeim miðum líka.

Björn Magnússon:

Ég heyrði í fyrsta framsöguerindinu að Ari Edwald sagði frá ýmsum efnum og hann sagði að „crack“ hefði ekki komið til Íslands. Svo vill til að ég var nákunnugur þeim eina manni sem dó úr ofneyslu og hann sagði mér áður en hann fór í síðustu meðferðina að það væri nóg til af „cracki“ á Íslandi. Er það stað- reynd að það hafi ekki verið til?

Árni Gunnarsson:

Hver ætlar að svara þessu?

Ólafur Guðmundsson:

Fíkniefndadeildin hefur frétt af að „crack“ hafi komið til landsins en hún hefur ekki fengið það staðfest.

Þetta eru sögusagnir en það er tiltölulega auðvelt að breyta kókaíni í „crack“, þannig að þeir sem að hafa kókaín undir höndum geta líka haft „crack“.

Árni Gunnarsson:

Þeir gætu kannski svarað þessu betur SÁÁ menn.

Guðbjörn Björnsson:

Það kemur einstaka sinnum upp og við vitum um „crack“-neytendur en það hefur verið meira fíkt. Þetta er ekki fólk sem notar þessi efni að staðaldri heldur þegar að tækifæri býðst og eins er það með heróín það hefur komið hér inn í landið og það er til- fallandi neysla þannig að vandmálið er yfirleitt stærra og það þarf aðra greiningu.

Þorleifur Ásgeirsson:

Mig langar að spyrjast hér fyrir um hvort róandi töflur – „læknadóp“ – hefur dottið út úr þessu dæmi. Mig langaði að spyrja lækn- ana hversu stór prósentu það er sem kemur inn, annaðhvort eingöngu eða líka í vand- ræðum með róandi töflur og ýmislegt svo- leiðis?

Óttar Guðmundsson:

Það er talsverð misnotkun á róandi lyfjum og yfirleitt er þá um blandaða neyslu að ræða, þ.e.a.s. einstaklingurinn notar áfengi og róandi lyf saman. Af þeim sem hafa lagst inn á SÁÁ hefur verið talið að u.þ.b. 60% séu einungis með áfengisvanda en 40% séu með

áfengi og eitthvað annað og þar eru róandi lyfin stór þáttur. Um róandi lyfin gilda sérstök lög og það hefur verið gert gífurlegt átak á seinni árum til að fá lækna til þess að hætta útskrift þessarra lyfja eða að minnka hana mjög og það held ég að hafi tekist að einhverju marki.



Áslaug Brynjólfsdóttir:

Það er minnst á það í 11. grein nr. 2 að það verði viðurlög við því að útvega fólki yngra en 20 ára áfengi. Er einhvers staðar minnst á hver þessi viðurlög verði og er búið að hugsa það út?

Mér finnst þetta nefnilega vera stór þáttur hvað fólk er fúst að útvega ungu fólki áfengi og lítur á það sem sjálfsgöðan hlut, það þarf að breyta hugarfari. Eins langar mig að vita ef þetta frumvarp yrði að lögum, hvort líkur séu fyrir því að samningar um Evrópskt efnahagssvæði gerðu það að engu strax og það gengi í gildi?

Ingimar Sigurðsson:

Varðandi einstakar greinar frumvarpsins held ég að það sé rétt að bíða með þær þar til síðar en það er kveðið á um viðurlög í 8. kafla. Síðan snerta ýmiss brot á þessum lög- um önnur refsiakvæði s.s. í almennum hegningarlögum.

Varðandi Evrópska efnahagssvæðið og setningu þessara laga er sú skylda á okkur að senda þessum þjóðum sem að við erum að fara í samstarf við lagafrumvörp sem fjalla um tæknileg atriði og gefa þeim ákveðin tíma allt upp í hálf títal til að fjalla um hlutað- eigandi atriði.

Ég sé ekki að þessir samningar eins og ég kom reyndar inn á áðan eigi að breyta neinu um þá áfengisvarnastefnu sem við ætlum að móta.

Árni Gunnarsson:

Allt á sér upphaf og endi nema líklega eilífðin og fer ekki vel á því að séra Björn Jónsson komi með síðustu spurningu eða ábendingu.

Séra Björn Jónsson:

Mig langaði gjarnan að fræðast um það, hvort að það væru einhverjir möguleikar á að fá haldbærar upplýsingar um fylgni sjálfsvíga og þá einkum sjálfsvíga unglunga og áfengis- og vímuefnaneyslu?

Tómas Helgason:

Lauslega þá er fylgnin 0,6 þ.e.a.s. það er mjög há fylgni.

Árni Gunnarsson:

Þæja endirinn var ekki kominn, það er einn fyrirspyrjandi.

Bogi Arnar Finnbogason:

Mér datt í hug, er hugsanlegt að unnt sé að gera þá aðila sem veita ungu fólki undir lögaldri áfengi og hugsanlega önnur vímu- efni ábyrga fyrir hegðun fólksins. Mér skilst að það sé farið að gera þetta í Banda- ríkjunum og ég bið nefndina sem fjallar um frumvarpið að athuga hvort það samrýmist íslenskum lögum að öðru leyti? Það gæti orðið verulega mikil forvörn í því ef unnt væri.

Árni Gunnarsson:

Já ég hygg að þetta þarfnist nú ekki svara. Þetta er ábending sem hefur komið fram, og þá gef ég Guðrúnu Agnarsdóttur orðið, um leið og ég þakka ykkur kærlega fyrir þátt- tókuna í þessum pallborðsumræðum.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka þér Árni fyrir að stjórna umræð- unum. Ég vil þakka öllum þátttakendum ráðstefnunnar í dag, bæði fyrir að tala og ekki síður fyrir að hlusta. Ég vona að ykkur gefist öllum tækifæri í kvöld til þess að fletta þessu frumvarpi, lesa það og íhuga eitthvað af því sem hér hefur verið sagt í dag, þannig að þið mætið með nýjar, og ferskar hugmyndir í hópinnuna á morgun.

Eins og þið sjáið í dagskránni liggur það fyrir á morgun að ræða nánar um þessi mál í hópum og allt annað sem þið vilduð leggja fram.

Þó að umræðum sé lokið núna þá munu þær halda áfram á morgun og fólk gefst kostur í almennum umræðum að koma fram með sínar hugmyndir, auk þess sem verður skýrt frá niðurstöðum hópanna. Síðan vil ég þakka ykkur öllum fyrir góðan ráðstefnudag og vonast til að við sjáumst öll endurnærð á morgun.

Guðrún Agnarsdóttir:

Niðurstöður hópanna, sem voru fjörmiklir og fjölmennir í morgun, munu verða kynntar og ég sé að umræðustjóri fyrsta hópsins gengur í salinn.

Hópur 1

Rannveig Guðmundsdóttir:

Lögbundin fræðsla verði um vímuefnamál



Fundarstjóri, góðir ráðstefnugestir. Það var mjög öflug umræða í hópnum og skoðanaskipti og jafnvel atkvæðagreiðslur um það hvernig við skyldum senda frá okkur ákveðin atriði, þannig að ekki skorti skoðanir í þeim hóp. Vinnuhópur 1 fjallaði um skipulag áfengis- og vímuefnavarna og þar á meðal fjármögnun starfsins. Í þennan hóp mættu 13 manns.

Það urðu mjög mikil skoðanaskipti um suma þætti í frumvarpinu en aðrir voru kannski minna ræddir vegna þess að við vorum þá einlæglega sammála þeim sjónarmiðum sem sett eru fram í þeim greinum.

Í 1. grein kemur tillaga frá hópnum um aukasetningu og hún er svo: „**að koma í veg fyrir misnotkun þess**“ og síðan verði framhaldið óbreytt og „**koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna**“ og þar með það tjón o.s.frv. Markmið laga þessara yrði að draga

úr neyslu áfengis, koma í veg fyrir misnotkun þess og koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna o.s.frv. og það var algjör eining um að bæta þessu inn.

Við vorum sammála þeim greinum sem á eftir komu þar til að við komum að lið 4:2, þar stendur að landlæknir sé ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um þau atriði, er falla undir lög þessi. Í umsögn um 4. grein er m.a. vísað í hversu áhugasamur landlæknir hefur verið um þessi mál og eru allir sammála um það. Hinsvegar komu fram þau sjónarmið að þetta ákvæði ætti í raun og veru ekki heima í þessum lögum. Það ætti fremur að falla undir lög eða reglugerð um landlæknisembættið, að hluti af verkefnum landlæknis sé að veita þessa ráðgjöf. Sumir í nefndinni töldu að landlækni væri gefið meira vægi en Áfengis- og vímuefnaráði og að það væri óeðlilegt, að landlækni væru gerð sérstök skil í

lögnum á þennan hátt því þá ætti ef til vill að tilgreina fleiri aðila sem vera ættu til ráðuneytis í þessum efnum umfram ráðið.

Það kom líka fram það sjónarmið að heilbrigðisráðherra ræður hvert hann sækir sér ráðgjöf umfram það sem kveðið er á um varðandi Áfengis- og vímuefnaráð og því væri liður 4:2 óþarfur. Aðrir í nefndinni vildu hafa hann inni. Síðar í störfum hópsins þegar við vorum orðin svo áhugasöm að stundum var leyst úr ágreiningi með hálfgerðu nafnakalli kom í ljós að það var góður meirihluti sem vildi fella út lið 4:2.

Þegar við komum að lið 5:1 kom upp tillaga um að breyta samsetningu ráðsins með áherslu á Fjármálaráðuneyti og Heilbrigðisráðuneyti en ekki að vera með Félags- og Menntamálaráðuneytisfulltrúa inni en sú tillaga fékk ekki fylgi. Mér finnst eðlilegt að láta það koma fram að það var rætt í nefndinni.



Varðandi lið 5:2 þá ræddum við það atriði, að ráðherra skipar framkvæmdastjóra Áfengis- og vímuevarnaráðs til 6 ára í senn að fengnum tillögum ráðsins. Það er hvergi komið í lög að því er við best vissum varðandi önnur embætti en það sýndist sitt hverjum um þessi mál en meiri hluti okkar hóps vill að 6 ára tilgreiningin verði felld út og að það yrði ráðið til þessa starfs framkvæmdastjóra Áfengis- og vímuevarnaráðs samkvæmt ákvæðum um opinbera starfsmenn og ekki bundið í 6 ár. Í lið 5:3 komum við að hlutverki ráðsins og leggjum til að sama setning komi þar inn til að það sé eins á báðum stöðum eins og ég greindi áðan frá um 1. grein.

Það kom tillaga fram um nýjan 1. lið í 5. gr. og aðrir liðir breyttust í röðinni 1-6 og nýr liður myndi hljóða á þá leið **„að ráðið ætti að vinna að sífældri stefnumörkun fyrir stjórnvöld í samræmi við lög þessi“**.

Í lið 5 í 5. gr. er sagt að verkefni ráðsins sé að fylgjast með áfengi og annarri vímuefnatöknun m.a. með könnunum og rannsóknum og þar er tillaga hópsins að á eftir, að fylgjast með neyslu áfengis og annarra vímuefna komi **„og styrkja og stuðla að rannsóknum“** í stað m.a. með könnunum. Við vildum líka koma því á framfæri við þessa framsögu hvað okkur í hópnum finnst það dýrmætt að það verði lögbundin fræðsla um vímuefnamál og það kom líka fram ábending í hópnum um að það þurfi að gera því einhversstaðar skil að sú fræðsla sé í skólunum á ábyrgð Menntamálaráðuneytis. Sú ábending mun vera komin fram vegna einhverrar togunar um þau mál og hún er eðlileg á meðan þetta er ekki lögfest.

Ég býst við að flestallir viti það hér, að það er í sjálfsvald hvers skóla sett að taka inn fræðslu. Hún er í öllum skólum í Reykjavík og Hafnarfirði. Þessu er ábótavant víða en er held ég allsstaðar samstakverkefni Lionshreyfingarinnar og Menntamálaráðuneytis.

Í 2. kafla var það Tómas Helgason sem



flutti tillögu um sérkafla sem heitir sala og meðferð áfengis og að hann komi á undan auglýsingakaflanum. Varð ákóf umræða um þennan kafla og skoðanaskipti.

Það kom fram um þessa tillögu Tómasar að hún hefði bæði komið seint inn í umræðuna hjá okkur en við vorum að verða búin með tímann, og að hún fjallaði um ráðuneyti sem eiginlega sé ekki inni í frumvarpinu. Það kom fram tilaga í nefndinni að vísa þessari tillögu frá hópnum og að hún yrði flutt sérstaklega hér í umræðunni en eftir talsvert miklar umræður kom í ljós að það var meirihluta stuðningur við tillöguna.

Ég mun afhenda fundarstjóra þessa tillögu, hún hljóðar svo: 2. kafla sala og meðferð áfengis 10. grein 1. **„Til þess að stýra áfengissölu svo að neysla verði í lágmarki er ríkisstjórninni einni heimilt að flytja inn, framleiða og dreifa áfengi“**.

Grein 10.2. **„Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins annast sölu og dreifingu á áfengi í landinu. Henni skal setja sérstaka stjórn sem sér um að markmið 1. málsgreinar náist.“**

10.3. **„Stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins skal skipuð 5 mönnum. Formaður skal tilnefndur af Áfengis- og vímuevarna-**

ráði, einn af hverjum eftirtalinn ráðherra: Heilbrigðisráðherra, félagsmálaráðherra, fjármálaráðherra og dómsmálaráðherra“.

10.5. Að öðru leyti fer um sölu og veitingar áfengis eftir áfengislögum“. **„Grein 10 í núverandi frumvarpsdrögum verði þá grein 11 og númer annarra greina breytast í samræmi við þetta“**.

Næst er það athugasemd við 10.2 sem yrði 11.2, síðasta málsgrein. Lagt er til að síðasti hluti falli út og í staðinn komi **„ekki má selja áfenga drykki undir sama vörumerki og óáfenga“**.

Við tókum fyrir 7. kaflann um fjármál og það kom fram í nefndinni ábending um að fyrst þurfi að kanna þann kostnað sem þarf að inna af hendi samkvæmt þessum lögum og í framhaldi af því ætti í raun og veru að ákveða þann hundraðshluta sem yrði látinn renna til þessa verkefnis en við tókum ekki í raun og veru afstöðu til prósentutölnunar sem slíkrar.

Það kom líka fram tillaga um að Áfengis- og vímuevarnaráð ráðstafi sjálfir úr sjóðnum og að fellt yrði út að verja helmingi fjárens til viðhalds og uppbyggingastarfs. Eftir mikla umræðu fór það nú samt svo að það voru a.m.k. 2/3 hópsins sem voru fylgjandi því að gera eftirfarandi breytingu: **„Áfengisvarnaráð ráðstafar áfengisvarnasjóði til þess að kosta áfengisvarnastarf, sérstaklega fræðslu og rannsóknir, þó ekki uppbyggingu og rekstur meðferðarstofnana, enda fer um hann eftir heilbrigðislögum“**.

Lýsi ég yfir ánægju minni bæði með þetta frumvarp og með þau miklu skoðanaskipti sem urðu í hópnum og fagna því að kallað var til farsarar ráðstefnu og óska þess að það verði farsæld fylgjandi því starfi sem hér er ýtt úr vör.

Guðrún Agnarsdóttir:

Þakka Rannveigu og vinnuhópi 1 fyrir starf sitt.

Næstur er þá hópur 2, sem fjallaði um fræðslustarfsemi og 3. kafla frumvarpsins.

Umræðustjóri var Áslaug Brynjólfssdóttir en Gylfi Pálsson kynnr niðurstöðurnar.



Hópur 2

Gylfi Pálsson:

Unglingarnir ná í áfengi fyrst og fremst heima hjá sér



Fundarstjóri, góðir ráðstefnugestir.

Vinnuhópurinn fjallaði fyrst og fremst um 3. kaflann en gerði ekki úttekt á einstökum atriðum eða einstökum liðum og það voru ekki samþykktar ályktanir eða bornar upp formlegar breytingartillögur um lagagreinar þannig að þetta skoðast frekar sem hugleiðingar fundarmanna. Menn voru sammála um að þessi drög væru nokkuð þykk sem laga-setning, það væri mikið af velmeinandri ábendingum og frómum óskum en betra hefði verið að þau væru meira rammalög-gjóf, grundvallaratriði. Það þótti jafnvel mikið af smáatriðum sem sumir töldu að hentuðu til að gera ágreining út af og myndi jafnvel teifa fyrir framgangi þessa þarfa máls.


Hinsvegar álitu menn að eðlilegt væri eins


og sjálfsagt verður gert að reglugerðir yrðu samdar um einstök framkvæmdaatriði eða að skólum og öðrum fræðslustofnunum væri treyst til rétttra aðgerða miðað við aðstæður á hverjum stað. Margir söknuðu þess að Menntamálaráðuneytið hefði ekki verið virkari aðili að þessari lagasmíð, því óhjákvæmi-lega hlýtur framkvæmdin í öllum skólum að hvíla á þess herðum. Það var líka rætt að það þyrfti að ganga úr skugga um, sem sjálfsagt hefur verið gert, að atriði stönguðust ekki á við gildandi lög og reyndar kom í ljós að mjög margt í þessum drögum var þegar í öðrum lagabálkum og má þá nefna t.d. um framhaldsskóla og Háskóla Íslands og Námsgagnastofnunina. Svo var líka bent á að það er til, ég veit ekki hvað á að kalla það, reglu-

gerð eða reglur, sem heita aðalnámskrá fyrir grunnskóla, þar sem er sérlegur kafli um fíknivarnir og vímuefni og fræðsla áskilin um þau og varnir gegn þeim.

Það er líka ljóst sem fram kom hér í gær hjá Fræðslustjóra Reykjavíkur að í öllum skólum í Reykjavík og mörgum öðrum skólum víðar á landinu er markviss fræðsla um þessi mál í formi „Lions Quest“ og reyndar hefur Námsgagnastofnun gefið út fleiri rit um þessi efni sem eru notuð í skólum. Hitt er svo annað mál, hvort segja má skólum fyrir um það hvernig eigi að nota þessi hjálpargögn. Það orkar tvímælis og aðalatriði er að það sé kveðið á um í lögum að fræðslu skuli veita í þessum efnum.

Þá var talið mjög örðugt að koma því við





og menn sáu ekki gjörla tilganginn hvers vegna ætti að áskilja það í lögum að það færi fram námsmat að loknum hverjum áfanga í hverjum skóla. Því hefur þegar verið haldið fram af Menntamálaráðuneytinu að „prófa-farganið“ í skólunum væri ærið og því ekki ástæða til að bæta þar við. Það var reyndar samdóma álit hópsins, að þessi setning um námsmat falli brott. Við gátum ekki fundið því stóð að við fermingarundirbúning, sem er undirbúningur að staðfestu skírnarheitisins, ætti þessi 12. grein númer 2 heima. Kirkjan hefði nóg tækifæri á sínum vegum til að koma þessum boðskap til sinna barna og minnt var á að æskulýðsstarfsemi kirkjunnar væri blómleg.

Menn voru ásáttir um að æskilegt væri að fíkniefnafræðsla yrði samfelld upp skólastigið og reyndar ætti jafnvel að ná niður fyrir skyldunám og einhver gat þess að fyrsta fræðslan væri veitt í mæðraverndinni og væri ærin ástæða til að halda því áfram jafnvel upp í háskóla. Þar voru aftur deildar meiningar, en það er ljóst að þessi fræðsla fer nú þegar fram óbeint og tengist ýmsum námsþáttum í grunnskólunum, sérstaklega á yngri stígu og bættist þá við heilsufræði og samfélagsfræði og námsefnisþættir sem kenndir eru um hollar lífsvenjur. Hins vegar á eldri stígu grunnskólans þyrfti aukinn tímafjölda, því svo að vitnað væri í 17. kafla aðal-námsskrár, þá eru þar einir 8 eða 9 námsþættir sem ber að sinna, s.s. vímuefnafræðsla eða varnafræðsla, kynfræðsla, skyndihjálp, jafnréttisstaðan, mannréttindi, félagsstörf og

guð má vita hvað, en það væri bara enginn ákveðinn tími ætlaður til þessarar kennslu og að þessu þyrfti að huga. Ef koma ætti þessu inn, svo að eitthvert vit væri í og virkni, þyrfti auðvitað að ætla tíma til þess og þá komum við að öðru sem ég ræði hér síðar en það eru peningar því að tíminn er peningar.

Hvað framhaldsskóla snertir kom í ljós að margir töldu ástæðu til þess að halda þessari fræðslu áfram en hún þyrfti að vera í öðru formi eða með öðru sniði heldur en í grunnskólunum. Þarna voru reyndar tveir framhaldsskólanemar sem létu álit sitt í ljós. Byggja þarf upp námsefnisgerð og eins og fram kom áðan er til allnokkuð úrval hjá Námsgagnastofnun um þessi efni sem þarf sífelldrar endurnýjunar og umbóta við og þess vegna fóru menn ekki út í að reikna út prósentuhlutann í 31. grein. 2% af heildarsölunni er feiki fé en hins vegar sáum við ekki hvað skólarnir fengju í sinn hlut heldur er þetta til almennrar fræðslu og það var áhugi fyrir því að leggja til að einhver ákveðinn hluti af þessum 2% væri bundinn til þess að kosta fræðsluna í skólunum.

Fræðslan í skólunum er tveir útgjaldaliðir, þ.e.a.s. kennsla í formi greiðslu til kennara og svo námsefnisgerð, og reyndar er vikið að þriðja þættinum sem er námskeið því talið er nauðsynlegt að efna til námskeiða meðal kennara um þessa kennslu og ætla fé til námskeiðshalds. Það er líka talið nauðsynlegt að leita samvinnu við aðrar stéttir sérstaklega heilbrigðisstéttir um aðstoð eða samvinnu í þessari kennslu.

Hvað varðar námseftirlit var því fagnað að námsstjórar í hverju fræðsluumdæmi sætu í áfengis- og vímuefnavarnanefndum hvers læknishérðs en talin þörf á því að námsstjórar eða kennsluráðgjafar væru einnig á þessum skrifstofum – fræðsluskrifstofum.

Ekki er nægjanlegt að aðeins einn yfirherra sé í ráðuneytinu því þessir aðilar færu í skólana og leiðbeindu þeim framkvæmd þessarar kennslu, gæfu ráð og stunduðu eftirlit. Þá kæmu kannanir sem fræðsluskrifstofurnar útbýggju og gerðar yrðu í skólunum í stað þessa námsmats sem greint var frá hér áður.

Að lokum kom fram að það væru til mörg lög og margar reglur í samfélaginu um þessi mál og það væri kannski ástæða til þess að skerpa á þeim í fræðslunni, kenna bæði í skólum og kenna almenningi hvað væru lög í þessum efnum og einnig að gera foreldra og aðra sem fást við ungmenni ábyrgari gagnvart umgengninni með áfengi og þá að foreldrar þyrftu að gæta sín. Bjórinn væri líka áfengi og það hefur komið í ljós að unglingar ná í áfengi fyrst og fremst heima hjá sér, annaðhvort er þeim veitt áfengið og þá verið aðbrjóta lög eða hreinlega þeir taka það ófrjálsri hendi og þá eru náttúrlega tvíbrotn lög.


Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Gylfa fyrir og umræðuhópi 2.

Ottar Guðmundsson, gjörðu svo vel, þú varst umræðustjóri í 3. hópi.

Óttar Guðmundsson:

Meðferðarstofnanir hafi samráð sín á milli



Góðir fundargestir.

Í 3. hópi ræddum við um 4., 5. og 6. kafla þessa frumvarps og þar urðu mjög fjörugar umræður og mikil skoðanaskipti. Þarna voru einstaklingar sem komu víða að og frá öllum þeim meðferðarstofnunum sem hafa með alkóhólista að gera. Um 4. kaflann snerist umræðan fyrst og fremst um orðalag. Við ræddum það talsvert hvort nota ætti orðið meðferð á tvo vegu, bæði að kalla það meðferð þegar lögreglan tekur ölvaðan mann úr

andi væri mögulega færður til hlutaðeigandi heilsugæslustöðvar, heimilislæknis eða jafnvel göngudeildar þannig að heimilislæknirinn þ.e.a.s. í Reykjavík, væri þá settur jafnhátt og heilslugæslustöðin. Menn vildu almennt að niðurlagsgreinin í 17.4 „**Því aðeins skal gripið til frelsisskerðingar**“ yrði sérstök klásúla þá 17.5 þannig að þessu yrði ekki skotið svona aftur við heldur væri sérstök grein.

Varðandi 18. grein höfðu menn litlar at-

eigi að fara fram á sjúkrahúsum, göngudeildum og heilsugæslustöðvum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, banni það að þessir einstaklingar væru teknir annars staðar í meðferð hjá öðrum aðilum.

Síðan kom sú uppástunga að við 19.2 yrði hnýtt nýrri málsgrein „**að meðferð skuli ávallt vera í samræmi við þá þekkingu sem best er á hverjum tíma**“ og þá yrði tekin út lokamálsgreinin í 21. grein „**það skal tryggð**“ o.s.frv. Síðan voru menn á einu máli um 20. greinina.

Við 21. greinina töldu menn að vantaði inn „meðferðarstofnanir“ vegna þess að þar væri talað um að bráðþjónustan skyldi veitast á heilsugæslustöðvum, bráðamóttöku, slysadeildum sjúkrahúsa, geðdeildum og lyflækningadeildum en eins og allir vita sem unnið hafa á meðferðarstofnunum er veitt þar mikil bráðþjónusta sem þá vantar þarna inn í frumvarpið.

Fjörugustú: umræðurnar urðu um 22. greinina þar sem meðferð er skilgreind á mjög ákveðinn hátt og ákveðið meðferðarfrelsi þannig lögboðið. Mennt voru alls ekki á eitt sáttir um þetta. Sumir voru hrifnir af þessari málsmeðferð og hinir ánægðustu með það að þetta væri skilgreint á þennan veg á meðan aðrir vildu orða þetta almennar og enn aðrir vildu segja að það ætti alls ekki að skilgreina meðferð á þennan hátt heldur að miða hana við það besta sem völ væri á á hverjum tíma. Það var bent á það að hvergi annars staðar í heilbrigðisgeiranum er meðferð á

einhverjum sérstökum sjúkdómi skilgreind á þennan hátt í lögum. Um þetta urðu mjög snörp skoðanaskipti:

Ég lét ekki fara fram neina atkvæðagreiðslu en mín tilfinning var sú að meiri hluti væri fyrir því að láta þetta standa óbreytt en það var líka umræða um það hvert skyldi vera markmið meðferðar og þá voru gerðar athugasemdir við þetta orð „varanlegt bindindi“ meðan aðrir í nefndinni voru mjög á því að það skyldi vera markmið þessarar meðferðar,



umferð og nota þannig sama orð og við í dag köllum meðferð, þegar einstaklingur fer í afvötnun, írnhaldsmeðferð eða einhverja slíka formlega áfengis meðferð.

Við vorum eiginlega á því að stinga upp á því að breyta þessu í aðstoð við ölvaða menn og íhlutun félagsmálanefnda eða íhlutun og aðstoð og breyta þá síðan 17.2 þannig að **menn sæti ekki meðferð heldur njóti aðstoðar**.

Sömuleiðis fannst heimilislækninum í hópnun að það vantaði í 17.3 að viðkom-

hugasemdir. Það var aðeins rætt um hver væri staða forvarnarfulltrúa lögreglunnar og hvar hann kæmi í raun inn í þennan 4. kafla. Þeim mun meiri umræða var um 5. kaflann, meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga, sérstaklega fyrstu greinina 19.1.

Aðalumræðan var um það hvort þessi lagagrein bannaði öðrum að fást við meðferð á áfengis- og vímuefnasjúklingum, s.s. geðlækni eða sálfræðingi, sem tæki slíkan einstakling í langtíma viðtöl á stofu. Þá er það spurning hvort þessi lagagrein, að meðferðin

þannig að meirihluta álit nefndarinnar var að þetta skyldi standa óbreytt.

Varðandi 22.2 voru menn nokkuð sáttr við að setja þetta í lög þar sem þetta væri gangur mála í dag. Menn vildu strika út þessi síðustu tvö orð „í betrunarskyni“ og fannst þau eiginlega alveg út í hött. Síðan kom 23. greinin. Menn voru almennt mjög ánægðir með þessa grein, að þarna væri gert ráð fyrir því að við heilsgæslustöðvarnar skyldi rekin göngu- deildarþjónusta, þannig að heilsgæslustöðvarnar fengju aukið hlutverk í meðferð.

Samt voru menn hikandi varðandi þetta lagaákvæði, hvornig þetta yrði í framkvæmd og hver aðstaðan væri. Hvort ekki þyrfti að bæta við mönnum, hver ætti að vera yfirstjórn þessara mála o.s.frv. og sjálfur kastaði ég fram að þetta væri stundum erfitt í framkvæmd vegna þess að menn hefðu mjög ólíkar skoðanir á þessum málum. Læknar væru eins misjafnir og þeir eru margir og einhvern tímann las ég það að margir læknar skilgreindu alkóhólisma þannig, að alkóhólisti væri sá maður sem drykki meira en læknirinn sjálfur og þá er þetta orðin ansi víð skilgreining. Það var líka talið að um það, ef heilsgæslulæknar ættu að gegna þessu hlutverki, yrðu þeir að gera þá kröfu til meðferðarstofnana að þær sæu um eðlileg tjáskipti við læknana með læknaþrífum, upplýsingamiðlun og því líku.

Það var mikið kvartað yfir því í hópnum, af hálfu heilsgæslulækna, sem þar voru, að þeir fengju ekki læknaþríf frá meðferðarstofnunum og hefðu því ekki hugmynd um hvað þar í raun færi fram.

Síðan var það 24. greinin. Þetta aldursmark 15 ára var rætt fram og til baka en að öðru leyti voru litlar athugasemdir gerðar.

25. greinin er nýmæli og það lýstu allir yfir mikilli ánægju með hana, að meðferðarstofnanir væru skyldaðar til að taka inn fjölskylduna og meðhöndla hana á einhvern hátt. Það var talsvert rætt um orðið „sál-gæsla“. Það var einhver sem hafði þá tilfinningu að prestastéttin ætti orðabókalegan einkarétt á þessu orði, þannig að ef þetta væri inni þá þyrfti



að ráða sál-gæsluverði eða sál-gæslumenn, presta, við allar þessar stofnanir og mönnum hraus hugur við þeim kostnaði og vildu

breyta þessu í ráðgjöf en menn voru ekki á einu máli með það hvað þetta orð þýddi.

Um 26. grein var engin umræða. Hvað varðar 6. kafallinn voru menn á einu máli um það að hann ætti að færast fram fyrir 5. kafallinn og ætti þá að byrja á að skilgreina meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga. 6. kafallinn ætti þá að vera skilgreining meðferðar, sem þar færi fram, og það voru allir á einu máli um að þetta væri rök-réttara en að öðru leyti var lítil umræða um kafallinn.

Menn voru á því að það væri kannski verið að hnykkja á ákveðnum hlutum og segja hluti í löngu máli sem hægt væri að segja í stuttu, þannig að sú tillaga kom upp að það væri nóg að segja þara um þessar stofnanir að þar ættu að gilda heilbrigðislag. Að öðru leyti var rætt um nauðsyn þess að allar meðferðarstofnanir á Íslandi, sem hafa með meðferð alkóhólisma að gera, hefðu meiri samvinnu sín á milli, er í dag er þetta eins og marghöfða dreki sem er að sinna sama hlutnum. Það eru oft á tíðum sömu sjúklingarnir, sem eru á ferli í öllum þessum kerfum, þannig að mér fannst rétt að kasta því inn í umræðuna, hvort ekki þyrfti að vera í lögunum, að þessar stofnanir ættu að hafa samráð sín á milli, meðferðarráð, sem hittist reglulega eða eitthvað í þeim dúr.

Ég vil þakka öllum sem tóku þátt í hópnum fyrir þátttökuna og þakka þeim sem staðið hafa að þessari ráðstefnu fyrir tvo ágæta daga.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Óttari fyrir og hópi þrjú.

Þá er það fjórði hópurinn, sem fjallaði um sölu og dreifingu, einkasölu eða frjálsa verslun. Sigmundur Sigfússon var umræðustjóri. Pétur Heimisson kynnrir.



ÚR MYNDASAFNI DV

Pétur Heimisson:

Ekki lengur fínt að nota áfengi fremur en tóbak



Góðir áheyrendur.

Það verkefni sem fjórði hópur hafði til umfjöllunar var sala og dreifing, einkasala eða frjáls verslun. Í hópnum voru 8 einstaklingar nokkuð víða að.

Í inngangi að þessu verkefni var komið mjög víða við, ekki síst var staldrað við samlíkingar við tóbaksvarnir og það hver árangur hefur náðst í því sambandi en án þess að til yrðu neinar ályktanir eða tillögur. Þá var nokkuð afgerandi sú afstaða, að það þyrfti að ná sama árangri, að gera það ekki lengur fínt að nota áfengi, alveg eins og það hefur tekist með tóbak. Það hefur tekist mjög vel að styrkja stöðu þess sem ekki reykir, en því er alls ekki þannig varið með notkun áfengis.

Í þessu sambandi var líka rætt um nauðsyn þess að draga fram í fræðslunni staðreyndir á sama hátt og gert hefur verið með tóbak, sem stundum er kallað „hræðsluáróður“ en er í raun og veru fyrst og fremst staðreyndir, þar sem sýnt er fram á með bláköldum tölum hvern skaða við hljótum á beinan og óbeinan hátt af neyslu áfengis, ekki með megin áherslu á að svo og svo stór hópur séu of-drökkjumenn, heldur ekki síst á það sem kom fram hér í gær varðandi slys.

Það kom fram hér í gær að einungis einn maður væri skráður látinn af völdum vímuefna. Það er líka mjög fátíð orsök að maður látist af völdum áfengis, en óbeint er hún mjög algeng, s.s. vegna bruna, bílslysa, vinnuslysa, kals, að verða úti, o.s.frv. Í þessu sambandi var líka nefnd jákvæðni gagnvart

því sem hafði komið fram í gær að setja upplýsingar á umbúðir, áfengisflöskur.

Það var bent á að nú þegar liggja fyrir mjög miklar upplýsingar um áhrif aðgengis og hvern þátt það hefur í neyslu áfengis. Því auðveldara sem er að ná sér í áfengi, þeim mun meira er drukkið. Þetta eru staðreyndir.

Við ræddum síðan um einstök efnisatriði og settum á blað nokkra punkta, sem við getum kallað því formlega nafni að vera niðurstöður hópsins.

Um er að ræða innflutning, sölu og dreifingu en fyrst tel ég rétt að komi fram að við ræddum eingöngu um áfengi, sem eina löglega vímuefnið. Hópurinn telur mjög mikilvægt að halda í núverandi fyrirkomulag, þ.e. að innflutningur og smásala áfengis í landinu verði í höndum ríkisins og einskis annars. Ennfremur að halda beri aðskilinni sölu áfengis annars vegar og sölu annarrar neysluvöru hins vegar. Með þessu vildum við m.a. undirstrika mikilvægi þess að gera ekki fleiri aðila, þ.e.a.s. einstaklinga, háða áfengissölu um afkomu sína.

Meirihluti hópsins lýsti yfir stuðningi við megininntak breytingatillögu prófessors Tómasar Helgasonar á kaffla 2 og þar á meðal var meirihluti sammála þeirri grein Tómasar að skipa beri Áfengis- og tóbakssöluinni sérataka stjórn. Ef ÁTVR eigi að gæta að því megininntaki þessa lagafrumvarps að draga úr áfengisneyslu, er mikilvægt að þeir sem stýra þessari verslun séu ekki bara fulltrúar þeirra sem hugsanlega mest eru ábyrgir fyrir

söluaðila, heldur líka hinna ráðuneytanna, heilbrigðis-, félags- og dómsmálaráðuneytis.

Varðandi auglýsingar, urðum við sammála um að leggja til að öðrum kafla yrði breytt, þ.e.a.s. þannig að aftan við 10.1 yrði skotið inn setningu og þá myndi 10.1 hljóma þannig í heild: „**Hvers kona auglýsingar á áfengi og áfengisvörum eru bannaðar hér á landi. Ennfremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingu eða upplýsingum um annars konar vöru og þjónustu.**“ Á eftir þessu kæmi síðan viðbót. „**Oheimilt er að selja áfenga drykki undir sama eða svipuðu vörumerki og óáfenga.**“

10.2 héldi sér síðan fram að setningunni: „þó er framleiðanda sem auk áfengis o.s.frv.“, sem félli út alveg fram að 10.3.

Varðandi veitingastaði lýsti hópurinn yfir ánægju sinni og undirstrikaði mikilvægi þess að ákvæði 28.3 í frumvarpinu sé að veita stöðum sem eru áningastaðir ferðafólks eða þjóna öikumönnum ekki leyfi til áfengissölu.

Í þessu sambandi komu fram ýmis dæmi sem menn tóku til. Menn nefndu flugvallaafgreiðslur, umferðamiðstöðvar og söluskála víða úti á landi og í því sambandi kom fram að þeir eru ekki alltaf áningastaðir ferðafólks, heldur víða í þéttbýlisstöðum einn helsti viðverustaður ungmenna þess á kvöldin og um helgar.

Það kom líka fram umræða sem tengist veitingum áfengis um það hvort ekki sé ástæða til þess að undirstrika að íbúasamtök og hverfasamtök hafi eitthvert vægi í því þegar ákvæðið er að settur skuli upp bar inni í miðju íbúðahverfi o.s.frv.

Ég þakka félögum mínum úr hópnum kærlega fyrir. Þetta voru mjög skemmtilegar umræður og eins vil ég lýsa ánægju minni yfir þessari ráðstefnu í heild, sem trúlega er merki þess sem við komum inn á í hópnum sem er mikilvæg þess að fá fram hugarfarsbreytingu um áfengi rétt eins og orðið hefur um tóbak.

Guðrún Agnarsdóttir:

Þá eru næst saman, fimmti og áttundi hópur. Þar var Ómar Smári Ármannsson umræðustjóri og mun hann kynna niðurstöður.



Hópur 5 og 8

Ómar Smári Ármannsson:

Skipulagt samstarf tollgæslu- og lögreglumanna er nauðsynlegt

Fundarstjóri, ágætu ráðstefnugestir. Mér var falið að stýra áttunda umræðuhópnum, um innflutning og dreifingu ólöglegra vímuefna, en einnig var okkur falið að taka yfir fimmta hópinn, um framkvæmd löggæslu og tollgæslu. Þetta er í raun svo ná-

tengt mál að sjálfsagt þótti að sameina þau. Þetta var afskaplega góður hópur og breiður. Menn höfðu ástæðu til þess að koma ýmsum sjónarmiðum á framfæri og í sjálfu sér leituðumst við ekki við að komast að neinni ákveðinni niðurstöðu, en hins vegar


vil ég tunda lauslega, hvað var tekið fyrir og á hverju var vakin athygli.

Þegar við tölum um lögreglu og tollgæslu kemur fljótlega fram að við erum ekki bara að spyrja okkur þeirra spurninga, hvað hægt sé að gera til þess að ná sem flestum sem koma með ólögleg fíkniefni til landsins, heldur líka hvað við getum gert til þess að draga úr líkunum á að fólk fái áhuga á að koma með þau til landsins. Þetta átti ekki að vera sögulegt yfirlit yfir stöðu mála, heldur fyrst og fremst ábendingar til betrumbóta. Um hvert atriði er í rauninni hægt að viðhafa langt mál, en tími vinnst ekki til þess hér, svo ég stikla á stóru.

Fyrst það sem lýtur að lögum og reglum. Það var rætt um það hér á ráðstefnunni í gær, að við tengdum þessa umræðu hjá okkur í hópnum því, hvort ástæða þætti til að breyta rannsóknarvaldi vegna fíkniefnamála og var þar átt við stöðu og fyrirkomulag rannsókna. Það var varpað fram þeirri hugmynd, hvort þessi málaflokkur ætti frekar heima undir RLR, eða beint undir Dómsmálaráðuneyti. Við tókum í raun og veru ekki afstöðu til þess, því það voru jafnskiptar skoðanir um þessi mál og lögreglumennirnir voru margir í hópnum. Hins vegar voru menn sammála um að ástæða þætti til að efla fíkniefnalögreglu á landsvísi, með sérstakri áherslu á upplýsingasöfnun, sem er að gera lögreglunni kleift að afla greinargóðra upplýsinga um ástandið á markaðnum, vera í góðum tengslum við þá aðila, sem tengjast þessu á einn eða annan hátt og sníða starfsemina og skapa henni þann grundvöll sem best þykir í þessum efnum.

Lítillega töludum við um ákvæði tollalaga og tollverðir í þessum hópi voru nokkuð sammála um að þeir hefðu nokkuð





rúmar heimildir til þess að leita í farartækjum og á öðrum stöðum þar sem ástæða þykir til vegna smyglvarnings. Jákvæðum áfengis-laga eru heimildir fyrir lögreglumenn að leita að ólöglegu áfengi í ökutækjum. Hins vegar töldum við rétt að minna á hvort ekki er ástæða til að samræma störf löggæslumanna og tollgæslumanna, um leitarheimildir í öku-tækjum ef grunur vaknar um að hlutaðeig-andi aðilar tengjist fíkniefnamálum. Þetta er aðeins lítið mál, spurning um framkvæmd.

Ari Edwald kom inn á það að breyta þyrfti ákvæðum hegningarlaga um upptöku eigna og leitarheimild fyrir lögreglumenn. Þar átti hann m.a. við, þegar menn eru grunaðir um dreifingu og sölu fíkniefna, að þeir verði þá látnir sanna það þegar þeir eru teknir að það fé sem þeir hafi undir höndum eða þær eign-ir sem þeir eiga séu ekki fjármagnaðar með ágóða af sölunni. Þetta er hluti af Vínarsátt- málanum, sem á eftir að aðlaga að íslenskum lögum og mér skilst að það sé verið að vinna í málinu og við hvetjum eindregið til þess að það gangi í gegn sem fyrst.

Mikið var rætt um að efla samstarf allra þeirra sem að vímuvarnamálum vinna en Guðrún Agnarsdóttir kom inn á það mál í

gær. Reyndar miðar frumvarpið að því að ná þessum sjónarmiðum fram og þau komu fram í hópvinnunni og eru stuðningur við þessa málaleitan. Það kom fram hjá einum nefndarmanna að áfengis- og fíkniefnamál heyra í dag undir sex ráðuneyti og þetta frumvarp er í raun og veru viðleitni til þess að samræma þessi mál undir einu ráði og er það af hinu góða.

Það kom fram að ástæða þykir til að leggja áherslu á skipulagt samstarf tollgæslu- og lögreglumanna og það kom fram í erindi Hermanns Guðmundssonar í gær að hlut- verkaskipti lögreglu- og tollgæslumanna hér á landi væru ekki nægilega skýr. Við teljum fulla ástæðu til að skýra þessi hlutverkaskipti. Reyndar eru störf lögreglumanna og toll- gæslumanna samofin vegna þess að víða fara lögreglumenn með tollgæslumál úti á landi, en menn horfðu sérstaklega til Reykjaness og töldu ástæðu til að efla og samhæfa löggæslu og tollgæslu í tollhöfnum á Suðurnesjum þar sem menn telja að fíkniefni eigi greiðasta leið inn í landið.

Þá var talað um að efla samstarfið innbyrð- is hjá þessum aðilum og auk þess þyrfti að leggja áherslu á skipulega alþjóðlega sam-

vinnu vegna fíkniefnamála meðal tollgæslu- og lögreglumanna. Við vitum að það hefur verið unnið vel að þeim málum á síðustu ár- um og það hefur skilað góðum árangri. Menn gera sér grein fyrir því að slík sam- vinna er nauðsynleg og því betri og virkari sem hún er því meiri líkur á árangri.

Þá var rætt um almennt viðhorf fólks til fíkniefna. Ein leið til þess að spyrna við fótum er að fólk fái neikvætt viðhorf til fíkniefna. Reyndar er þetta einn megintilgangur frum- varpsins og virtist viðhorf flestra sem tjáðu sig í hópnum hjá okkur taka mið af þessu og er sérstök ástæða til þess að undirstrika þetta.

Þá er ástæða til að bæta við og vekja athygli á jákvæðri þátttöku og virkni fjölmiðla til þess að þetta megi ná fram að ganga sem og annarra áhrifaaðila í þjóðfélaginu.

Auk þess kom fram fjöldi atriða sem menn vildu vekja athygli á eins og að ástæða væri til að leggja áherslu á íþrótt- og æskulýðs- starf, því sjaldan væru það þeir aðilar sem tengjast slíku sem væru neytendur fíkniefna.

Að lokum langar mig til þess að vekja athygli á einum þætti sem hefur verið ræddur, en hann er sá að það er sýnilegur áhugi ein- stakra stjórnámálanna undir áhrifum hags- munaaðila að rýmka opnunar- tíma vínveitingahúsa. Við þekkj- um afleiðingar af slíku erlendis frá, sérstaklega þar sem kemur upp næturlúbbastarfsemi og annar slíkur rekstur. Það er vís leið til vændis og skipulegrar fíkniefnasölu. Þannig bið ég menn að taka vara á að fara of hratt í þau mál.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Ómari Smára fyrir og hópi hans.

Þá er komið að sjötta hópnum sem fjallaði um hlutverk félags- málanefnda sveitafélaganna. Bragi Guðbrandsson var um- ræðustjóri en Ólóf Thorarensen mun kynna niðurstöður.



Ólöf Thorarensen:

Dæmi um börn sem drekka heima hjá sér með leyfi foreldranna



Það komu upp hjá okkur vangaveltur um hvort þetta væri rétt nafn á lögum. Sumum fannst of mikið talað um meðferðina en vantaði ákvæði um fyrsta stigs forvarnir. Við fjölluðum aðallega um fjórða og fimmta kaflann en ég ætla að nefna níundu grein hér líka, þar sem kveðið er á um að félagsmálanefndir sveitafélaganna skulu sinna áfengis- og vímuefnavörnum með skipulegum hætti. Fólk var sammála um að þetta kæmi þarna inn. Þrátt fyrir að áfengismálin séu skilgreind sem heilbrigðismál, eru félagslegar afleiðingar misnotkunar svo miklar að það gerist ekki nema í samvinnu yfirstjórna félagsmála og heilbrigðismála og síðan einnig dómsmála og löggæslumála. Nefna má að í nýsamþykktum lögum um félagsþjónustu sveitafélaga er heimildarákvæði um að félagsmálanefndir komi inn í þessi mál og ég get upplýst að þetta er á mjög mörgum stöðum þannig að félagsmálanefndir sinna að hluta til eða að mestu leyti vímuvarnamálum.

Varðandi sautjándu grein tíðkast það, þegar börn undir 16 ára aldri eiga hlut að lög-

brotum eða vímuefnamálum, að barnaverndaryfirvöldum sé tilkynnt um það. Hér er verið að færa niður aldur skv. gildandi lögum og við höfum ekki athugasemdir við það. Um sautjándu greinina ræddum við ekki mikið, en við ræddum þeim mun meira um átjándu greinina sem við vorum samála um að væri mjög merkileg. Þar væri komið inn leyfi til íhlutunar frá félagsmálanefndum og við vitum að fyrir 2-3 árum var gerð tilraun í Kópavogi þar sem félagsmálayfirvöld komu á staðinn þegar lögregla var kölluð út að nóttu til. Það gaf góða raun, en hér er komin sú heimild í lög að starfsmenn félagsþjónustunnar hafi lagavernd á bak við sig. Þetta gæti verið mjög mikilvægt skerf í þá átt að viðkomandi færi í meðferð. Þarna væri oft fyrsta skrefið í því að brjóta leyndarmálið. Mig langar til að geta þess líka, að okkur fannst mikilvægt að því yrði komið þannig fyrir að starfsíólk félagsmála gæti unnið þannig að málum að meðferðarstofnanir væru tilbúnar að taka viðkomandi þegar á þyrfti að halda. Það hefur gerst, þegar loksins er búið að

stuðla að að einhver sé tilbúinn til meðferðar, að oft en erfitt að koma meðferðinni í gang á réttum tíma.

Við ræddum einnig um hvernig félagsmálanefndir gætu komist inn í stuðning og forvarnarstarf og komu upp hugmyndir um að félagsmálanefndir gætu unnið með foreldrum, myndað hópa, og jafnvel reynt að styrkja foreldra í hlutverki sínu. Foreldrarir verða að gera sér grein fyrir og viðurkenna að barnið sé farið að smakka vín. Nefnd voru nokkur dæmi um börn sem drekka heima hjá sér, jafnvel meira og minna með leyfi foreldra. Félagsmálastofnanir geta verið mjög góður vettvangur til að skapa umræðu meðal foreldra um ábyrgð þeirra á börnum sínum og það er þeirra að setja reglur um svona hluti.

Við vorum sammála um að félagsmálanefndir og heilsugæslustöðvar gætu verið virk í samvinnu í meðferð og eftir meðferð bæði hvað varðar börn og fullorðna.


Í sambandi við 26. greinina er kannski verið að skerpa á hlutverki félagsmálapáttarins og það er ágætt að þessu sé komið inn í þessi lög líka.

Ég vil einnig koma inn á 2% af sölu áfengis. Við vorum við því að sjóðurinn renni inn í meðferðarþáttinn, heldur yrði fyrst og fremst notaður í forvarnarstarf og þá jafnvel til að styrkja sveitafélögin til að koma af stað skipulegu starfi.

Það kom einnig fram í hópnum viss hræðsla í sambandi við félagsmálanefndirnar, og að það gæti orðið dálítið mikil stofnun sérstaklega fyrir minni sveitafélög og viss hræðsla um að sjálfboda starfið veiktist við þetta.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Ólöfu fyrir og hópi sex. Þá er það sjöundi hópurinn sem ræddi um hlutverk fjölmíðla. Umræðustjóri var Sigurður G. Tómasson. Lára Halla Maack ætlar að kynna niðurstöður.



Hópur 7

Lára Halla Maack:

Fjölmiðlar hafa mjög stóru hlutverki að gegna í vímuefnavörnum

Það ultu upp úr Sigurði umræðustjóra tvö „mottó“ sem eru dálítið lýsandi fyrir umræðurnar í hópnum okkar. Annað var: „Buddunnar lífæð í brjóstinu slær“ og hitt er: „No such thing as a free lunch.“ Við ræddum um peninga. Ég vil byrja á því að segja, að hópurinn var svolítið óhress með að hafa ekki fengið frumvarpið fyrr í hendurnar, svo hægt væri að leggja yfir því.

Einnig söknudum við þessara tölfræðilegu upplýsinga sem áttu að fylgja, en fylgdu ekki. Umræðurnar í okkar hóp snerust aðallega um tvennt, annars vegar um auglýsingar og hins vegar um hlutverk fjölmiðla almennt. Það sem við töluðum um í sambandi við auglýsingar var kaflinn í frumvarpinu, en eins og vitað er eru fjölmiðlar háðir auglýsingum á margan hátt og í þeim koma margvíslegar beinar og óbeinar auglýsingar. Hópurinn lýsti ánægju sinni yfir þessum skýrari skorðum varðandi áfengisauklýsingar og hefur sömu tillögu fram að færa um grein 10.2 og ýmsir aðrir hópar. Það þarf að koma miklu skýrar fram að það sé ekki hægt að auglýsa ljón í sauðagæru.

Okkur finnst einnig í sambandi við auglýsingar almennt, að það sé tvískinnungur hjá yfirvöldum að standa fyrir einkasölu en jafnframt hafa umboðsmannakerfi á sölu áfengis í landinu, vegna þess að eitt af hlutverkum umboðsmanna, þar sem auglýsingar eru bannaðar, er einmitt að auglýsa áfengi á einn eða annan hátt, sem þeir gera leynt og ljóst eins og við vitum öll. Þessi tvískinnungur er eitt af því sem við vildum gjarnan koma á framfæri og væri kannski möguleiki að kippa inn í lögina á einhvern hátt.

Eins og ég sagði áðan var aðalumsæðan um hið víðtæka hlutverk fjölmiðla. Við vorum sammála um að fjölmiðlar hefðu mjög stóru hlutverki í vímuefnavörnum að gegna. Aðallega tvenns konar, að koma á framfæri staðreyndum um áfengis- og vímuefnaneyslu og annast fræðslu. Varðandi öll þessi atriði þurfa þeir að geta spurt, leitað upplýsinga og ráða hjá óvilhöllum aðila. Hópurinn lýsti

því mikilli ánægju með hið nýja og fjársterka Áfengisvarnaráð, vegna þess að það hefur yfir 100 milljónum úr að spila. Við viljum jafnframt leggja enn meiri áherslu á þessi tengsl vímuefnavarna og peninganna með því, okkur finnst það skjóta skökku við í frumvarpinu, að ráðið skuli ekki hafa enn meiri völd og við viljum gjarnan styrkja ráðið í störfum þess og stingum upp á, eins og reyndar annar hópur hefur gert, að hnýta Áfengisvarnaráð saman við hið eina áhrifaríka stjórnæki sem við vitum um í áfengisvörnum og það er áfengissal- an í landinu.

Við styðjum eindregið þá tillögu að setja áfengissölu og Áfengisvarnaráð allt undir einn hatt, hvort sem það verður í Fjármála- ráðuneytinu, Heilbrigðisráðuneytinu eða hvar sem er. Við viljum að þetta sé undir einni stjórn. Þar með er hægt að hnýta saman, bæði þær fjárveitingar sem fara til vímuefnavarna og að hafa í hendi sér hið eina stjórnæki sem áhrifaríki er í sambandi við áfengisvarnið í landinu. Það er fáránlegt að hafa ekki alveg fullkomna útlistun á áfengis-

sölunni í þessum áfengisvarnalögum.

Að síðustu vill hópurinn leggja áherslu á, að Áfengis- og vímuvarnaráð finni leiðir til að „táldraga“ fjölmiðlana inn á það markmið Alþjóða heilbrigðisstofnunarinnar að stefna að því að minnka áfengisneyslu um 25% og finna leiðir, þannig að fjölmiðlar geti verið með í því að vinna að þessu marki frá upphafi. Það sem liggur beinast við er auðvitað það sem við töluðum um áðan, nefnilega með áfengissölu í landinu en það þarf að byrja núna að fá fjölmiðlana með til þess að stefna að markmiði Alþjóða heilbrigðismála- stofnunar.

Guðrún Agnarsdóttir:

Ég þakka Láru Höllu og hópi sjö fyrir.

Við hefjum almennar umræður nú, eftir að niðurstöður hópa hafa verið kynntar. Þeir sitja fyrir svörum sem sömdu frumvarpið svo og ráðherra. Allir sem hafa talað og eru hér, flutt erindi og þvíumlíkt, munu líka svara fyrir sín erindi og síðan eru að sjálfsgöðu frjáls skoðanaskipti, en ég gef þá orðið laust.



Kristinn T. Haraldsson:

Ég ætla að koma hér með tillögu. Í sambandi við grein 5.1 um skipun í vímuvarnaráðið, held ég að ég ætti að taka inn þau ráðuneyti sem koma nálægt þessum málaflokkum þ.e.a. Heilbrigðisráðuneytið skipi einn fulltrúa, menntamálaráðuneyti einn, Félagsmálaráðuneyti einn, Utanríkisráðuneyti einn, fyrst það er með Keflavíkurflugvöll og herstöðina. Dómsmálaráðherra skipi einn og í staðinn fyrir að Alþingi skipi fjóra, verði hver stjórnarflokkur á Alþingi með, til þess að fá alla sem að þessum málum vinna virka.

Tómas Helgason:

Ég vil láta koma fram að ég hef í tvígang gert veigamiklar athugasemdir til nefndarinnar, sem hefur samið frumvarpið, um kaflann sem fjallar um meðferð og meðferðarstofnanir. Mér sýnist öll þau atriði sem ég þar tók upp, sem lúta fyrst og fremst að því að þessi kafli sé alltof smámunasamur, vera inni. Það er tíundað alltof nákvæmlega hvernig meðferð skuli fara fram. Ég vil vara við því vegna þess að slíkt getur auðvitað orðið til þess að hefta framfarir. Ég sé í anda ef það hefði verið tíundað í lögnum um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra sem nú eru, hvernig meðferð ætti að fara fram og hún væri nokkurn veginn eftir því „módeli“ sem þá gilti. Þess vegna vil ég vara við nákvæmri tíundun á meðferð og hvernig hún skuli fara fram.

Ef við erum að tala um alkóhólisma sem sjúkdóm og ég held að við séum öll sammála um það, gilda náttúrlega um þennan sjúkdóm sömu lög og reglur og um alla aðra sjúkdóma og þar með um meðferðarstofnanir. Þetta eru nú þær almennu athugasemdir sem ég hef gert við þetta frumvarp. Ég hef gert



þetta í smærri atriðum til nefndarinnar og ég vil beina því enn einu sinni til hennar, að þetta verði skoðað betur.

Ólafur Ólafsson landlæknir:

Mér finnst þetta vera mjög athyglisvert frumvarp og tel að okkur sé brýn nauðsyn á því að fá mjög virk áfengis- og vímuvarnalög. Ég er mjög ánægður yfir því að hér er komið vímuefnaráð sem m.a. hefur átt fyrstu upptök sín í samvinnu margra aðila. Ég vil minna hér á tvo þætti og þá sérstaklega meðferðarþáttinn. Ég til það nauðsynlegt að hafa hann mjög ítarlegan. Það er svo að þennan þátt hefur skort. Að visu hefur verið ákvæði í lögum en þessu hefur ekki verið sinnt. Ég hef verið mjög leiður yfir því hve lítinn stuðning ég hef fengið frá „kollegum“ varðandi þennan þátt. Ég sé núna, að þetta er virkilega vel tekið fram og ég held að það sé brýn nauðsyn, eins og sagt er á nútíma íslensku, að negla þetta eins og frekast megir. Mætti þá

vera sex tommu nægli, frekar en fjögurra tommu, niður í löggin. Ég held að sú sé eindregin skoðun þeirra manna sem fengist hafa við meðferð.

Ég held að það sé mikið atriði, að fá þessi lög. Staðreyndin er sú að við erum að sigla inn í óvissu. Það er alveg ljóst að samvinna okkar við Evrópu og innganga í það samband mun skapa vissa erfiðleika og allt virðist benda til þess að þar verði markaðsöflin mjög sterk og að þau séu ekki hagstæð stefnu þessa frumvarps. Annað sem kemur til verður sjálfsgagt lækkandi verð á áfengi og ýmislegt sem vinnur góðri ætlan þessa frumvarps. Ég vil benda á, að við lifum á sérstökum tímum. Ef við horfum á sjúkdómsmynstrið og síðustu aldamót ber mest á sýkingarsjúkdómum. Síðan upp úr 1950 komu menningarsjúkdómarnir sem við könnumst við, hjarta- og æðasjúkdómarnir. Núna erum við að fá nýja tegund sjúkdóma, svokallaða samlífssjúkdóma, sem stafa af einhverjum sálíkamlegum vanræðum sem stafa af öðru, samskiptavandamálum. Það er farið að tala um þessa sjúkdóma meira en áður og það er eins og við séum að sigla inn í nýtt sjúkdómsmynstur. Þá fylgir það, hversu mikill samverkandi þáttur það er, að fjölskylduböndin rofna æ meir og fjölgun hjónaskilnaða eykst, stækkun á borgum, flutningur úr sveit o.fl.

En það fer ekki á milli mála að góð og virk lög í þessu gætu hjálpað okkur eitthvað. Ef ekki tekst vel til höfum við úr nokkuð háum söðli að detta, því staðreyndin er sú, að áfengisstefnan hér hefur verið mjög góð og hefur verið mælt með að hún væri tekin til fyrirmyndar, t.d. af Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni. Það byggist á því, að hér hafa verið miklu meiri takmarkanir á sölu áfengis heldur en í mörgum öðrum löndum,



ÚR MYNDASAFNI DV

enda hefur sala áfengis verið minni hér á landi en víða annars staðar. Stefnan hér hefur verið mjög góð og því ekki verið að reisa lög á neinum rústum, en ég tel þessi lög vera tvímælalaust til bóta og styð þau.

Sveinn Rúnar Hauksson:

Ég ætla að taka undir það með landlækni að þetta er gott frumvarp og ég er ákaflega þakklátur þessu fólki sem hefur unnið svona vel. Ég var nú samt að því kominn að skamma þessa nefnd. Það er út af fyrir sig ámælisvert hjá nefnd, að undirbúa mál það vel að ráðstefna detti því nær dauð niður og hafi ekkert að ræða þegar hingað er komið. En sem betur fer þá verður það nú ekki svo. Ég vil einmitt þakka prófessor Tómasi Helgasoni fyrir það að hefja umræðuna og einmitt um þessi meðferðarmál og hversu mjög eigi að líunda þau í lögum.

Ég sat í þessum hópi í morgun og þar var mjög mikið rætt um 22. grein og mér finnst þessi gagnrýni Tómasar mjög skiljanleg og eðlileg. Það er kannski dálítið ankannalegt að sjá svona nákvæmlega farið í það, hvernig meðferð við ákveðnum sjúkdómi skuli byggð upp í lagafrumvarpi og hvort ekki mætti láta duga að gera það t.d. í greinargerð. En ég held samt að niðurstaða okkar langflestra, og þetta var stór hópur, hafi verið sú, að það væri gott að hafa þetta svona. Það er vegna þess að þau atriði sem koma fram í grein 22.1, fjögur atriði, eru þegar að er gáð, ekki eins smásmuguleg eins og Tómas sagði. Það eru bara nefnd þarna, í fyrsta lagi áfetrinum, í öðru lagi meðferðin, þriðja lagi endurhæfingin og svo í fjórða lagi vernduð heimili. Með því að setja þetta niður á þessan hátt er í rauninni verið að tryggja rétt sjúklinga! Það er verið að tryggja rétt alkóhólistanna og vímuefnasjúklinga til meðferðar. Það veitir ekkert af því á þessum tímum að hafa hlutina á hreinu, skýra og klára. Hér er verið að skjóta stöðum undir þá meðferð, sem Ríkisspítalarnir og SÁÁ hafa mótað á liðnum 15–20 árum. Það er verið að treysta þessar stöðir með því að festa þær niður í lögum. Að tryggja rétt fólks sem þarf á því að halda að vera á áfangheimili eftir að meðferð lýkur mun auka verulega líkurnar á því að það nái að fóta sig í lífinu aftur.

Önnur gagnrýni sem hefur komið fram er sú að það sé dálítið ankannalegt að vera að tala svona mikið um meðferð. Ég vil leyfa mér að halda því fram, að sú meðferð sem stunduð er hjá Ríkisspítalunum og SÁÁ, sé forvarnir. Hún er í það minnsta annars stigs forvarnir fyrir það fólk sem meðferðina fær gagnvart þeim fylgisjúkdómum sem það á von á því að fá og væntanlega að deyja úr. Á

sama hátt er þetta forvarnarstarf fyrir fjölskyldurnar, maka, vini, börn o.s.frv. Þetta er forvarnarstarf, ef við lítum á slys. Meðferðin miðast við varanlegt bindindi. Við getum allveg talað um það á ráðstefnu sem þessari, að þessi meðferð hefur skilað út í samfélagið þúsundum fólks, sem ella væri meira og minna ölvað í sínu lífi, skaðandi sjálf sig og aðra. Ef slík meðferð er ekki forvarnarstarf, þá skil ég ekki hvað forvarnir eru.

Gissur Guðmundsson:

Ég vil byrja á því að þakka fyrir að fá að vera með ykkur, en mér finnst í umræðunum, bæði í gær og í dag mikið talað um áfengi og fíkniefni, en við höfum ekki orðað, nema í nefndinni sem ég var í í morgun, lyf, sem er eitt stærsta bölið á þessum vettvangi. Helgi Daníelsson greindi frá einum sem lifði af að fá mikla og stóra uppáskrift á lyf. Menn notuðu stór orð og töluðu um lækna sem stærstu dópsalana. Það er mikið til í þessum orðum. Þetta er staðreynd sem ekki hefur

t.d. guðfræðideild Háskóla Íslands, sem ég hef sjálfur verið með nokkra fræðslu í um þessi mál og var mjög vel tekið og ég vil leggja áherslu á sérstöðu sóknarpresta í ákveðinni framlínu, áður en allt er komið í óefni og ekki er hægt að snúa við. Þarna má nefna félagsráðgjafanema og slíka. Þetta er ábending. Ef þessum lögum er ætlað að þvinga sér inn og hafa áhrif á námskrár skóla, þá þurfa að vera fleiri skólar inni í þessari mynd.

Helgi Kristbjarnarson:

Mig langar að benda á þá samlíkingu sem við sjáum nú öll við tóbaksvarnalögin í þessum lögum og velta fyrir okkur hvers vegna tóbaksvarnalögin hafa tekist vel, en síður virðist hafa tekist til í baráttunni gegn áfengisbölinu. Ég held að þegar tóbaksvarnalögin komu fram, hafi ekki verið betri hljómgrunnur í þjóðfélaginu heldur en nú er gagnvart því að draga úr áfengisneyslu. Ég held að í gegnum hið mikla áfengismeðferðarstarf, sem



verið hreyft mikið við hér. Lyfjum hefur fækkað á heimilum í skápum og það er af hinu góða. En það er aftur á móti til fólk sem tekið er með útúrfulla vasa af uppáskrifðu dópi.

Pétur Maack:

Mig langar að vekja athygli á 14. grein á blaðsíðu 7. Þar stendur: Nemendur skóla sem veita kennaramenntun, Fósturskóla Íslands og Lögregluskóla ríkisins skulu fá ítarlega og skipulagða undirstöðumenntun í áfengis- og vímuefna... o.s.frv.

Nú veit ég ekki hver verða jarðýtuáhrif þessara laga, þannig að þau geti haft áhrif á námsskrá slíkra skóla, en ef svo er, þá vildi ég gjarnan fá að bæta ýmsu þarna við. Ég nefni

mjög stórt hlutfall þjóðarinnar hefur tengst á einn eða annan hátt, sé kominn grundvöllur fyrir nútímalegum viðhorfum varðandi áfengisnotkun. Þess vegna held ég að það sé í nútímalegum anda, sem kemur fram hér, að setja merkingar á áfengisflöskur um skaðsemi þess og það muni hafa mjög svipuð áhrif eins og í tóbaksörnum, þ.e.a.s. að vekja þær hugsanir hjá fólki, að það sé ekki eðlilegt að neyta þessa efnis.

Fyrir tíu árum voru þeir menn sem fustuðu og sveiðu yfir fólki sem reykti og púaði framan í það, en slíkir menn voru í minnihluta, litmir hornauga. Nú hefur það snúist við þannig að nú þykir eðlilegt að menn sýni fyrirritningu sína gagnvart tóbaksreykingum.


Mig langar aðeins að útskýra þá tillögu sem hefur komið hér fram um að ekki verði



heimilt að selja áfenga og óáfenga drykki undir sama vörumerki. Þetta á náttúrulega fyrst og fremst við um bjórinn og mín skoðun er sú, að það sé eðlilegt og í samræmi við nútíma verslunarhætti, að ekki sé reynt að selja eina vöru undir vörumerki annarrar. Þetta þýðir að vissir aðilar eiga erfitt með að selja vöru sína og þá einkum þeir sem flytja inn bjór. Íslenskir framleiðendur ættu að eiga til-
tölulega auðvelt með að breyta vörumerkjum sínum þannig, að þeir séu að selja áfengan bjór undir einu vörumerki og óáfengan undir öðru. Er erlendir aðilar telja sig ekki geta breytt þannig, að þeir selji áfengan bjór undir öðru vörumerki heldur en óáfengan, þá tel ég að það verði að gera þeim að velja á milli hvort þeir vilja selja áfenga bjórinn eða óáfenga bjórinn. Það er grundvallaratriði að menn viti hvers þeir eru að neyta og ekki sé reynt að selja með auglýsingum eða með útliti vörunnar aðra vöru heldur en þá sem þeir eru að neyta.

Sigurgeir Þorgrímsson:

Það eru hér nokkur atriði sem ég vil minnst á. Ég veit ekki hvort það hefur komið fram, að það er mjög góð tillaga sem kom frá Erlendi Baldurssyni um að sala á tollfrjálstu áfengi ætti að vera bönnuð. Það er að sjálf-sögðu út af því að það er óeðlilegt að verið sé að flytja inn tollfrjálst áfengi, bæði í Fríhöfninni og svo það sem ferðamenn eru að flytja inn. Svo er líka það, að eftir því sem aðgengi að áfengi er minna, dregur það úr áfengis-neyslu. Svo er það annað sem ég ætla að minnst á sem blaðamaður. Það var minnst á ábyrgð fjölmiðla. Það er eins og margir vita markmið blaðanna að seljast og því miður er forvarnarstarf ekki talið söluvara. En það er ör-
ugglega hægt að vekja upp



magna það fræðslustarf sem fer fram í skólum án þess að það sé gengið á þessa peninga.

Ég þakka innilega fyrir þessa ráðstefnu og vona að svona ráðstefnur verði haldnar áfram, þar sem fari fram skoðanaskipti milli manna frá mismunandi félögum og stofnunum. Ég held að skoðanaskipti hafi mikið að segja og ekki síst ef menn myndu segja frá því starfi sem þeir eru að inna af hendi á mismunandi stöðum og reyndu að samræma það eins og talað var um þegar boðað var til þessarar ráðstefnu.

Páll V. Danielsson:

Það var minnst á í gær og eins í upplýsingum með drögum að frumvarpi skýrslu, sem hefði verið gerð af Hagfræðistofnun Háskóla Íslands, að tilhlutan Landsambandsins gegn áfengisböl-
inu. Sú skýrsla er all merkileg á fleiri en einn hátt, fyrst og fremst vegna þess að hún sannar rækilega að tekjurnar eru litlar af þessum viðskiptum og enn fremur hitt hvað víða vantar upplýsingar. Litlar skráningar eru til, til þess að hægt sé að mæla hið mikla bøl sem af áfengisneyslunni hlýst. Viðmiðunarárið 1988, voru tekjurnar 4,3 milljarðar, en gjöldin 4,1 milljarður. Ef við lítum betur á það, þá eru um 1,1 milljarður í þessu söluskattur, sem ekkert fyrirtæki fær að telja til tekna hjá sér, þannig að það vantar uppundir 1 milljarð, að áfengisviðskiptin standi undir sér. Þungamiðjan í þessu máli, og það er einmitt það sem ég ætlaði að leggja áherslu á, er að verðlagning á áfengi sé ávallt miðuð við það, að hún standi undir öllum afleiddum kostnaði af neyslunni.

Við getum ekki rekið þessi viðskipti í landinu, með því að borga niður með sköttum af annarri starfsemi. Við verðum að gera þá kröfu að þessi viðskipti standi undir sér. Þá þarf að gera mikla breytingu og bæta miklu við á fjárlögum til þess að ná þeim kostnaði sem við búum við. Hins vegar vantar kannski hugarfarsbreytingu til að gera þetta.

Áfengisvandamálið verður aldrei, hvorki stærra eða minna heldur en við sættum okkur við. Það getur ekki verið að við sættum okkur við ástandið eins og það er í dag og þess vegna verðum við að vinna að því að bæta um. Að lokum vil ég svo þakka þeim sem að þessari ráðstefnu hafa staðið. Það hefur verið ánægjulegt og upplýsandi að vera hér.

Bogi Arnar Finnbogason:

Ég þakka kærlega fyrir að fá að vera með ykkur á þessari ráðstefnu og taka þátt í umræðum, sem ég vona að verði til góðs. Ég veit forstöðu landsamtökum foreldra, sem vilja vernda börnin gegn vímuefnaneyslu á viðkvæmasta skeiði og þess vegna leyfi ég mér að bera hér fram þá spurningu, hvort ekki sé ástæða fyrir stjórnvöld og opinberar stofnanir að þiggja tilboð frjálsra félagssamtaka um forvarnir í ríkara mæli en hingað til og viðurkenna þar með, að foreldrar eru, hvort sem mönnum líkar betur eða verr, mestu sérfræðingar í eigin börnum. Mér finnst við hafa tilhneigingu til þess að líta á skólalærða sérfræðinga sem einu sérfræðingana sem hlustandi er á, en alltof lítið sé gert úr hlut foreldra. Í þessu sambandi vil ég benda á þann geysigóða árangur sem Krabbameinsfélag Reykjavíkur hefur náð í reykingavörnum og ég leyfi mér að fullyrða að opinberir aðilar hefðu ekki náð svo góðum árangri einir, ef ekki hefðu komið til frumkvæði og dugnaður áhugamanna á því sviði. Ég vil ítreka, að ég held að við ættum að kynna okkur vel hvaða aðferðir þeir hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur hafa notað varðandi reykingarnar til þess að ná þessum áfanga, því þetta er auðvitað verk sem þarf að vinna að áfram. Ég held að við ættum svolítið að temja okkur þeirra aðferðir.


Varðandi það hverjir hafa verið umsgagnaraðilar að þessu frumvarpi ætla ég aðeins að nefna það, því ég veit að þeir hafa ekki allir svarað. Ég veit að það var ekki leitað til Krabbameinsfélags Reykjavíkur um umsögn, því miður og það var ekki leitað til Námsgagnastofnunar, því miður. Þess vegna kom það í ljós, þegar fólk fór að fjalla um þessa hluti, sem hefur mikið og gott vit á fræðslu, í fræðsluhópnum nr. 2 í dag, að það hefðu greinilega ekki komist nógu vel inn sjónarmið þeirra manna sem þekkja best til varðandi skólana. Þá hefðu ymjis atriði ekki verið inni sem þarna eru, en vafalaust og væntanlega kemst þetta allt vel til skila til nefndarinnar.

Jón Hjörleifur Jónsson:

Góði fundarstjóri og góðir fundargestir. Ég vil lýsa mikilli ánægju minni yfir þessu

þingi og tel það sé ákaflega mikilvægt varðandi þessi málefni og þakka fyrir að fá að vera hér sjálfur og njóta þessarar fræðslu og uppörvunar sem ég hef hlotið við að hlýða á þessi mál, svo vel flutt sem raun ber vitni.

Mig langar í fyrsta lagi íslenskunnar og málsins vegna, hæversklega benda á tvö hugtök sem ganga hér. Það er forvarnarstarf sem ég myndi nú vilja, eins og það er framkvæmt, álíta að væri réttara að kalla björgunarstarf, því það er verið að bjarga fólki úr ógöngum sem það er allt að því drukknad í og það er náttúrlega björgunarstarf og það starf er ómetanlegt í sínu gildi eins og það hefur verið framkvæmt og verður ekki oflof-



ad. Forvarnarstarf er náttúrlega starf sem fyrirbyggir að slíkir hlutir gerist. Þetta er nú bara málfarslegs eðlis, af því ég elska íslenskuna.

Við erum hér að fást við regin vandamál. Það er öllum fyllilega ljóst, af alvarlegasta tagi, sem varðar ekkert minna en líf og dauða. En eins og ég lét orð falla í umræðuhópnum þar sem ég sat í dag, erum við líka sem bindindisbaráttufólk á svipuðum grundvelli og læknastréttin, að fást við sjúkdóma og e.t.v. meira að glíma við einkenni, en vantar meira að ná tökum á orsökunum. Það er ástæða til að spyrja, hvar er rótin í öllum þessum vanda sem við ræðum hér? Hvert getum við höggvið að rótum þess vanda sem við glíum við á þessu þingi og ógnar um alla veröld? Ég hef engin orð til þess að lýsa ánægju minni og blessun yfir öllu því sem gert er að lækna, bjarga og fyrirbyggja. Það er svo mikilsvært að um það finnst engin orð nógu góð. En hér kem ég að því, þar sem ég vík e.t.v. svolítið út fyrir þennan lagabálk, en það er sú hugsun sem ég vakti í hópnum mínum í dag. Ég held að við þyrftum að huga að því að rækta manninn, rækta mannver-

una. Ég á ekki við að við förum að eins og Hitler ætlaði að gera, rækta vissan kynstofn, það er ekki mín hugsun. Þið sjáið til vinir, rót málsins liggur ekki í áfenginu sjálfu, það er alveg ljóst mál. Það liggur ekki heldur í peningunum, sem við tölum alltaf um og vissulega eru peningarnir afl þeirra hluta sem gera skal, skv. spakmælinu.

Hér liggur ekki rót þessa vanda, hvorki í áfenginu sjálfu, né peningunum. Hún liggur í mannverunni sjálfri og það er á þeim grundvelli sem ég er að vekja athygli á því að við þurfum að rækta manninn og hvernig hugsa ég það? Ég hugsa það út frá því sjónarmiði sem við vitum að rætur mannverunnar liggja.

Ég frétti af heiðnum kynstofni í Afríku, sem hafði hann sið, þegar mæður skyldu fjölga þeim kynstofni, skyldi farið sérlega vel með þær. Þær skyldu ekki þrælka eins og konur gera þar yfirleitt. Þær skyldu vera vel aldar og vel á sig komnar áður en þær gerðust þungadár. Þetta gera heiðnir, sem við venjulega köllum fávísa menn. Hvers vegna hef ég ekki fengið neina skýringu á. En við vitum að rót mannverunnar liggur í frjóri og eggji, allt frá fyrstu tíð. Þar jafnvel eru öll grundvallarlögmál mannveru lífsins til staðar, í sínum lögmálum. Þess vegna byrjar ræktun mannsins þegar þar og við höfum oft spurt, hvers vegna fæðast hér vanskapningar og allt mögulegt afskræmlegt sem á annars að heita eðlilegt fóstur. Því geta lækarnir sjálfsagt svarað best. En við vitum að áhrif frá líkamsástandi þeirra sem skulu ala þessi fóstur, ráða þar miklu um, bæði um líkamlegt atgervi, hreysti og andlegt atgervi. Svo það þarf að rækta manninn þegar gengið er til virðingar mót lífinu sjálfu.

Af því að minnst var á, samanburð á milli reykingamála og vímuefnamála, get ég

upplýst, og er glaður að gera það, og það var einmitt nefnd starfsemi Krabbameinsfélags Reykjavíkur hjá síðasta ræðumanni, það eru nú einmitt 20 ár liðin, frá því ég hélt fyrsta námskeiðið fyrir fólk sem vildi hætta reykingum. Sá fjöldi er mikill og það var í gær, þegar við vorum á fundi, þá vék sér að mér kona sem þakkaði mér fyrir síðast og ég mundi nú ekki glögglega hvenær, sem sagði: „Nú eru 17 ár frá því þú kenndir mér að hætta að reykja og það hafa verið góðir dagar síðan.“ Í þessu námskeiðshaldi mínu, kærur vinur, get ég sagt ykkur og það eru staðreyndirnar sem liggja fyrir, hef ég notað öll tiltæk tæki, bæði í myndum, ritmáli og fræðslu, frá Krabbameinsfélaginu m.a., og alls staðar annars staðar frá, sýnt kvikmyndir og allt mögulegt af uppskurði og lækningum. En það er eitt sem hefur verið haldbest í þessu starfi og það tengist minni hugsun um að rækta manninn. Ekkert hefur vegið eins þungt hjá mínu námskeiðsfólki í að hætta reykingum, fólk sem hefur reykt allt frá hálfum þakka upp í hundræð sigarettur á dag, 40 vindla. Það hefur ekkert reynst eins sterkt í þessu máli eins og það sem ég hef alltaf lagt mesta áherslu á í þessum námskeiðum og það er gildi mannsins. Manngildið sjálft, sem hvorki verður vegið né metið í efnislægu mati, því það liggur langt þar fyrir ofan. Gildi mannsins og ég er viss um, ef þessum aðferðum sem beitt hefur verið gegn reykingunum og með þunga á gildi mannsins sjálf og dýrmæti persónunnar, sé beitt, þá vinnst baráttan gegn víninu og hinum eiturefnunum. Mér blandast ekki hugur um það ekki eitt andartak, því ég veit að þetta er örugg sigurveið.

Þá aftur að hinu sem hvílir svo þungt á mér, þetta með ræktun mannsins, þar er fordæmið þýðingarmest af öllu. Það fyrsta sem foreldrarir gera, er að fræða börnin sín og það er sjálf-sagt. En það fordæmi sem þau gefa, orkar öllum mismun í viðmóti, í snertingu, í fordæmi, í meðhöndlun allra mála. Og þegar ég minnst 40 ára skólamennskustarfs líf til baka og skoða liðna tíð, sannast fyrir mér það sem ég sagði á fyrsta eða öðru kennara- og skólastjórappinginu sem ég sat, að það eru engin takmörk fyrir því, hversu langt má komast með unglinga ef við tökum tíma fyrir þá og skiljum þá og erum tilbúin til þess að eyða tíma með þeim eins og þeir þurfa, hver og einn. Við hefðum aldrei átt að tala um unglingavandamál, við áttum að vera nógu hreinskilin við okkur sjálf og tala um vandamál fullorðinna, því börnin okkar og æskan

eru ekkert annað en það sem við höfum leitt þau til að vera, eða við höfum leiyt þeim að verða, eða þá skilið þeim eftir að verða sem foreldrar og uppallendur. Málið er eins alvarlegt og einfalt eins og það, þess vegna er þetta gamla spakmæli: „Grísir gjalda, en gömul svín valda“, alltaf sigilt og sannleiksgildi þess verður ekki breytt.

Svo að lokum, því ég veit að ég er búinn að tala lengur en ég má, en það sannast þá sem konan mín segir: „Þú talar alltaf of mikið.“ Og þegar ég fer að heiman til þess að halda námskeið eða prédika, eða halda fyrirlestur, þá er síðasta kveðjan frá henni þessi, þegar ég er kominn út í bíl: „Kiss“ og það þýðir á okkar fjölskyldumáli, því hún er Vestur-Íslendingur og við tölum oft ensku, „keep it short, stupid“.

Kærur vinur, ég lofa þetta þing og ég óska þess að það skili tíðöldum árangri miðað við þá málssníld, málsþunga, málspeki og hugsanafriðvígi sem hér hefur farið fram og þá bæti ég aðeins við lokaorðinu sem er kjarni allra mála, sem er persónuleg, óhagganleg sannfæring mín, kærur kristnu Íslendingar. Það vantar meiri kristindóm inn í þjóðmálin okkar, eða ætti ég að vera réttmætur. Það vantar meiri kristindóm inn í mitt persónulega líf. Það vantar meiri kristindóm inn í

anna og þá um leið heildarinnar. Þá skulum við vera viss um að við myndum sjá glæsilega sigra vinnast á siðferðilega sviðinu, fjármálasviðinu og vímvandamálasviðinu.

Þetta er mín óhagganlega sannfæring. Ég þakka fyrir þingið, fyrir góða fundarstjórn og árna allra heilla fram á vígvöllinn í vímvandamálunni.


Guðrún Agnarsdóttir:

Þakka þér fyrir Jón Hjörleifur. Það má greinilega gera ýmis skilaboð með kossun, en mér datt í hug þegar þú varst að ræða um ræktun mannsins og fóstrið, að ég sá varúðarmiða á vínflösku í Bandaríkjunum fyrir ári síðan og þar var einmitt bent á með tölu- legum staðreyndum, hver áhrif áfengisneysla þungaðrar konu getur haft á fóstur hennar. Ég sting þessu að nefndinni vegna þeirrar umræðu sem átti sér stað hér áðan í sambandi við auglýsingar og mörkingar á vínflöskum.


Árni Einarsson:

Það mætti vissulega hafa langt mál um þetta frumvarp allt, en ég ætla aðeins að hnykkja hér á einni grein, það er sú 31. Orð Sveins hér áðan ýttu aðeins við mér, þegar hann var að ræða um forvarnastarf og kom inn á skilgreiningu á því og spurði sem svo, hvað er ekki forvarnastarf ef t.d. meðferðin er ekki forvarnastarf. Þetta er út af fyrir sig allveg rétt, en við verðum þó að átta okkur á því, að það eru ákveðin stig í þessu forvarnastarfi. Við erum í fyrsta lagi að tala um eitt-hvert fyrsta stig, sem við höfum gjarnan

kallað hér á landi grunnvarnir og þar erum við fyrst og fremst að tala um upplýsingar og þær leiðir sem við höfum til að hafa áhrif á þá sem ekki eru farnir að neyta þessara efna. M.ö.o. við erum fyrst og fremst að tala um börn og unglinga í því sambandi. Í öðru lagi erum við með einhvers konar annað stig og ég vil kalla það ávanavarnir, þar sem við reynum að grípa inn í þegar neysla er komin af stað, án þess að fyrir liggja einhver skilgreinanleg eða viðvarandi vandamál. Ég vil nefna sem dæmi hér, af því að Guðrún vék aðeins að því áðan, t.d. upplýsingastarf til barnshafandi kvenna, um það hvaða áhrif áfengisneysla þeirra getur haft á fóstrið. Neysla þessara kvenna út af fyrir sig, þegar þær eru í annars konar ástandi, þarf ekki að



þjóðfélagið mitt. Það vantar meiri kristindóm inn í Alþingissalina okkar. Það vantar meiri kristindóm um alla veröld. Málið er í rauninni svo einfalt, eins og gullna reglan er einföld, eða tvöfalda eða tvíþætta kærleiksboðorðið er einfalt til að læra. Þarna liggur kjarninn til lausnar í öllum mannkynsvandamálum. Svo er annað hitt að í öllu bókaflóði heimsins er ein bók sem er metsölubók allra tíma, en e.t.v. almennt minna lesin en aðrar bækur. Þar liggja samt öll þessi vísindi allra mála fyrir þúsundum ára og m.a. þessi sem spekingurinn segir: „Glatt hjarta er góð heilsubót, en dapurt geð skrálið beinin.“ Þannig er speki kristindómsins tiltæk á öllum sviðum og ég myndi óska þess að sá þátturinn gæti náð sterkari tökum í lífi einstakling-



skapa neitt sérstakt vandamál, eða valda neinum sérstökum skaða. En fari það saman við það ástand sem þær eru í á þessum tíma, þá erum við að tala um allt annan hlut. Í þriðja lagi erum við síðan með lækstigið, sem ég vil kalla neyðarvarnir og þar vil ég fella undir meðferð og ýmsar aðrar leiðir sem gripið er til þegar allt annað hefur þrotið og fólk er meira að segja þar til viðbótar „tekið úr umferð“ með einhverjum hætti sem er lokastigið.

Í framhaldi af þessum vangaveltum mínum um þessa skilgreiningu held ég að 31. greinin þurfi að vera ljós, vegna þess að við tökum á þessum málaflokki ákaflega víða. Það er sagt hér í lið 1 í 31. greininni, að það eigi að verja 2/100 af brúttósölunni, og var nefnd hér talan 100 milljónir áðan. Síðan er sagt hér í öðrum lið, að það sé heimilt að verja allt að helming þess fjár til uppbyggingar og endurbóta stofnana sem stunda áfengis- og vímuefnavarnir. Þetta er ákaflega fjárfrekur liður í okkar forvarnastarfi. Því ég vil halda mig við að þetta sé ein heild og ég er ekki í nokkrum vafa um, að þessi þáttur hlýtur alltaf að taka þennan hluta til sín, vegna þess að þarna vantar alltaf fé. Þá er kannski ekki orðið ýkja mikið til skiptanna ef maður lítur á þetta frumvarp og sér allar þær væntingar sem eru gerðar hér til forvarnastarfsins. Ég held að áður en þetta fer endanlega í gegn, þurfi að gera hreint fyrir þessum dyrum. Láta liggja bókstaflega fyrir í hvað þessi upphæð eigi að fara og ég held að meðferðinni og þriðja stiginu eigi að halda utan við þetta. Okkur veitir ekkert af þessum 100 milljónum og mætti þess vegna vera meira, ef við ætlum okkur virkilega að taka á þessu, því við verðum jú að byrja á byrjuninni.

Kosturinn við forvarnastarfið, kosturinn við það að vinna vel á fyrsta stiginu er sá, að við náum strax í upphafi til svo margra og þegar upp er staðið er það besta fjárfestingin. Það er ódýrasti kosturinn og þar eigum við ekki að spara og alls ekki að vera að klippa með þessum hætti sem hér er gert og ég er alls ekki að segja að þetta sé illa meint, en við drögum úr áherslunni sem annars staðar kemur fram í þessum lögum. Annars þakka

ég fyrir þessa prýðilegu samkomu. Það er ákaflega ánægjulegt fyrir mig að sjá í fyrsta skipti svona breiddan hóp taka á þessu máli og það er virkilegt fagnaðarefni.

Ólafur Ólafsson:

Það barst hér talið að svokölluðu lækna-dópi og menn telja, að lækarnir séu stærstu dópsalarnir. Þetta er náttúrulega hrikalegt að heyra svona tal. Við skulum hafa eitt hugfast. Þau lyf sem hér er um fjallað eru róandi geðlyf.

Það verður að segjast algveg eins og er horfi menn aðeins aftur, að það ríkti mikil trú upphaflega á þessi lyf þegar þau komu fram upp úr 1950–60. Trúlega vegna þess að þessi nýju lyf gerbreyttu lífi margra manna, sjúklinga, sem áður höfðu þurft að vistast á geðdeildum árum saman og guð má vita hve lengi. Fólk fór að útskrifast í mun ríkara mæli. Stundum hafa menn sagt það, kannski ég vitni bara í Tómas vin minn, að hér fyrir um 30–40 árum, hafi um 90% af þeim geðsjúku verið inni á sjúkrahúsum en 10% úti. Nú hefur þetta algjörlega snúist við. Það þýðir aftur á móti, að við lifum á erfiðari tímum. Það eru fleiri úti sem eiga við vandamál að stríða. Þetta fólk þarf margt lyf.

Það er nú svo að það hefur dregið mikið úr magni þessara lyfja eins og við höfum sýnt fram á í mörgum skýrslum, en það má vera að sumir lækna hafi varðveitt trú sína á þessi lyf. Eigi að síður er það nú svo, að í dag er fólk á götunni, sjúklingar, sem hvergi eiga athvarf nema hjá lögreglunni. Hvar á þetta fólk að vera?

Meðan við erum ekki komin á það stig, að við látum fólk liggja á götunni, þá verðum við að gera eitthvað. Síðan vil ég benda á það að öll lyf eru ekki svo slæm og öll lyfjameðferð er ekki bara uppfinning vissrar persónu. Ég veit um nokkurn hóp af fólki sem hefur verið á stórum skömmtum af lyfjum í áratugi og hefur getað starfað, fjölskyldu sinni og samfélagi til góðs. Margt hefur verið reynt að venja þetta fólk af þessum stóru lyfjaskömmtum, sem eru þannig að tandurhreinir sérfræðingar blikna. Það hefur ekki

gengið, jafnvel þótt þarna hafi komið til hvað eftir annað geðlækna, sem hafa virkilega kunnað að til sinna verka. Þegar lyfin hafa verið tekin af þessu fólki hefur það beðið slíkt skipbrot, að menn hafi ekki lagt í að gera það aftur. Hvað á að gera við þetta fólk?

Síðan vil ég benda á það, að það læknastræði ekki allir. Segjum að SÁÁ og Ríkisspítölunum takist að lækna 30–50%, hvað verður þá um hina? Sumir læknastræði og aðrir læknastræði ekki og hverjir sjá svo um þá. Það er náttúrulega fjölskyldan, lækarnir og lögreglan.

Svo vil ég að síðustu ávarpa ykkur, ágæta, vammausa og hreinlifa fólk. Til er fólk sem hvorki getur lifað né dáíð, en það er ekki inni í þessum sal.

Guðrún Agnarsdóttir:

Þakka þér fyrir, Ólafur. Ég hygg nú, að Gissur hafi átt við þá lækna sem skrifa óvarlega lyfin og ég veit að landlæknir hefur reynt að hemja það eins og hægt er, án þess að ég ætli að tala fyrir hönd Gissurar.

Ingólfur Guðmundsson:

Í fyrsta lagi óska ég heilbrigðisráðherra og samstarfsmönnum hans góðs gengis með þetta frumvarp og held að það sé í anda ráðstefnunnar að sýna hófsemi á lengd lagatextans og fjölda ákvæðanna sem skal lögbjóða. Hvað sem líður hans trausti, eða þeirra á núverandi alþingismönnum, verð ég a.m.k. að láta þá skoðun í ljós að ég ber ekki ótakmarkað traust til þeirra varðandi umfjöllun á efnunum sem eru mjög nákvæm og þeir telja sig hafa vit á. Kannski líklegra að þeir telji sig hafa vit á hlutunum eftir því sem þeir eru nákvæmari og smásmugulegri og skipta kannski minna máli í raun og veru. Vona ég að þeim takist að fleyta í gegn megin hugmyndunum um landsráð sem hefur víðtækt verkefni, hvort sem það heitir áfengis- og fíknivarnir eða vímuefnarnir. Mér liggur við að segja í ljósi orða landlæknis væri kannski rétt að hafa það fíknivarnir, því það virðist vera nauðsynlegt að hafa vímu af ýmsu tagi og varla ástæða til að vara við henni einhliða, alls konar vímu. En a.m.k. var fíknivarnir valið á sínum tíma í Menntamálaráðuneytinu þegar við fjölluðum um þessi mál og þá kem ég að menntunarbættinum. Í fyrsta lagi vil ég harna að menntamálaráðherra virðist ekki eiga mikinn þátt í þessari ráðstefnu, hverjum sem það er að kenna, en vonandi að þeir taki vel á, þar sem þeim er ætlað ákveðið rúm í landsráðinu og vonandi að þeir taki þá á því. En fyrir alla muni reynið að lögbjóða sem allra minnst af aðferðum, kennsluáðferðum og slíku.

Ég held að það sé til bóta að blanda ekki tóbaksvörnunum inn í þetta og ennfremur að blanda ekki kynfræðslunni inn í þetta. En þessi þrjú svið eru býsna nærri hvert öðru og það eiga við sameiginlegar aðferðir í sumu

Þessu og aðalvandinn er sameiginlegur, það er hópprýstingurinn. Hópprýstingurinn er megin vandinn í þessu máli, að mínum skilningi. En því miður getum við ekki lögbóðið þær aðferðir sem eru heppilegastar og árangursríkastar. Þið kunið að vera tilbúnir að lögbjóða meðferð en það er ekki hægt og það gengur ekki að lögbjóða þær aðferðir sem gilda í hópprýstingi, til að æfa menn í hópprýstingsviðnámi. En þetta er reynt í Lions Questefninu. En ég held að það sé alveg á mörkunum að það gangi í okkar menntunarkerfi að hafa svona árangursríkar æfingar í hópprýstivörnum. Þetta á náttúrulega líka við um tóbakið og kynfræðsluna og það efni sem er nýlega komið út á vegum Námsgagnastofnunar og Heilbrigðisráðuneytisins um kynfræðslu og byggir að verulegu leyti á því að segja nei á réttum tíma. Ég ætla bara aðeins til gamans og alvöru að minna á það, að tóbakið er þó ónáttúrulegt að því leyti, að það er ekki venjuleg leið að næra sig í gegnum nefið, eða nösina, eða í vörina, en það er þó náttúruleg leið að drekka, við þurfum öll að drekka. Það er bara spurning hvað við drekkum og hve mikið. En allra jákvæðust er kynneyslan og fyrir alla muni megum við ekki fara að gera hana neikvæða. Hún er í þjónustu lífsins og verður að vera. Sama gildir einnig um þessar varnir, þær eiga að vera umfram allt í þjónustu lífsins, þannig að vaka verði víta vörn og gangi ykkur vel.

Pétur Heimisson:

Það kom aðeins fram í morgun og það hefur líka komið fram hér á göngum, að áfengið hefur öðlast einhvers konar goðasess. Það er vaxandi t.d. að það tilheyri því að fagna sigri í íþróttum að skvetta í sig. Ég myndi vilja beina því til hævirts ráðherra hér sem fulltrúa ríkisstjórnarinnar, að ríkisstjórnin taki sér verulegt fordæmishlutverk og kennarahlutverk í þessu sambandi, með því að leika eftir það sem ágætur Austfirðingur og Mjófirðingur, Vilhjálmur Hjálmarsson, fyrrverandi ráðherra, gerði, að veita ekki vín, heldur vatn í veislum.


Guðrún Agnarsdóttir:

Þakka þér fyrir Pétur. eru fleiri sem vilja koma með ábendingar, hugleiðingar, fyrirspurnir, athugasemdir eða vilja menn hlusta á samantekt, og fara síðan heim og lífa vammlausu lífinu? Ef svo er ekki, ætla ég að biðja Ingimar Sigurðsson að gefa okkur hér smá samantekt en áður ætlar heilbrigðisráðherra að segja nokkur orð.

Sighvatur Björgvinsson:

Ágætu fundargestir.

Ég hafði ákveðið og áformað að vera með ykkur í allan dag til þess að geta unnið það sem ég átti að gera hér á þessari ráðstefnu og gefa yfirlit í lokin um það sem hér hefur gerst. Því miður get það ekki orðið. Það var boðað



ur ríkisstjórnar fundur kl. 9 í morgun og honum lauk kl. 15, svo ég komst ekki fyrr.

Ég vil þó aðeins, áður en ég gef Ingimar orðið, sem ég hef beðið að taka saman það sem hér hefur gerst og komið fram á ráðstefnunni, láta í ljós nokkur atriði sem mér komu í hug. Það var um fjögur meginatriði sem voru tilgangurinn með þessari ráðstefnu. Það var í fyrsta lagi að skapa sameiginlegan vettvang allra þessa aðila í þessu landi, einstaklinga, stofnana og félagasamtaka, sem vinna að áfengis- og vímuefnavörnum og meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga. Í öðru lagi að gefa þessu aðilum tækifæri til þess að kynna sín störf og kynnast öðrum. Í þriðja að gera þessum aðilum kleift að hafa áhrif á lagasmíð á vegum ráðuneytisins, áður en endanlega væri frá frumvarpstextanum gengið og fjórða lagi var það tilgangur þessarar ráðstefnu að leggja grundvöllinn að áframhaldandi samstarfi þessara aðila og vekja áhuga með þjóðinni á því starfi sem þeir eru að vinna. Ég tel að þetta hafi tekist mjög vel, þannig að ráðstefnan hafi náð öllum þessum fjórþætta tilgangi sínum. Við Íslendingar höfum unnið mjög merkilegt starf í forvörnum og meðferð. Tóbaksvarnarstarfið hefur skilað okkur miklum árangri og menn hafa stundað miklu meiri rannsóknir á því sviði, heldur en kannski allur almenningur veit um.

Mér kemur það í hug núna, en það eru u.þ.b. 15 ár síðan ég hætti að reykja að ég fékk ábendingar frá ýmsum aðilum, langt bréf frá vini mínum, Þórði á Látrum. Hann sagði mér frá því að löngu, löngu áður en menn fóru almennt að tala um skaðsemi reykjara, hafi hann orðið þess áskynja, eftir lestur erlendra tímarita og blaða, að það að reykja væri ekki sá besti siður sem menn gætu tileinkað sér. Hann tók þá ákvörðun að hefja rannsókn á þessu sjálfur. Rannsóknin var bundin við það, að hann tók sér 10 ár. Hann ætlaði að hætta að reykja ávallt á sumardaginn fyrsta og byrja svo aftur fyrsta vetrardag. Gera þetta í 10 ár og fara reglulega á sjúkrahúsið á Patreksfirði og láta mæla í sér blóðþrýsting og taka af sér blóðsýni og skoða

heilsufar. Hann sagði mér í bréfinu að það hefði verið ansi erfitt fyrir sig, síðustu 2-3 árin, að byrja að reykja aftur á fyrsta vetrardegi, en hann hefði þó látið sig hafa það í nafni vísindanna, því hann hefði verið staðráðinn í því að ljúka þessari rannsókn sinni.

Tækifærið sem við erum að nota hér í Heilbrigðisráðuneytinu, þegar allir þessir aðilar sem hafa þekkingu á þeim vanda sem við er að fást eru komnir saman er, að fá ábendingar frá ykkur, áður en við ljúkum endanlegri frumvarpssmíð og áður en við tökum ákvörðun um það, hvernig við leggjum málið fyrir ríkisstjórnina. Allar þær ábendingar sem hér koma fram munu verða teknar til sérstakrar skoðunar, hvert orð sem hefur verið sagt á þessari ráðstefnu, hefur verið tekið upp á segulband. Við munum ganga frá því öllu sem hér hefur verið sagt og gert í skriflegu formi og senda það til allra þátttakenda í þessari ráðstefnu. Ég mun einnig óska eftir því við nefndina sem vinnur að frumvarpinu, að öll þau atriði sem hér hafa komið fram, verði tekin til skoðunar og ég er sannfærður um, að ýmsar ábendingar sem hér hafa komið, þótt ég hafi ekki getað hlustað á nema lítinn hluta þeirra greinargerða sem gefnar voru hér í dag, muni verða teknar til sérstakrar skoðunar hjá nefndinni.

Það er auðvitað rétt, að það er ekki alltaf svo að þeir sem við með valdið fara í þjóðfélaginu, byggja á þekkingunni eins vel og ástæða væri til. Kemur sjálfsgagt mörgum það nokkuð á óvart að heyra það úr þessum munni, en það er engu að síður staðreynd, að allar aðgerðir stjórnvalda eru ekki alltaf byggðar á sem bestum þekkingarlegum grunni. Mér kemur í hug, að ég las nýlega reglugerð sem gefin var út í Samgönguráðuneytinu um kröfur sem gerðar eru til skipstjórnarmanna. Þar kemur m.a. fram að gert er ráð fyrir því að skipstjórnarmenn skuli undirgangast læknisskoðun reglulega, þar sem m.a. fari fram mæling á sjón og heyrn. Í reglugerðinni segir, að sætti skipstjórnarmaður sig ekki við úrskurð læknis geti hann óskað eftir úrskurði samgöngumálaráðherra.

Pannig grundvallast nú ekki allar ráðstafanir stjórnvalda á því, að menn virði þekkinguna til hlítar.

Pá er einnig alveg rétt sem bent hefur verið á, að stjórnvöld hneigjast oft til þess að ætla að setja nokkuð stífa ramma, þar sem ekki er nú mikið traust sett á þá sem eiga að framkvæmd verkið og ekki gefið mikið svigrúm fyrir þá sem eiga að vinna verkin til að laga sig að breyttum kröfum með breyttum tíma, eins og prófessor Tómas Helgason lagði áherslu á hér áðan. Ég þekki líka margar slíkar stjórnvaldsákvarðanir. Mér kemur til dæmis í hug, fyrst við erum að ræða það, nýleg reglugerð sem ég las, sem gefin er út í Landbúnaðarráðuneytinu, um jarðrækt. Þar er það t.d. sérstaklega tekið fram, að því aðeins skuli vatnsveituframkvæmdir til áveitna taldar styrkhæfar, að leiðslan nái að þeim stað þar sem vökva á og hinn endinn endi í krana. Og það einnig tekið sérstaklega fram, að til þess að skurðir teljist styrkhæfir, þá verði flái þeirra að vera 1% en þó sé heimilt að laga það að aðstæðum.

Menn mega líka varast, þegar þeir setja lög og reglugerðir, að blekkja sjálfa sig. Mér kemur líka í hug nýleg reglugerð sem ég las í þeim efnunum. Sú reglugerð laut að alifuglabúum og þar var tekið fram, að því aðeins sé heimilt að sleppa ketti lausum í alifuglabú, að köttur sé vandlega merktur búinu. Pannig eiga þær ábendingar sem hér hafa komið um að stjórnvöld, þrátt fyrir góðan vilja, skuli varast að skipa mönnum of þröngan bás, fullan rétt á sér.

Ég ætla ekki að segja meira að þessu sinni, en bið Ingimar Sigurðsson að ganga í verkið fyrir mig. Það er oft að starfsmenn ráðuneyta þurfa að ganga í verkin fyrir ráðherra, það þurfa þeir að gera t.d. núna og ég ætla að biðja Ingimar að gera grein fyrir því, sem hann hefur tekið saman, yfirlit um athugasemdir á ráðstefnunni.

Ingimar Sigurðsson:

Ráðherra, ráðstefnustjórn, góðir fundarmenn.

Ég ætla fyrst og fremst að draga saman þær niðurstöður, sem mér sýnast markverðastar og snerta frumvarpið, vegna þess veganestis sem við höfum fengið frá ykkur. Við stefnum að því að skila nýju frumvarpi til ráðherra um miðjan janúar.

Ég verð að segja eins og er, að ég skynja niðurstöður ráðstefnunnar í þá veru, að þær séu stuðningur við þetta frumvarp, þ.e.a.s. við megin markmið frumvarpsins. Ég átti von á töluverðri gagnrýni og það hefur komið fram gagnrýni, því er ekki að neita. Hún hefur í fyrsta lagi beinst að því, að við höfum ekki gengið nógu langt og í öðru lagi að við höfum gengið of langt.

Ég vil taka fram að þessa gagnrýni þurftum við að glíma við á umsagnarstigi eins og prófessor Tómas Helgason kom réttilega inn á, þannig að hún kom ekki á óvart.

Ég vil taka það fram, í sambandi við tillögu Tómasar um annan kafla, varðandi stjórn Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins, þá hefur það atriði komið mjög til umræðu í nefndinni

og ég er hrifinn af þessari hugmynd og tillögu og vænti þess að Tómas rétti mér hana hér, svo við getum tekið hana inn í frumvarpið. Staðreyndin er hins vegar sú, að við höfum takmarkað valdsvið í þessari nefnd og okkur var raunverulega ekki falið að fjalla um önnur atriði, en sem snerta starfsemi Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis, þ.e.a.s. heilbrigðismálalátt þessa vandamáls. Hins vegar sjáið þið þess víða stað í frumvarpinu, að við víkjum aðeins af leið, en það gerum við af brýnni nauðsyn. Pannig tel ég ekkert því til fyrirstöðu, að fenginni einróma niðurstöðu þessa fundar, að við tökum á þessu máli eins og það snertir Áfengis- og tóbaksverslunina og ég vil taka það fram, að í löndum sem búa við svipað fyrirkomulag áfengissölu, eins og Finnland gerir, er slík stjórn við störf og hefur með að gera yfirstjórn á þeirri starfsemi sem fer fram í Finnlandi, bæði í sambandi við dreifinguna og eins í sambandi við áfengisgerðina.

Það var farið í hóp 1 inn á nokkur atriði varðandi markmið, gildissvið og stjórnun þessara mála og ég get verið sammála öllu sem þar kom fram. Ég vil hins vegar geta þess í sambandi við skipun framkvæmdastjóra, vegna þess sem kom fram í máli Rannveigar, að það væri óþekkt að bundið væri lögum að menn væru skipaðir til sex ára, að það er ekki rétt. Það er í mörgum lögum ákvæði um það, að framkvæmdastjórnar ýmis konar starfsemi skuli skipaðir tímabundið. Ég nefni Hollustuvernd ríkisins og Vinnueftirlit ríkisins. Ekki er því um nýmæli að ræða. Við vitum að æskilegt er að töluverð hreyfing sé á mönnum í svona starfi. Hins vegar liggur alveg ljóst fyrir að það má ráða slíkan aðila með venjulegum ráðningarsamningi með gagnkvæmum 3ja mánaða uppsagnarfresti, ef menn vilja hafa þann háttinn á.

Það kom fram í máli Gylfa Pálssonar, að hér væri um þykkan bunka að ræða, þykka lagasetningu. Það liggur alveg ljóst fyrir að þetta eru nokkuð mörg prentuð blöð. Frumvarpið sjálft er ekki svo langt, aðeins 11–12 síður og það telst í sjálfu sér ekkert afrek. Hins vegar er greinagerðin með þessu frumvarpi löng, og það er af hinu góða. Þegar við vorum að vinna að tóbaksvarnafrumvarpi hér á árum áður, vorum við sérstaklega beðin um að gera ítarlega grein fyrir því sem þar væri verið að leggja til. Það voru alþingismenn sem báðu um það og ég hef þá trú að alþingismenn hafi mikið gagn og fróðleik út úr þessu og að jafnvel megi nota þetta sem uppláttarrit við kennslu. Ég tel það af hinu góða að reyna að gera þessu einu sinni almennileg skil á einum stað. Sá er að minnsta kosti tilgangurinn sem fyrir okkur vakir.


Ég vil taka það fram, í framhaldi af orðum Gylfa, því fræðsla var kannski sá þáttur, sem við nefndarmenn höfðum minnst vit á, að vissulega hefði verið æskilegt að hafa fulltrúa Menntamálaráðuneytisins í þessari nefnd. Hins vegar sendum við drögin til allra fræðslustjóra og fyrrverandi menntamálaráðherra, eins og ég gat um í gær, sem kom með persónulegar ábendingar til okkar, sem er harla óvenjulegt því ég minnst þess ekki að ráðherrar hafi áður sent okkur persónulegt

álit þegar verið er að fjalla um mál eins og þessi. Ég tel því að við höfum haft nán samráð og nána samvinnu við Menntamálaráðuneytið. Fræðslustjórnarnir höfðu allir tækifæri á því að koma sínum sjónarmiðum á framfæri og gerðu það sumir og þau atriði sem mest eru gagnrýnd hér eru frá fræðslustjórn komin. Þau eru því ekkert einkamál okkar nefndarmanna.

Það var fjallað töluvert um vímuvarnasjóð og þau 2% sem eiga að fara í hann. Samkvæmt mínum útreikningum eiga þessi 2% að gefa, miðað við áfengissölu á síðasta ári, um 150 milljónir. Þó það fari upp undir helmingur í meðferðarstofnanir og viðhald þeirra eignum við þó eftir 70–80 milljónir og það er risastökk frá þeim upphæðum sem við höfum í dag. Það er ekki ætlast til þess að úr þessum sjóði verði kostuð meðferð. Það er heldur ekki ætlast til þess að úr þessum sjóði verði kostuð fræðsla, a.m.k. ekki í grunnskólum. Það hlýtur að vera skylda grunnskólanna að taka á þeim málum. Hins vegar fer almennt fræðsla og ýmislegt sem henni tengist á þennan sjóð. Að fengnum þessum ábendingum ykkar og ýmis konar hugleiðingum um hvað eigi raunverulega að gera við sjóðinn og hvernig eigi að ráðstafa úr honum, munum við vitanlega reyna að gera okkur gleggri mynd af málinu. Hér er ekki um að ræða endanlega niðurstöðu fremur en um annað í frumvarpsdrögum.

Varðandi fræðslustarfsemina vil ég taka það fram, að í þessu frumvarpi förum við ítarlegar í sum atriði en önnur. En af hverju gerum við það? Einfaldlega vegna þess að við sjáum fram á, að það eru ýmis konar heimildarákvæði í lögum, út um hvippinn og hvappinn, sem hafa ekkert upp á sig, vegna þess að þau eru ekki framkvæmd, því þau eru ekki nógu skýr og skorinorð. Við erum einfaldlega að leggja hér til, að verkið verði unnið. Við teljum að það þurfi að njörva þetta niður. Ég verð að segja, að mér virðist það nokkuð táknræmt um starfsemina á vegum fræðsluyfirvalda, að þeim lagaákvæðum sem liggja til grundvallar, hefur ekki verið beitt. Ef okkur tekst hins vegar að byggja á rammalögum þá er það vel en því miður, það hefur ekki tekist í öllum tilvikum. Ég get nefnt ykkur lýsandi dæmi sem við höfum í Heilbrigðisráðuneytinu. Við erum með heilbrigðisþjónustulög, sem eru rammalög að hluta til gagnvart sjúkrahúsum en síðan mjög afmarkandi gagnvart heilsugæslu. Það er gert ráð fyrir því að um sjúkrahús verði kveðið í reglugerð. Þetta er búið að vera í lögum frá 1973. Heilsugæslan er mjög vel skipulögð, nákvæmlega samkvæmt lögum. Þið vitið hvers konar öfremdarástund ríkir í sambandi við samstjórn sjúkrahúsa, það er m.a. vegna þess að lögin eru ekki nægilega skýr.

Ég vil geta þess í sambandi við 19. grein, að við erum ekki með þessu að banna öðrum meðferð en þar eru taldir upp. Við ætlumst hins vegar til þess, að þeir sem fást við meðferð séu með leyfi til þess, hafi lækningaleyfi, enda er gert ráð fyrir því í lögum um heilbrigðisþjónustu, en við skírskotum til þeirra laga í þessu frumvarpi. Það hefur verið talið nægjanlegt að menn legðu fram lækninga-



leyfi og það væri sama og leyfi til þess að reka, ekki bara lækningastarfsemi heldur og að starfa sem læknir eða meðferðaraðili.

Það urðu töluverðar umræður um meðferðarkafli en það er sá kafli sem hefur einna mest vafist fyrir okkur. Þið heyrðið að það eru mjög skiptar skoðanir um, hvort eigi yfirleitt að vera að fást við slíkt innan laga. Tómas hefur sína skoðun og Ólafur Ólafsson hefur sína skoðun. Við erum þeirrar skoðunar í nefndinni og við teljum ekki að hún hafi verið hrakin, að ef við ætlum að ná stjórn á þessum málum, í þeim anda sem Óttar Guðmundsson var að lýsa, þurfi stjórnvöld að henda reiður á því sem þarna fer fram. Það er hvergi tekið fram í þessu frumvarpi hvernig meðferðin sjálf eigi að fara fram, heldur eingöngu verið að lýsa ferlinu. Þetta byggist á því að við ætlum öllum þessum stofnunum að vera með ný starfsleyfi frá og með 1995, þar sem tekið sé fram við hvaða viðfangsefni þær fáiast. Það er enginn að segja að þær með sé verið að kippa botninum undan stofnunum.

Ég vil taka það fram að í gildi eru fjöldi laga um einstaka sjúkdóma, þannig að við erum ekki að taka áfengissýkina hér, eða vímuefnasýkina, sérstaklega út úr. Við erum aðeins með lög í þeim tilvikum, þar sem við höfum sérstaklega þurft að ráðast gegn ákveðnum vandamálum og það er það sem við erum að gera í þessu frumvarpi. Það ber nauðsyn til að koma þessu í góðar skorður.

Ýmis önnur atriði mætti drepa á hér, en ég ætla ekki að fara náið út í þau. Við eigum eftir að fá þetta allt til frekari umfjöllunar og munum síðan leggja nýtt frumvarp fyrir ráðherrann í fyllingu tímans.

Mér þykir leitt að ekki skuli hafa gefist tækifæri til að leggja frumvarpið fram fyrir eins og Lára Halla Maack kom inn á. Vissulega hefði verið æskilegt að þið hefðuð haft þetta til umfjöllunar í vikutíma, enda er ég viss um að margt í athugasemdum og skýringum mun betur gera ykkur grein fyrir þeirri hugsun sem að baki hvílir. Og þið munuð fá mörg svör þegar þið farið að lesa athugasemdir, sérstaklega athugasemdir við einstaka greinar.

Að þessum orðum mæltum vil ég leyfa mér að þakka fyrir þessa ráðstefnu. Ég vil

þakka samstarfsmönnum mínum sérstaklega fyrir samstarfið og ráðherra fyrir það að ráðast í þetta stórvirki, því það var gert með til-tölulega stuttum fyrirvara. Við hefðum kannski þurft svolítið lengri tíma, en það er nú svo með okkur Íslendinga að við afrekum yfirleitt alltaf mest þegar tíminn er sem stytstur.

Ég vænti þess að þið fáið í hendurnar frumvarpið þegar verður búið að ganga frá því og getið síðan, ef þið viljið, komið frekari ábendingum til okkar nefndarmanna.

Ég vænti þess að þessi ráðstefna sé aðeins upphafið og við hittumst aftur fyrir 1995 til að ræða meðferðarmálin en samkvæmt frumvarpinu skal gefa út ný starfsleyfi til meðferðaraðila fyrir þann tíma.

Kærar þakkar og góða heimferð.

Guðrún Agnarsdóttir:

Kristinn T. Haraldsson ætlar að fá að segja hér nokkur orð í lokin áður en ráðherra slítur ráðstefnunni. Hann hefur verið mjög ötull við undirbúning ráðstefnunnar.

Kristinn T. Haraldsson:

Háttvirta samkoma.

Það var ekki auðvelt að undirbúa þessa ráðstefnu þótt ég hefði af því bæði gagn og gaman en vinnan var mikil. Það sem mér finnst þó mestu máli skipta er málefnið sjálft og ég er þakklátur fyrir það að hafa fengið að taka þátt í undirbúningi ráðstefnunnar, sérstaklega þar sem þetta er ekki ráðstefna sem er bara tal og síðan fara menn heim, heldur mun hún skila árangri og það kemur niðurstaða eftir hana. Ég er mjög þakklátur fyrir það að þeir sem ég hef haft samband við hafa tekið vel í það að koma, og ég hef fengið mjög góðar undirtektir og fólk hefur sýnt góðan vilja. Ég veit það fyrir víst að þetta er bara upphafið að stórum bolta sem við erum að byrja að velta á undan okkur. Svo vil ég þakka fyrir.

Guðrún Agnarsdóttir:

Aðeins í lokin, áður en ég gef ráðherra orðið til að slíta ráðstefnunni, vil ég geta þess að

mér finnst það augljóst af því hversu þessi ráðstefna hefur verið fjölmenn og þátttaka góð og menn hafa verið áhugasamir og vinnusamir, að þetta er mál sem knýr á og fólk finnst mikilvægt og vill leita lausna, bæði í forvarna- eða björgunaraðgerðum svo og í meðferð. Mér finnst þau vinnubrögð til fyrirmyndar og mættu vera oftar tíðkuð að bera stefnumótun undir sem flesta, sérstaklega þá sem málin varða, þannig að þeir fái í raun að koma að því að móta stefnu í málunum. Ráðstefnugestir, lesið athugasemdir frumvarpsins þegar þið komið heim. Nefndin mun lesa athugasemdir ykkar þegar hún fer að vinna.

Ég þakka fyrir góða fundarsetu og fyrir ráðstefnuna og gef heilbrigðisráðherra orðið.

Sighvatur Björgvinsson:

Ráðstefnustjóri, góðir ráðstefnugestir.

Ég hef ákaflega litlu við það að bæta sem ráðstefnustjóri sagði hér áðan. Þessi ráðstefna hefur verið skipulögð á einum mánuði og það sýnir hversu mikill áhugi er fyrir þessum málefnum í samfélaginu, að á aðeins á þeim tíma tókst að skipuleggja jafn glæsilega ráðstefnu og hér hefur verið haldin. Aðeins boðuðu fjórir af þeim sem leitað var til föföll. Og það komu hingað mun fleiri heldur en bara boðsgestir, því áhugi fólks var það mikill að fjölda margir tóku þátt í ráðstefnunni sem ekki höfðu gert boð á undan sér. Um 200 manns sátu á ráðstefnunni gær og yfir 150 manns í morgun.

Ég vona að þetta sé aðeins fyrsta skrefið sem við tökum hér. Ég vona að við getum notað tækifærið síðar til þess að hittast og það væri ástæða til þess, eins og Ingimar var að ræða um hér áðan, að gera það a.m.k. fyrir árið 1995, þegar til stendur að gefa út meðferðarleyfi til þeirra stofnana sem munu sinna meðferð áfengis- og fíkniefnasjúklinga. Þá væri gott að ræða reynsluna af því frumvarpi, sem þá verður væntanlega orðið að lögum fyrir nokkru síðan og fengist hefði reynsla á. Einnig að við ræddum í meira mæli heldur en okkur hefur gefst tími til hér meðferðastofnanimar sem eru margar og margvíslegar, reynsluna af starfsemi þeirra og hvernig við getum áfram haldið að byggja upp meðferð fyrir áfengis- og fíkniefnasjúklinga og hvernig við getum staðið betur að forvarnastarfi heldur en við höfum þó gert.

Ég óska ykkur öllum til hamingju með þessa ráðstefnu. Hún hefur verið glæsileg. Ég vil sérstaklega þakka aftur öllu því fólk sem hefur unnið að því að þessi ráðstefna var möguleg. Ég þakka þeim sem sömdu frumvarpið sem hefur verið fjallað um hér. Ég þakka undirbúningsnefndinni sem vann það þrekvirki á rúmum fjórum vikum að skipuleggja þessa glæsilegu ráðstefnu. Ég þakka ráðstefnustjóranum og ég þakka frummælendum hér, þeim sem að tóku þátt í pallborðsumræðum svo og þeim sem stjórnuðu hóp-vinnu. Ég þakka ykkur öllum fyrir þá hlutdeild ykkar í því starfi sem hér hefur farið fram.

Ég óska ykkur alls hins besta og velfarnaðar í framtíðinni. Þessari ráðstefnu er slitið.

Ráðstefna

um mótun framtíðarstefnu í vímuefnavörnum

**haldin í Borgartúni 6, Reykjavík, dagana 29. og
30. nóvember 1991.**

Heiðursgestur: Frú Vigdís Fnnbogadóttir, forseti Íslands.

Ráðstefnustjóri: Guðrún Agnarsdóttir, læknir.

Föstudagurinn 29. nóvember 1991.

- Kl. 13.00** Skráning og afhending ráðstefnugagna
- Kl. 13.30** Ingimar Sigurðsson, formaður áfengisvarnalaganefndar, býður gesti velkomna og afhendir ráðstefnustjóra fundarstjórn
- Kl. 13.35** **Frumvarp til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir kynnt.**
Sighvatur Björgvinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra
- Kl. 14.05** **Ólögleg vímuefni á Íslandi.**
Ari Edwald, aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra
- Kl. 14.20** **Framkvæmd gildandi laga er varða áfenfi og önnur vímuefni. Áfengisvarnarlög.**
Ólafur Haukur Árnason, áfengisvarnaráðunautur.
Ávana og fíkniefnalög.
Hermann Guðmundsson, lögfræðingur hjá ríkistollstjóraembættinu.
Lögræðislög og lög um ölvaða menn og drykkjusjúka.
Böðvar Bragason, lögreglustjóri.
Lög um vernd barna og unglinga.
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur Barnaverndarráðs
- Kl. 15.10** **Meðferð og rannsóknir.**
Tómas Helgason, yfirlæknir Geðdeildar Landspítalans.
Óttar Guðmundsson, læknir, Guðbjörn Björnsson, læknir frá SÁÁ
- Kl. 15.40** Kaffihlé og raðað í vinnuhópa
- Kl. 16.10** Pallborðsumræður, stjórnandi Árni Gunnarsson, frkv. stj. SVFÍ.
- Kl. 17.00** Fundarlok fyrri dags.

Laugardagurinn 30. nóvember 1991

- Kl. 09.30** Hópvinna
- Kl. 12.00** Sameiginlegur hádegisverður
- Kl. 13.00** Niðurstöður hópa kynntar
- Kl. 14.00** Almennar umræður
- Kl. 15.00** Kaffihlé
- Kl. 15.30** **Samantekt.**
Sighvatur Björgvinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra.
Ráðstefnulok.

Vinnuhópar

1. **Skipulag áfengis- og vímuvarna (I. II. kafla frumv.), þ.á.m. fjármögnun starfsins.**
Umræðustjóri Rannveig Guðmundsdóttir, alþingismaður.
2. **Fræðslustarfsemi (III. kafli frumv.).**
Umræðustjóri Áslaug Brynjólfsdóttir, fræðslutjóri.
3. **Meðferð og meðferðarstofnanir (IV., V. og VI. kafli frumv.).**
Umræðustjóri Óttar Guðmundsson, læknir.
4. **Sala og dreifing (einkasala eða frjáls verslun).**
Umræðustjóri Sigmundur Sigfússon, yfirlæknir.
5. **Framkvæmd löggæslu og tollgæslu.**
Umræðustjóri Gottskálf Ólafsson, deildarstjóri tollgæslunnar á keflavíkurlflugvelli.
6. **Hlutverk félagsmálanefnda sveitarfélaganna.**
Umræðustjóri Bragi Guðbrandsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra.
7. **Hlutverk fjölmiðla.**
Umræðustjóri Sigurður G. Tómasson, ritstjóri Dægurmálaútvarps Rásar 2.
8. **Innflutningur og dreifing ólöglegra vímuefna.**
Umræðustjóri Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlöggluþjónn.

Ráðstefna um vímuvarnir **VERUM VAKANDI**

Undirbúningsnefnd

Ingimar Sigurðsson, formaður, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.
Hrafn Pálsson, varaformaður, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.
Kristinn T. Haraldsson, umsjónarmaður ráðstefnunnar, utanríkisráðuneytinu.
Hjalti Zóponíasson, dómsmálaráðuneytinu.
Bragi Guðbrandsson, félagsmálaráðuneytinu.
Hönnuður ráðstefnugagna: Björn G. Björnsson, leikmyndateiknari.

Framsögumenn

Sighvatur Björgvinsson, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu.
Ari Edwald, aðstoðarmaður dóms- og kirkjumálaráðherra.
Ólafur Haukur Árnason, áfengisvarnaráðunautur.
Björn Halldórsson, lögreglufulltrúi.
Hermann Guðmundsson, lögfræðingur hjá ríkistollstjóraembættinu.
Böðvar Bragason, lögreglustjóri.
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur Barnaverndarráðs.
Tómas Helgason, yfirlæknir geðdeildar Landspítalans.
Óttar Guðmundsson, læknir.
Guðbjörn Björnsson, læknir.

Pallborðsstjóri

Árni Gunnarsson, framkvæmdastjóri Slysavarnafélags Íslands.

Hópstjórar

Rannveig Guðmundsdóttir, alþingismaður.
Áslaug Brynjólfssdóttir, fræðslustjóri.
Óttar Guðmundsson, læknir.
Sigmundur Sigfússon, læknir.
Gottskálf Ólafsson, deildarstjóri Tollgæslunnar á Keflavíkurflugvelli.
Bragi Guðbrandsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra.
Sigurður G. Tómasson, ritstjóri Dægurmálaútvarps Rásar 2.
Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögreglupjónn.

Ráðstefnustjóri

Guðrún Agnarsdóttir, læknir.

ÞÁTTTAKENDUR Á RÁÐSTEFNU UM VÍMUVARNIR

Áfengisvarnalaganefnd:

Ingimar Sigurðsson, skrifstofustjóri, formaður.
Hrafn Pálsson, deildarstjóri, ritari.
Níels Árni Lund, deildarstjóri.
Sigmundur Sigfússon, yfirlæknir.
Ólafur Haukur Arnason, áfengisvarnaráðunautur.
Jón Oddsson, hæstaréttarlögmaður.
Bragi Guðbrandsson, aðstoðarmaður félagsmálaráðherra.

Kópavogskaupstaður – félagsmálastofnun:

Gunnar Klængur Gunnarsson, deildarfulltrúi.

Kvenfélagasamband Íslands:

Erna Friða Berg, formaður Bandalags kvenna í Hafnarfirði.
Jónína Steingrimsdóttir, ritari Bandalags kvenna í Hafnarfirði.

Tollstjórinn í Reykjavík:

Björn Hermannsson (fyrrí daginn).
Jón Ágúst Eggertsson.

Hollustuvernd ríkisins:

Hermann Sveinbjörnsson, formaður stjórnar HVR.
Þórhallur Halldórsson, forstöðum. heilbrigðiseftirlitssviðs HVR.

Skrifstofa héraðslæknis Akureyri:

Fríðrik Vagn Guðjónsson, settur héraðslæknir í Norðurlandi eystra.
Guðfinna Gunnarsdóttir, skólahjúkrunarfræðingur.

Heilsugæslustöðinni á Akureyri.

Katrín Friðriksdóttir, skólahjúkrunarfræðingur,
Heilsugæslustöðinni á Akureyri.

Samhjálp Hvítasunnnumanna:

Kristinn Ólafsson, deildarstjóri.
Brynjólfur Ólason, deildarstjóri.

Barnaverndarráð:

Sigríður Ingvarsdóttir, héraðsdómari, varaformaður barnaverndarráðs.
Guðrún Erna Hreiðarsdóttir, lögfræðingur barnaverndarráðs.

Félagsmálaráð Njarðvíkur:

Gróa Hreinsdóttir.
Guðbjört Ingólfssdóttir.

Hjúkrunarfélag Íslands:

Björk Guðjónsdóttir, hjúkrunarfræðingur, hjúkrunarstjóri göngudeildar áfengissjúklinga, Geðdeild Landspítalans.
Jóhanna Stefánsdóttir, hjúkrunarfræðingur, hjúkrunarframkvæmdastjóri, vímuefnaskor, Geðdeild Landspítalans.

Félagasamtökin/fangahjálpin Vernd:

Birgir P. Kjartansson, formaður Verndar.

Rotaryhreyfingin á Íslandi:

Dr. Hrafn V. Friðriksson.
Guðjón Magnússon.

Læknafélag Íslands:

Lára Halla Mack.
Ludvig Á. Guðmundsson.

Fræðsluskrifstofur Reykjavíkur:

Áslaug Brynjólfssdóttir.
Arthur Morthens.
Matthildur Guðmundsdóttir.

Lögreglan í Reykjavík – forvarnadeild:

Ólafur Guðmundsson.

Kennaraháskólinn:

Stefán Bergmann.
Erla Kristjánsdóttir.

Lionshreyfingin á Íslandi:

Björn Magnússon.
Ingvi Þór Guðjónsson.

Fræðsluskrifstofa Austurlands:

Guðrún Jónsdóttir, kennslufræðingur.

Bandalag kvenna:

Sjöfn Sigurbjörnsdóttir.
Dóra Guðmundsdóttir.

Samtök skólanna um bindindisfræðslu:

Ingólfur Guðmundsson.
Björg G. Eiríksson.

Vímulaus æska:

Bogi Arnar Finnbogason.
Lisa Wium.

Átak gegn áfengi og öðrum vímuefnum:

Arthur Farestveit.
Sigurgeir Þorgrímsson.

Heilsugæslustöðin á Egilsstöðum:

Pétur Heimisson, f.h. héraðslæknis.

Meðferðarheimilið Tindar:

Atli Bergmann.
Sigrún Magnúsdóttir.
Páll Biering.

Lögreglustjórinn í Reykjavík:

Elín V. Hallvarðsdóttir.
Signý Sen.

Unglingaheimili ríkisins:

Einar Gylfi Jónsson.

Rauði kross Íslands:

Ólafur Oddsson.

Rauðakrosshúsið:

Hans Henttinen.
Sóley Jónsdóttir.

Fangelsismálastofnun:

Haraldur Johannessen, forstjóri.
Jón Friðrik Sigurðsson, sálfræðingur.
Erlendur S. Baldursson, afbrotufræðingur.

Áfengis- og tóbaksverzlun ríkisins:

Höskuldur Jónsson, forstjóri ÁTVR.
Þór Oddgeirsson, aðstoðarforstjóri ÁTVR.

Héraðslæknir Reykjaness:

Sveinn A. Magnússon.
Bjarni Jónasson, læknir Garðabæ.

Íslenskir ungtemplarar:

Guðni Björnsson.
Ingibergur Jóhannsson.

SÁÁ:

Pétur Tyrtingsson.
Sigurður Gunnsteinsson.
Kristín Waage.
Guðbjörn Björnsson.
Pétur Snæland.
Guðmundur Vestmann.
Pálmar Þór Ingimarsson.
Jóna Dóra Kristinsdóttir.
Georg Heide Gunnarsson.
Erla Björg Sigurðardóttir.
Theodór S. Halldórsson.

Krabbameinsfélag Íslands:

Þorvaldur Örnólfsson.
Hildigunnur Gunnarsdóttir.

Íþróttasamband Íslands:

Lovísa Einarsdóttir.

Samtökin í Keflavík:

Þorleifur Ásgeirsson.

Samband íslenskra sveitarfélaga:

Ingvar Viktorsson.
Bryndís Brynjólfssdóttir.

Samtök heilbrigðisstétta:

Puríður Ingimundardóttir.
Ólafía Ingvarsdóttir.

Félagsmálastofnun Selfoss:

Ólöf Thorarensen, félagsmálafulltrúi.
Inga M. Skúladóttir, félagsráðgjafi.

Kiwanishreyfingin:

Aðalsteinn Aðalsteinsson.
Björn Jóhannesson.

Áfengisvarnaráð:

Ólafur Haukur Árnason.
Helgi Seljan.
Hörður Zópaníasson.
Sigrún Sturludóttir.
Jón K. Guðbergsson.

Landssamband gegn áfengisbölinu:

Páll V. Daníelsson.
Guðsteinn Pengilsson.

Félagsmálaráð Ísafjarðar:

Indriði A. Kristjánsson, félagsmálastjóri.
Rögnvaldur Óskarsson, félagsmálafulltrúi.

Lögreglan á Ísafirði:

Guðmundur Fylkisson, lögreglumaður.

Rannsóknarlögregla ríkisins:

Helgi Danielsson.
Gísli Pálsson.

Krísuvíkursamtökin:

Guðmundur Ágúst Pétursson, félagsfræðingur.
Sr. Birgir Ásgeirsson (fyrri daginn).
Ásta Lárusdóttir, kennari (seinni daginn).

Samstarfsnefnd bindindismanna:

Jón H. Jónsson.
Halldór Kristjánsson.

Námshagnastofnun:

Ásgeir Guðmundsson.
Tryggvi Jakobsson.

Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar:

Pétur P. Maack.
Gunnar M. Sandholt.

Bandalag íslenskra skáta:

Gunnar H. Eyjólfsson, skátahöfðingi.
Kristín Bjarnadóttir, aðstoðarskátahöfðingi.
Helgi Eiríksson, framkvæmdastjóri.

Stórstúka Íslands:

Björn Jónsson.
Stefán Jónatansson.

Ungtemplarareglan GT:

Mjöll Matthíasdóttir.
Katrín Eyjólfsdóttir.

Krossgötur – Krossinn:

Magnús Gunnarsson.
Gunnar Þorsteinsson.

Útdeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur:

Petrína Ásgeirsdóttir.
Sigrún Valgeirsdóttir.
Anna Margrét Guðbjartsdóttir.

Félagsmáladeild Akraness:

Sólveig Reynisdóttir, félagsmálastjóri.

Landlæknisembættið:

Ólafur Ólafsson, landlæknir.

Félagsmálastofnun Hafnarfjarðar:

Ólína Birgisdóttir.
María Hjálmarsdóttir.

Unglingadeild Félagsmálastofnunar Reykjavíkur:

Vilmar Pétursson.

Félagsmálaráð Vestmannaeyja:

Brynjar Eiríksson, sálfræðingur.
Hera Einarsdóttir.

Félagsmálastofnun Keflavíkur:

Marín Kristjánsdóttir.

Heilsugæslustöðin Helli:

Pórir Kolbeinsson, heilsugæslulæknir.

Héraðlæknisembættið í Reykjavík:

Skúli G. Johnsen, héraðslæknir.

Samband veitinga- og gistihúsa:

Sigríður Ágústsdóttir (seinni daginn).

Félagsmálastofnun Garðabæjar:

Sigfús J. Johnsen.
Trausti Valsson.
Snorri Aðalsteinsson.

Lögreglan í Reykjavík:

Axel Kvaran.

Gott fólk:

Margrét Ericisdóttir.
Ástþór Jóhannsson.

Slysavarnarfélag Íslands:

Árni Gunnarsson.
Pórir Gunnarsson.

Félagsmálastofnun Mosfellsbæjar:

Unnur V. Ingólfisdóttir, félagsmálastjóri.
Björk Bjarkadóttir, formaður félagsmálaráðs.

Félagsmálaráð Seltjarnarness:

Póra Einarsdóttir.
Hildigunnur Hlíðar.

Félagsmálastjóri Sauðárkróksbæjar:

Matthías Viktorsson.

Fræðslustjórinn í Reykjaneskjördæmi:

Helgi Jónasson.
Gylfi Pálsson.

Sálfræðingafélag Íslands:

Ása Guðmundsdóttir.
Gylfi Ásmundsson.

Geðdeild Landspítalans:

Hildigunnur Ólafsdóttir.
Helgi Kristbjarnarson.
Ólafur Grímsson.
Puríður Jónsdóttir.
Jóhannes Bergsveinsson.

Alanon Reykjavík:

Bryndís Óskarsdóttir.

Íslenska kennarafélagið (HÍK):

Elín Ellertsdóttir, Fjölbrautaskólanum í Breiðholti.

Samfok:

Erla Eggertsdóttir.

Fræðsluskrifstofa Norðurlands eystra:

Trausti Þorsteinsson.

Sakadómur í ávana- og fíkniefnamálum:

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari.

Barna- og unglingsgeðdeildin:

Páll Ásgeirsson.

Kennarasamband Íslands:

Brynjar Valdimarsson.

Áfengisvarnanefnd Sauðárkróks:

Haraldur Hermannsson, formaður.

Félag sálfræðinema:

Guðný Reynisdóttir.
Jóhanna Haraldsdóttir.

Íþróttasamband Íslands:

Lovísa Einarsdóttir, stjórnamaður ÍSÍ.
Magnús Harðarson, Unglinganefnd ÍSÍ.

Félagsmálastofnun Selfoss:

Ólöf Thorarensen, félagsmálastjóri.
Inga M. Skúladóttir, félagsmálaráðgjafi.

Félagsmálastofnun Borgarness:

Brit Bieltvedt, félagsmálastjóri.

Domus Medica:

Sveinn Rúnar Hauksson, læknir.

Biskupsstofa:

Jón Ragnarsson, deildarstjóri.

Bindindisfélag ökumanna.

Elvar S. Höjgaard.

Frumvarp til laga um áfengisvarnir og aðrar vímuefnavarnir

(Drög frá nóv. 1991)

1. kafli

Markmið, gildissvið og stjórn

1. gr.

- 1.1. Markmið laga þessara er að draga úr neyslu áfengis og að koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna og þar með það tjón sem neyslan veldur á heilsu manna, fjölskyldulífi, samskiptum, eignum og atvinnu. Einnig að hafa áhrif á viðhorf almennings til neyslu áfengis og annarra vímuefna, ekki síst barna og unglinga.

2. gr.

- 2.1. Með áfengi er í lögum þessum átt við drykki og aðrar neysluvörur, sem innihalda magn vínanda (etanóls) yfir 2,25% af rúmmáli.
- 2.2. Lög þessi gilda ekki um vínanda, sem notaður er sem lyf eða við lyfjagerð skv. lyfjalögum eða sem eiturefni skv. lögum um eiturefni og hættuleg efni. Sama gildir um vínanda, sem notaður er sem eldsneyti, við iðnaðarframleiðslu eða sem eldsneyti, við iðnaðarframleiðslu eða á rannsóknarstofum, enda sé ekki um framleiðslu á áfengi að ræða.
- 2.3. Lög þessi ná yfir áhöld, útbúnað og umbúðir, sem tengjast áfengisframleiðslu og áfengisneyslu.

3. gr.

- 3.1. Með öðrum vímuefnum er í lögum þessum átt við ólögleg ávana- og fíkniefni skv. lögum um ávana- og fíkniefni, lífræn leysiefni og lyf, sem notuð eru sem vímuefni.

4. gr.

- 4.1. Yfirstjórn mála skv. lögum þessum er í höndum heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra. Áfengis- og vímuvarnaráð fer með yfirumsjón áfengis- og vímuefnavarna í landinu undir stjórn ráðherra.
- 4.2. Landlæknir er ráðgjafi ráðherra og ríkisstjórnar um þau atriði sem falla undir lög þessi.

5. gr.

- 5.1. Ráðherra skipar Áfengis- og vímuvarnaráð til fjögurra ára í senn. Í ráðinu eiga sæti 7 fulltrúar, og skulu þeir hafa þekkingu á skaðsemi áfengis og annarra vímuefna og vörnum við henni. Ráðherra skipar einn fulltrúa án tilnefningar, sem er formaður. Menntamálaráðherra tilnefnir einn fulltrúa og félagsmálaráðherra einn. Alþingi kýs fjóra fulltrúa. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.
- 5.2. Ráðherra skipar framkvæmdastjóra Áfengis- og vímuvarnaráðs til sex ára í senn, að fengnum tillögum ráðsins.
- 5.3. Hlutverk ráðsins er að fylgjast með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru skv. þeim og að vinna að því að draga úr neyslu áfengis og að koma í veg fyrir neyslu annarra vímuefna og þar með skaða af völdum neyslunnar. Það skal meðal annars:

- 1) Vera Alþingi, ríkisstjórn, ráðuneytum, sveitarstjórnnum og öðrum opinberum aðilum til ráðuneytis um allt, er að áfengis- og vímuefnavörnum lýtur.
- 2) Gera tillögur til stjórnvalda um ráðstafanir til þess að vinna gegn neyslu áfengis og annarra vímuefna í samræmi við lög þessi.

3) Hvetja aðra aðila, s.s. foreldra-, æskulýðs- og bindindis-samtök til átaks í áfengis- og vímuefnavörnum og styðja og samræma störf þeirra á því sviði.

4) Veita aðstöð og leiðbeiningar um áfengis- og vímuefnavarnir, m.a. með því að gefa út og útvega fræðslurit og önnur fræðslugögn í samvinnu við Námsgagnastofnun.

5) Fylgjast með neyslu áfengis og annarra vímuefna, m.a. með könnunum og rannsóknnum, til að finna hvar fyrirbyggjandi aðgerða er þörf og til að fylgjast með árangri aðgerðanna.

6) Nýta reynslu og þekkingu annarra þjóða og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi á þessu sviði.

- 5.4. Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur að námsskrá, sbr. 12. og 13. gr., og fylgist með því, að lögboðin fræðsla fari fram, enda sé hún í höndum kennara. Telji ráðið, að þessum málum sé ábótavant, skal það gera menntamálaráðuneyti og hlutað-eigandi fræðslustjóra grein fyrir því og leggja til úrbætur.

6. gr.

- 6.1. Ávallt skal leita álits Áfengis- og vímuvarnaráðs, þegar teknar eru ákvarðanir um:

- 1) Verðlagningu áfengis.
- 2) Stefnumörkun vegna innflutnings, tilbúnings og dreifingar áfengis.
- 3) Aðgerðir, sem hafa áhrif á aðgengi að áfengi og öðrum vímuefnum.
- 4) Úthlutun fjár til áfengis- og vímuvarnamála.
- 5) Lagafrumvörp og reglugerðir, sem snerta áfengismál og önnur vímuefnamál.

7. gr.

- 7.1. Áfengis- og vímuvarnaráð annast söfnun og miðlun upplýsinga um áfengis- og vímuefnamál. Það skal m.a.:

- 1) Halda skrá yfir gögn, sem gefin eru út um þessi mál hér á landi, svo og það erlent efni, sem á boðstólum er í landinu og aðgengilegt er almenningi, s.s. á bókasöfnum eða hjá stofnunum og fyrirtækjum.
- 2) Hafa til reiðu í aðgengilegu formi þær upplýsingar sem um ræðir í 1. tl.
- 3) Veita þeim, sem eftir leita, upplýsingar, ráðgjöf og leiðbeiningar um gagnaöflun, og standa fyrir námskeiðum, ráðstefnum, fundum, greinaskrifum og útgáfu efnis um þessi mál.
- 4) Taka árlega saman og gefa út skýrslu um ástand og breytingar áfengis- og vímuefnamála hér á landi, ásamt yfirliti um breytingar sömu mála erlendis eftir því sem við verður komið og ætla má að hafi gildi hérlendis.

- 7.2. Ríkissjóður stendur straum af kostnaði vegna starfsemi Áfengis- og vímuvarnaráðs.

- 7.3. Ráðherra setur nánari ákvæði um hlutverk og störf ráðsins í reglugerð, að fengnum tillögum þess.

8. gr.

- 8.1. Áfengis- og vímuvarnanefnd skal starfa í hverju læknishéraði, skipuð eftir sveitarstjórnakosningar. Hlutverk nefndarinnar er að fylgjast með framkvæmd laganna og að skipuleggja áfeng-

is- og vímuefnavarnir í héraðinu í samráði við Áfengis- og vímuvarnaráð. Í nefndinni eiga sæti fimm fulltrúar, skipaðir af heilbrigðisráðherra. Héraðslæknir og fræðslustjóri eiga sæti í nefndinni, ennfremur einn fulltrúi tilnefndur af Áfengis- og vímuvarnaráði og tveir fulltrúar tilnefndir af landshlutasamtökum sveitarfélaga, og skal annar þeirra vera félagsmálastjóri á svæðinu. Nefndin kys sér formann og skiptir með sér störfum. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

1.2. Áfengis- og vímuvarnanefnd skal m.a.:

- 1) Eiga frumkvæði að og styðja starfsemi, sem miðar að því að draga úr eða koma í veg fyrir neyslu áfengis og annarra vímuefna.
- 2) Starfa með félagsmálanefndum sveitarfélaga, sbr. 9. gr., og stuðla að samvinnu þeirra aðila annarra, sem starfa á þessum vettvangi.
- 3) Veita yfirvöldum ráðgjöf, og skal leitað álits nefndarinnar um þau atriði tengd þessum málum, sem sérstaklega snerta héraðið, s.s. vegna leyfa til að veita áfengi og til opunar áfengisútsölustaða, og vegna endurveitinga ökuleyfa til þeirra, sem hafa verið sviptir þeim ævilangt sakir neyslu áfengis eða annarra vímuefna.

1.3. Áfengis- og vímuvarnanefnd sendir Áfengis- og vímuvarnaráði og landlækni árlega skýrslu á þar til gerðum eyðublöðum um ástand og breytingar á áfengis- og vímuefnamálum í héraðinu.

1.4. Áfengis- og vímuvarnanefnd ræður sér starfsmann.

1.5. Ríkissjóður ber kostnað af stofnum áfengis- og vímuvarnanefnda.

1.6. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Áfengis- og vímuvarnaráðs og að höfðu samráði við áfengis- og vímuvarnanefndir, reglugerð um störf nefndanna.

9. gr.

1.1. Félagsmálanefndir sveitarfélaganna skulu sinna áfengis- og vímuvarnarmálum með skipulögðum hætti, jafnframt því að sinna aðstoð við áfengis- og vímuefnasjúka og fjölskyldur þeirra, sbr. lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

II. kafli.

Áfengisauglýsingar og merkingar

10. gr.

10.1. Hvers konar auglýsingar á áfengi og áfengisvörum eru bannaðar hér á landi. Ennfremur er bannað að sýna neyslu eða hvers konar aðra meðferð áfengis í auglýsingum eða upplýsingum um annarskonar vöru og þjónustu.

10.2. Með auglýsingu er í lögum þessum átt við hvers konar tilkynningar til almennings, þar sem sýndar eru í máli eða myndum áfengistegundir eða atriði tengd áfengisneyslu, áfengisvörur eða auðkenni, eftirlíkingar á áfengisvarningi, spjöld eða annar svipaður búnaður, útstillingar, dreifing prentaðs máls og vörusýnishorna o.þ.h.. Ákvæðið tekur með sama hætti til auglýsinga, sem eingöngu fela í sér firmanafn eða firmamerki áfengisframleiðenda. Þó er framleiðanda, sem auk áfengis framleiðir aðrar drykkjarvörur, heimilt að nota firmanafn eða merki í tengslum við auglýsingu þeirra drykkja, enda skal tekið fram með áberandi hætti að um óáfenga drykki sé að ræða í skilningi áfengis laga og ekki sé vísað til hinnar áfengu framleiðslu. Skal letur sem vísar til hins óáfenga drykkjar ekki vera minna áberandi en letur firmanafnsins eða firmamerkisins.

10.3. Undanþeginn banni við áfengisauglýsingum eru:

- 1) Auglýsingar á erlendum tungumálum í erlendum prentritum, sem flutt eru til landsins, nema megintilgangur ritsins sé að auglýsa áfengi.
- 2) Auðkenni með firmanafni og/eða firmamerki á venjulegum búnaði til áfengisveitinga á veitingastað, þar sem áfengisveitingar eru heimilar.

3) Auðkenni með firmanafni eða firmamerki á vöru- og búðum áfengisframleiðanda og á bréfsefni.

10.4. Ráðherra setur að fengnum tillögum Áfengis- og vímuvarnaráðs í reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessarar greinar.

11. gr.

11.1. Áfengi má því aðeins hafa til sölu og dreifingar að skráð sé viðvörðun á umbúðir vörunnar um skaðsemi áfengis og upplýsingar um áhrif af neyslu áfengis.

11.2. Sett skulu upp viðvörðunarskilti í verslunum Áfengis- og tóbaksverslunar ríkisins og á vínveitingahúsum, þar sem vakin skal athygli á lögum um ölvunaraktur, hve lengi vínandi er að fara úr blóði og hver séu viðurlög við því að útvega fólki yngra en 20 ára áfengi.

11.3. Ráðherra setur, að fengnum tillögum Áfengis- og vímuvarnaráðs, í reglugerð nánari ákvæði um merkingar þessarar, þar á meðal um viðvörðunartexta, stærð hans, letur, hvar skiltunum skal komið fyrir og um annað er máli kanni að skipta.

11.4. Áfengisframleiðendur eða áfengisveitingahúsaeigendur standa stráum af kostnaði við merkingar samkvæmt þessari grein.

III. kafli.

Fræðslustarfsemi

12. gr.

12.1. Í grunnskólum skal veita fræðslu um áfengi og önnur vímuefni og skal hún hefjast í 2. bekk samkvæmt námskrá grunnskóla um vímuefnavarnir, sem menntamálaráðherra setur að höfðu samráði við Áfengis- og vímuvarnaráð. Fræðslan skal einkum beinast að því að upplýsa nemendur um edli áfengra drykkja og áhrif þeirra á manninn, fjölskyldu hans og samfélagið í heild. Búa skal nemendur undir að geta tekið sjálfstæða og ábyrga ákvörðun gagnvart neyslu áfengis og annarra vímuefna. Námsgagnastofnun skal sjá grunnskólum fyrir nauðsynlegum námsgögnum um áfengis- og vímuefnamál og séu þau miðuð við tiltekinn áfanga á hverju námsári nemenda. Námsmat skal fara fram að loknum hverjum áfanga og niðurstöður þess kynntar nemendum og forráðamönnum þeirra.

12.2. Við fermingarundirbúning skal lögð áhersla á fræðslu um áfengis- og vímuefnamál.

13. gr.

13.1. Tvö fyrstu ár að loknum grunnskóla skal áfram veita fræðslu í öllum framhaldsskólum um skaðsemi áfengis og annarra vímuefna. Skal fræðslan m.a. taka mið af því, að fólk geti verið án áfengis og annarra vímuefna og að ekki sé lítið á áfengi sem nauðsynjavöru. Þessi kennsla fer fram samkvæmt námskrá, sem menntamálaráðherra setur að höfðu samráði við Áfengis- og vímuvarnaráð.

13.2. Fræðslan skal miðuð við áfangaskipti milli námsanna, og tiltekin kunnátt í þessum fræðum gefur nemendum punkta eða stig, sem reiknast inn í stigafjölda á lokaprófi.

14. gr.

14.1. Nemendur skóla sem veita kennaramenntun, Fósturskóla Íslands og Lögregluskóla ríkisins skulu fá ítarlega og skipulagða undirstöðumenntun í áfengis- og vímuefnafræðum til þess að geta sinnt forvarnarstarfi. Við fræðslu kennaraefna skal lögð sérstök áhersla á hlutverk kennarans í því starfi, leiðbeiningu um fræðslu í áfengis- og vímuefnamálum, kynningu námsgagna og á færni kennarans til að verða að liði þeim nemendum, sem ætla má að séu í sérstakri hættu gagnvart neyslu áfengis og annarra vímuefna.

14.2. Vegna starfsundirbúnings skal veita fræðslu um áfengis- og vímuefnamál í þeim deildum háskóla, þar sem það á við eða í tengslum við þær (félagsvísindadeild, lagadeild, guðfræði-

deild, læknadeild, námsbraut í hjúkrunarfræðum og lyfjafræði lyfsala).

15. gr.

- 15.1. Í menntamálaráðuneytinu skal starfrækt námsstjórn í áfengis- og vímuefnavörnum, sem hefur umsjón með og er til ráðgjafar um skipulagða fræðslu í grunnskólum, svo og öðrum skólum.

16. gr.

- 16.1. Áfengis- og vímuvarnaráð, sbr. 7. gr., í samvinnu við landlækni, stendur fyrir almennu forvarna- og upplýsingastarfi. Skal fræðslan sérstaklega taka mið af þörfum ýmissa hópa í samfélaginu, svo sem ungmenna sem horfið hafa frá skyldunámi, foreldra og forráðamanna barna og unglínga, barnshafandi kvenna, stjórnenda farartækja, stjórnenda fyrirtækja og fjölskyldna ofneytenda. Það er og sameiginlegt hlutverk ráðsins og landlæknis að samræma störf félagasamtaka á þessu sviði.
- 16.2. Áfengis- og vímuvarnaráð og landlæknir skulu beita sér fyrir reglubundinni fræðslu á heilsugæslustöðvum um skaðsemi neyslu áfengis og annarra vímuefna, í samvinnu við félagsamtök, stofnanir og fyrirtæki, og í ríkisfjölmiðlum, sem ber að birta slíkt efni án endurgjalds.

IV. kafli.

Meðferð ölvæðra manna og íhlutun félagsmálanefnda

17. gr.

- 17.1. Þegar lögregla tekur mann undir 18 ára aldri höndum sakir ölvunar eða annarrar vímu skal hún tilkynna nánustu vanda mönnum hans aðgerðir sínar. Sé um ítrekaðar handtökur að ræða skal lögreglan tilkynna hlutaðeigandi barnaverndarnefnd um málið.
- 17.2. Ölvæða menn og menn undir áhrifum annarra vímuefna, sem sæta meðferð samkvæmt ákvæðum þessarar greinar, skal hafa í gæslu uns af þeim er runnið, og allt að tveimur sólarhringum til læknisrannsóknar, eftir því sem ástæða þykir til.
- 17.3. Þegar maður, sem er lögráða, er ítrekað handtekinn sakir ölvunar eða annarrar vímu og grunur leikur á að hann sé haldinn áfengis- eða vímuefnasýki, getur lögreglan, þegar bráir af honum, fært hann til hlutaðeigandi heilsugæslustöðvar eða göngudeildar áfengis- og vímuefnasjúklinga, þar sem fer fram mat á heilsufari og meðferðarþörf og úrræði skulu skipulögð.
- 17.4. Heilsugæslustöðvum er heimilt að kveðja sérfræðing til aðstoðar, eða vísa viðkomandi til rannsóknar, mats og meðferðar á göngudeild fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, þar sem þess er kostur. Skal lögð á það megináhersla að telja hlutaðeigandi á að þiggja þá meðferð, sem honum stendur til boða. Því aðeins skal gripið til frelsisskerðingar skv. lögræðislögum, að heilsu og hagsmunum hans sjálfs eða aðstandenda sé stefnt í voða eða umhverfinu stafi hætta af og önnur ráð dugi ekki.

18. gr.

- 18.1. Lögreglu ber að tilkynna til félagsmálanefndar/félagsmálastofnunar sveitarfélags um öll útköll tengd ofnotkun áfengis og annarra vímuefna á heimilum, þar sem búa börn og aldraðir, eða þar sem aðrar ástæður mæla með.
- 18.2. Að fenginni tilkynningu um útkall lögreglu á heimili vegna ofnotkunar áfengis eða annarra vímuefna gerir félagsmálanefnd/félagsmálastofnun ráðstafanir til að rannsakað sé, hvort hlutaðeigandi sé haldinn áfengissýki eða annarri vímuefnasýki, og stuðlar að því að honum sé komið í meðferð við henni. Samtímis veitir félagsmálastofnun fjölskyldu hins sjúka nauðsynlega aðstoð.

V. kafli.

Meðferð áfengis- og vímuefnasjúklinga

19. gr.

- 19.1. Meðferð áfengis- og vímuefnasjúkra skal fara fram á sjúkrahúsum, göngudeildum og heilsugæslustöðvum samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, eða á hliðstæðum stofnunum, sem til þess hafa hlotið sérstakt leyfi samkvæmt VI. kafla laganna.

20. gr.

- 20.1. Ráðherra skal sjá um að þjónusta við áfengis- og vímuefnasjúklinga sé fyrir hendi á sjúkrahúsum ríkisins eða annars staðar, í samræmi við þennan kafla.

21. gr.

- 21.1. Bráðþjónusta vegna alvarlegrar áfengis- og vímuefnaeitrunar og fráhrarseinkenna eftir neyslu fer fram á heilsugæslustöðvum, bráðamóttöku og slysadeildum sjúkrahúsa svo og á geðdeildum eða lyflækningadeildum, þegar ástand sjúklings gefur tilefni til þess. Það skal tryggt að ætíð sé fyrir hendi nægjanleg læknisfræðileg þekking, þannig að fyllsta öryggis sé gætt við greiningu og meðferð.

22. gr.

- 22.1. Meðferð, endurhæfing og aðhlyning, sem fer fram á stofnunum, fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, greinist sem hér segir:
- 1) Afeitrun, rannsókn og upphaf meðferðar.
 - 2) Meðferð er miðar að varanlegu bindindi og að því að þroska og byggja upp félagslega hæfni, skapgerð og persónuleika sjúklings.
 - 3) Endurhæfing og aðhlyning sjúklínga, sem illa eru farnir heilsufarslega og félagslega.
 - 4) Vernduð heimili, þar sem vistmenn greiða dvalarkostnað að hluta eða öllu leyti og þeim er gert að stunda vinnu, nema heilsubrestrur, skólaganga eða aðrar gildar ástæður hamli.
- 22.2. Heimilt er að semja við meðferðarstofnun fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga um að refsivist eða hluti hennar sé afplánaður þar. Aður en slíkt er heimilað skal liggja fyrir mat hlutaðeigandi yfirlæknis og fangelsislæknis um líkur á árangri meðferðar í betrunarskygni.

23. gr.

- 23.1. Í hverju læknishéraði skal í tengslum við sjúkrahús eða heilsugæslustöð rekin sérstök göngudeild fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga. Meðferðar- og fræðslustarf deildanna skal m.a. beinast að því að draga úr þörf fyrir innlagnir.
- 23.2. Á göngudeildum fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga og á heilsugæslustöðvum skal gefinn kostur á stuðningsmeðferð að lokinni vist á sjúkrahúsum.

24. gr.

- 24.1. Félagsmálanefndir og þeir aðrir sem starfa með börnum og ungmönnum skulu leitast við að finna þau börn og unglínga, sem eiga við vandamál að stríða vegna neyslu áfengis og annarra vímuefna og koma þeim til aðstoðar í samvinnu við þá aðila sem starfa á þessum vettvangi.
- 24.2. Teljist nauðsynlegt að vista börn og unglínga, 15 ára og yngri, til áfengis- og vímuefnameðferðar á stofnun, skal það gert í samráði við foreldra/forráðamenn, barnaverndarnefnd og Unglingaheimili ríkisins.
- 24.3. Þeim börnum og unglíngum, 15 ára og yngri, sem auk áfengis- og vímuefnavanda eiga við að stríða mikil og flókin geðræn vandamál, skal vísað til greiningar og meðferðar á barna- og unglíngageðdeildum sjúkrahúsa.
- 24.4. Félagsmálanefndir sveitarfélaga og heilsugæslustöðva skulu

eftir meðferðarvist annast áframhaldandi stuðning við þau börn og unglinga, sem þess þurfa með.

25. gr.

- 3.1. Meðan sjúklingur vistast til áfengis- eða vímuefna meðferðar á sjúkrastofnun, skal fjölskyldu hans boðin stuðningsmeðferð.
- 3.2. Við hverja stofnun fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga skal aðstandendum gefinn kostur á stuðningi, sálgæslu og fræðslu. Skal þar m.a. lögð áhersla á að fræða þá um eðli sjúkdómsins, áhrif hans á sjúklinginn og aðstandendur hans.

26. gr.

- 3.1. Fjármálaleg ráðgjöf og aðstoð við áfengis- og vímuefnasjúka og aðstandendur þeirra er í höndum félagsmálanefnda sveitarfélaganna.
- 3.2. Þeim áfengis- og vímuefnasjúklingum, sem hlotið hafa varanlegt heilsutjón vegna neyslu sinnar og ekki geta lengur þjargað sér sjálfir eða nýtt sér meðferð, endurhæfingu eða aðhlynningu á stofnunum, skal veitt þjónusta og fjárhagsaðstoð á vegum félagsmálastofnana sveitarfélaga, svo sem við útvegum á fæði, fatnaði og húskaskjól, eftir því sem við á.

VI. kafli.

Meðferðarstofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga

27. gr.

- 7.1. Óheimilt er að setja á stofn eða reka meðferðarstofnun skv. lögum þessum, nema með leyfi ráðherra. Sama máli gildir um allar meiri háttar breytingar á starfsemi slíkra stofnana. Fer um framkvæmdina skv. lögum um heilbrigðisþjónustu.
- 7.2. Ráðherra veitir aðeins leyfi ef ætla má að stofnunin geti leyst verkefni sitt á viðhlítandi hátt, og skal í slíkum tilvikum ætíð leita álits landlæknis, héraðslæknis og Áfengis- og vímuvarnaráðs á nauðsyn og gagnsemi stofnunar.

VII. kafli.

Ýmis ákvæði

28. gr.

- 3.1. Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins er óheimilt að afgreiða og selja áfengi nema skv. opinberri verðskrá.
- 3.2. Útsölustaðir ÁTVR skulu aðeins opnir frá kl. 10.00 til 18.00 virka daga. Útsölustaðir skulu lokaðir alla laugardaga, helga daga og auk þess á aðfangadag jóla. Sama gildir um almenna frídaga, aðra stórhátíðardaga og kosningadaga.
- 3.3. Óheimilt er að veita stöðum sem eru áningarstaðir ferðafólks eða þjóna öikumönnum, leyfi til áfengissölu.

29. gr.

- 3.1. Áfengis- og vímuvarnanefndir og heilbrigðiseftirlit skulu fylgjast sérstaklega með því að settum skilyrðum leyfis til áfengisveitinga, sbr. Áfengislög, sé framfylgt og gera lögreglu viðvart ef út af bregður.
- 3.2. Heilbrigðiseftirlit undir yfirumsjón Hollustuverndar ríkisins hefur eftirlit með framkvæmd 10. og 11. gr. og skal fylgjast með því í umdæmi sínu, að virt séu ákvæði þessara greina um merkingar og auglýsingar.

30. gr.

- 3.1. Sala efna, sem einungis eru ætluð til áfengisgerðar, er bönnuð.

31. gr.

- 1.1. Skylt er að verja tveimur hundraðshlutum af brúttósölu áfengis til Áfengis- og vímuvarnasjóðs.
- 1.2. Áfengis- og vímuvarnaráð gerir tillögur til ráðherra um ráðstöf-

un sjóðsins, og skal fénu varið til þess að kosta áfengis- og vímuvarnastarf samkvæmt lögum þessum. Verja má allt að helmingi fjárins til uppbyggingar og endurbóta stofnana, sem stunda áfengis- og vímuefnavarnir eða meðferð áfengis- og vímuefnasjúkra.

- 31.3. Heilbrigðisráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um starfsemi sjóðsins, þar sem m.a. skal kveðið á um þátt hans í forvörnum og þjálfun starfsmanna á þessu sviði.

VIII. kafli.

Viðurlög

32. gr.

- 32.1. Sé brotið gegn ákvæðum 10. og 11. gr. og ekki farið að fyrir-mælum heilbrigðiseftirlitsins, getur það beitt sömu úrræðum og talin eru upp í 27. gr. laga nr. 81/1988.

33. gr.

- 33.1. Brot gegn ákvæðum 10. gr. varða sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað.
- 33.2. Brot gegn ákvæðum 11. gr. 1. tl. varðar sektum.
- 33.3. Brot gegn 30. gr. 1. tl. varðar sektum en varðhaldi séu sakir miklar eða brot ítrekað.
- 33.4. Um tilraun til brots eða hlutdeild gilda ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940, með síðari breytingum.

34. gr.

- 34.1. Ökumanni, sem dæmdur hefur verið til að missa ökuleyfið ævilangt sakir neyslu áfengis eða annarra vímuefna skal gert að fara í meðferð á stofnun fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, sé hann sjálfur sjúkur, en að öðrum kosti taka þátt í fræðslunámskeiði á meðferðarstofnun. Það er skilyrði fyrir endurveitingu ökuleyfis, að ökumaður hafi hlotið meðferð skv. þessari grein.

35. gr.

- 35.1. Með mál, sem kunna að rísa vegna brota á lögum þessum og reglugerðum, settum skv. þeim, fer að hætti opinberra mála og þar sem það á við skv. lögum nr. 65/1974, um ávara- og fríkni-efni, með síðari breytingum.

IX. kafli.

Gildistaka


36. gr.

- 36.1. Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1993. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 39/1964, um meðferð ölvaðra manna og drykkjusjúkra, með síðari breytingum, og 14. gr. 1. mgr., 16. gr., 4. og 5. mgr. og VII. kafli Áfengislaga nr. 82/1969.


Ákvæði til bráðabirgða

1. Áfengis- og vímuvarnaráð, skv. 4. gr., skal skipað frá og með 1. júlí 1992 og skal frá þeim tíma annast störf Áfengisvarnaráðs, skv. gildandi lögum, og jafnframt vinna að undirbúningi að gildistöku laga þessara.
2. Reglugerðir skv. 10. gr. 4. tl. og 11. gr. 3. tl. skulu öðlast gildi um leið og löginn.
3. Þær stofnanir fyrir áfengis- og vímuefnasjúklinga, sem starfa við gildistöku laga þessara, skulu halda starfsleyfum sínum til 31. desember 1995. Skulu þær fyrir 1. janúar 1995 senda heilbrigðisráðuneyti umsóknir um starfsleyfi í samræmi við lög þessi, þar sem m.a. skal tekið fram, hvers konar þjónustu þær óska eftir að veita.


AFGREIÐSLUR SAKADÓMS Í ÁVANA- OG FÍKNIEFNAMÁLUM 1979-1990




KYNHLUTFALL EFTIR DÓMUM Í ÁVANA OG FÍKNIEFNAMÁLUM




ALDURSDREIFING ÞEIRRA SEM FENGID HAFU DÓMSÁTTIR HJÁ SAKADÓMI Í ÁVANA- OG FÍKNIEFNAMÁLUM




KYNHLUTFALL EFTIR DÓMSÁTTUM Í ÁVANA- OG FÍKNIEFNAMÁLUM




HALDLAGT NASS 1979 TIL 1991




HALDLAGT AMFETAMÍN 1979 TIL 1991




HALDLAGDAR KANNABISPLÖNTUR 1984 TIL 1991




HALDLAGT KÓKAÍN 1979 TIL 1991




HALDLAGT MARIJUANA 1979 TIL 1991




HALDLAGT HERÓÍN 1979 TIL 1990



HALDLÖGD HASSOLÍA 1979 TIL 1991



HALDLAÐT L.S.D 1979 TIL 1991



TILLÖGUR FRAMKVÆMDANEFNDAR DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTIS

1. Fjölgað verði um sex lögreglumenn í liði fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík. Nauðsynleg forsenda þessa er að húsakostur deildarinnar verði bættur. Tryggja þarf fjárveitingu til þess.
2. Settar verði reglur um starfsvið fíkniefnadeildar lögreglunnar í Reykjavík.
3. Tekin verði upp deildarskipting í fangelsum landsins og föngum tryggð markviss félagsleg aðstoð innan og utan veggja fangelsisins.

ALPJÓÐLEG SAMVINNA

Sameinuðu þjóðirnar.

- Fíkniefnasamningar frá 1961, um náttúruleg efni, og 1972, um tilbúin lyf og efni, hafa verið fullgiltir.
- Samingur frá 1988 um efni sem notuð eru til framleiðslu fíkniefna, og um ólöglega dreifingu og sölu þ.á.m. peningabvott. Hann þarf að fullgilda.
- Fíkniefnanefnd S.P. (CND)
- Fíkniefnadeildin (DND)
- Alþjóðlega fíkniefnaeftirlitsráðið (INCB)
- Fíkniefnasjóður S.P. (VNFDAC)
- Aðrar stofnanir.

ALPJÓÐLEG SAMVINNA UM EFTIRLITSÚRRÆÐI


- Interpol
- Alþjóða tollasamvinnuráðið.

NORRÆNT SAMSTARF

- Norræna tengiliðanefndin um fíkniefnamál.
- Norræn löggæslu- og tollgæslusamstarfsnefnd á sviði ávana- og fíkniefna. (PTN).
- Norræna áfengis- og fíkniefnarannsóknarnefndin (NAD).

Skráð sala áfengis á íbúa 15 ára og eldri 1901–1990 og áætlun til ársins 2000 eftir mismunandi stefnumótun

Áfengislítrar



TAFLA II – Hundraðshlutar áfengisneytenda í mismunandi aldursflokkum eftir kyni.

Aldur	1974		1984	
	Karlar	Konur	Karlar	Konur
20-29	92	81	94	91
30-39	93	74	93	88
40-49	85	59	94	76
50-59	85	59	85	63
Alls	90	74	92	82

TAFLA VIII

Algengi einkenna (í hundraðshlutum), sem benda til misnotkunar áfengis og stórdrykkju, á aldrinum 29–40 ára 1974 og 1984 og tíðni einkenna (í hundraðshlutum) meðal þeirra sem svara hverri spurningu.

Algengi	1974		1984	
	Algengi meðal svarenda	Tíðni meðal svarenda	Algengi meðal svarenda	Tíðni meðal svarenda
a. Stjórnleysi drykkju	10,3	12,9	9,1	10,4
b. Gleymaska eftir drykkju	12,1	15,1	11,6	13,2
c. Afréttari	5,5	7,2	3,7	4,3
d. Drykkjan vandamál að eigin mati	5,5	6,8	3,4	3,9
e. Vandamál að mati fjölskyldu	5,9	7,4	4,4	5,0
f. Vandamál að mati vinnuveitanda	1,4	1,8	0,7	0,8
g. Ölvaður dögum saman	1,7	2,2	1,4	1,5
h. Drekkur meira en jafningjar	1,9	2,3	1,9	2,3
Þrjú einkenni eða fleiri	6,0	7,3	3,5	3,9
Fíkn (=a+c+d)	1,8	2,2	1,4	1,6
Stórdrykkja	14,4	18,9	11,7	15,3
Leitað aðstoðar	1,8	2,2	2,6	2,9

Meðferð áfengismisnotenda á 5 ára bili

	Heildar- fjöldi	Fjöldi í meðferð	% í meðferð
	N	N	Per cent
Misnotendur 1974	97	27	27,8
„Batnað“ 1979	48	6	12,5
Krónískir	49	21	42,9
Nýir misnotendur 1979	36	9	25,0
Misnotendur 1979	85	30	35,3
Misnotendur 1974-1979	133	36	27,1
Aðrir notendur	1466	5	0,3
Alls	1599	41	2,6


Áfengismisnotkun (ICD IX)

Áfengisneysla, sem ekki telst fíkn, en skaðar heilsu og/eða félagshæfni og leiðir til læknismeðferðar.

Áfengisfíkn (ICD VIII)

Geðlægt og venjulega líkamlegt ástand vegna áfengisneyslu, sem einkennist af hegðun og öðrum viðbrögðum, þar á meðal áfengisárattu, stöðugri eða í túrum, til þess að komast í vímu og stundum til þess að forðast fráhrarfseinkenni.

Ölvunartíðni



□ Ísland

◆ Finnland

■ Noregur


◇ Svíþjóð

Mynd 1. Árlegt meðaltal ölvunartíðni eftir árlegri meðalneyslu áfengis.


Nýgengi og áfengissala 1951 – 1990

Nýgengi/100.000 íbúa
15 ára og eldri


Áfengislítrar á íbúa
15 ára og eldri



**Meðaláfengisneysla svarenda á aldrinum
20-69 ára á síðustu 6 mánuðum**



**Meðaláfengisneysla svarenda á aldrinum
13-19 ára á síðustu 6 mánuðum**



**Samanburður á tímakaupi verkamanns
og verði brennivínsflösku
1936 – 1990**

	Tímakaup	Verð á flösku	Fjöldi vinnustunda á flösku
1936	1,36	7,00	5,1
1960	23,03	170,00	7,4
1965	44,17	270,00	6,1
1970	82,85	470,00	5,7
1975	301,80	2170,00	7,2
1980	2195,00	13000,00	5,9
1985	102,40	740,00	7,3
1990	249,53	1560,00	6,3

Fjöldi veitingastaða með vínveitingaleyfi

	Reykjavík	Utan Reykjavíkur	Fjöldi íbúa 15 ára og eldri á hvert vínveitingaleyfi
1950	1	-	100.000
1955	5	-	21.000
1960	5	1	19.000
1965	11	2	13.000
1970	14	7	7.000
1975	15	11	6.000
1980	22	15	5.000
1985	45	47	2.000
1990	91	115	1.100

Samanburður á fjölda áfengisverslana og íbúafjölda

	Fjöldi verslana	Fjöldi íbúa 15 ára og eldri á hverja áfengisverslun
1950	6	17.000
1955	3	35.000
1960	5	23.000
1965	7	18.000
1970	9	15.000
1975	9	17.000
1980	9	19.000
1985	12	15.000
1990	19	10.000

Skráð sala af hreinu áfengi á íbúa 15 ára og eldri 1970-1990 og spá um sölu samkvæmt ráðstöfunartekjum

